

**SKOÐUN** Vonandi ná flestir að standa við áramótaheitin, skrifar Teitur Guðmundsson læknir. 17



**MENNING** Íslenskur veruleiki átti upp á pallborðið hjá leikhúsgestum árið 2012. 22



**SPORT** Ólafur Stefánsson verður ekki með íslenska handboltalandsliðinu á HM á Spáni í janúar. 30





# FRÉTTABLAÐIÐ

Föstudagur
28. desember 2012
304. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


**FRÉTTIR**



### Snjóflóðahætta á Ísafirði

Mikið fannfergi er á Vestfjörðum eftir samfellda úrkomu í sólarhring. Mörg snjóflóð hafa fallið og björgunarsveitir hafa haft í nógu að snúast. Mjög illa spáir í kvöld og laugardag. 4

**Rauðkál í baunadós** Sigurgeir Finnsson varð hvumsa þegar hann fann rauðkál í baunadósinni á aðfangadag. 2

**100 milljónir í mengunarskatt** Stóriðjan þarf að kaupa losunarheimildir um áramót samkvæmt kerfi ESB. 10

**Kreppur og rembingur ríkja** Í kreppum samtímans árar illa fyrir alþjóðlega samvinnu, skrifar Jón Ormur Halldórsson. 12




16

| | | | |
|---|---|---|---|
| Bolungarvík | 0° | NA | 15 |
| Akureyri | -1° | A | 7 |
| Egilsstaðir | 1° | SA | 8 |
| Kirkjubæjarkl. | 4° | SA | 11 |
| Reykjavík | 3° | SA | 8 |

**VERSNAR NV-TIL** Austan 8-15 m/s í dag og úrkoma með köflum en gengur í norðaustan 18-25 m/s á Vestfjörðum með ofankomu í kvöld. 4

**4 SÉRBLÖÐ**

Markaðurinn | Lífið | Flugeldar
Fólk




# Tólf vogunarsjóðir eiga um þriðjung krafna á Kaupþing

Níu vogunarsjóðir sem eru á meðal stærstu kröfuhafa Kaupþings eiga líka stórar kröfur á Glitni. Tveir sjóðir, Burlington og York, eiga um 500 milljarða króna kröfur á bankana tvo. Kröfurnar hafa margfaldast í virði.

**VIÐSKIPTI** Tólf vogunarsjóðir eða aðrir fjárfestingasjóðir eiga þriðjung allra krafna í þrotabú Kaupþings. Níu þeirra eru einnig á meðal stærstu kröfuhafa Glitnis.

Tveir vogunarsjóðir, Burlington Loan Management og York Global Finance Offshore BDH, eiga samþykktar kröfur á Kaupþing og Glitni upp á samtals 511 milljarða króna. Þetta kemur fram í yfirliti yfir stærstu kröfuhafa Kaupþings og Glitnis sem Fréttablaðið fékk afhent í gær. Umfang krafna miðast við nóvemberlok. Verði nauðasamningar bankanna tveggja samþykktir munu kröfur þessara aðila breytast í eignarhluti í nýjum eignastýringarfélögum. Á meðal eigna þeirra verða Arion banki og Íslandsbanki.

Í yfirlitinu yfir stærstu kröfuhafa Kaupþings kemur fram að 23 aðilar eigi 57 prósent allra samþykktra krafna í bú Kaupþings, en þær nema um 2.780 milljörðum króna. Vert er að taka fram að Fréttablaðið hefur ekki undir höndum upplýsingar um eigendur þeirra krafna sem út af standa, en þeir eru rúmlega þrettán þúsund talsins.

Sjóður í stýringu York Capital Management, tuttugasta stærsta vogunarsjóðs Bandaríkjanna, er stærsti einstaki kröfuhafinn með 7,13 prósent allra samþykktra krafna. York er líka á meðal stærstu kröfuhafa Glitnis. Sjóðurinn hefur keypt kröfur fyrir tugi milljarða króna á undanförnum tveimur árum.

Þar á eftir kemur þýski bankarisinn Deutsche Bank í London með 5,5 prósent og Seðlabanki Íslands með 4,94 prósent allra krafna.

Burlington er fimmti stærsti kröfuhafi Kaupþings með 3,92 prósent allra krafna. Hann er einnig langstærsti einstaki kröfuhafi Glitnis með 8,46 prósent allra krafna.

Búist er við því að heimtur úr þrotabúi Kaupþings verði um 25 prósent. Því geta kröfuhafar Kaupþings búist við því að fá um 695 milljarða króna í sinn hlut. Í nóvember 2008, áður en vogunarsjóðir hófu að kaupa upp kröfur á föllnu íslensku bankana, var virði þessara sömu krafna metið á 184 milljarða króna. Það hefur því tæplega fjórfaldast á fjórum árum. Á sama tíma hafa kröfur á Glitni nífaldast í virði. – þsj / sjá síðu 8

**500**

Tveir sjóðir eiga 500 milljarða kröfu í þrotabú Íslandsbanka og Kaupþings.



**FLUGELDASALA AÐ HEFJAST** Félagar í Hjálparsveit skáta í Kópavogi voru í óðaönn að undirbúa flugeldasöluna þegar ljósmyndara Fréttablaðsins bar að garði. Flugeldasalan hefst í dag og eru sölustaðir björgunarsveitanna opnir frá 10 til 22 til 30. desember. Á gamlársdag eru þeir opnir frá 10.00 til 16.00. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Ólafur Darri í útrás:

## Með tvö tilboð frá Hollywood

**LEIKLIST** „Það er ofboðslega gaman að fá svona tækifæri og lítast svona vel á verkefnin sem um ræðir eins og raunin er með þessi,“ segir leikarinn Ólafur Darri Ólafsson.



ÓLAFUR DARRI ÓLAFSSON

Honum hafa verið boðin hlutverk í tveimur Hollywood-verkefnum. Annað þeirra er kvikmyndin A Walk Among the Tombstones, sem er leikstýrt af Scott Frank og með Liam Neeson í aðalhlutverki.

Hitt er í nýjum sjónvarpsþáttum, True Detectives, með þeim Woody Harrelson og Matthew McConaughey í aðalhlutverkum. –trs / sjá síðu 34

Viðskiptaárið 2012 er gert upp í áramótablaði Markaðarins:

## Björgólfur viðskiptamaður ársins

**VIÐSKIPTI** Fjölskipuð dómnefnd Markaðarins hefur valið Björgólf Jóhannsson, forstjóra Icelandair Group, mann ársins í íslensku viðskiptalífi.

Þá valdi dómnefndin söluna á Íslenskri erfðagreiningu til bandaríska líftækni- og lyfjafyrirtækisins Amgen viðskipti ársins og hlutabréfaútboð Eimskips umdeildustu viðskipti ársins.

Í kjöri dómnefndar á viðskiptamanni ársins fékk Kári Stefánsson, forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar, næstflest atkvæði. Í þriðja sæti í kjörinu var Janne Sigurðsson, forstjóri Alcoa Fjarðaráls.

Í 2. - 3. sæti yfir viðskipti ársins voru kaup



BJÖRGÓLFUR JÓHANNSSON

Icelandair á nýjum þotum og kaup Watson Pharmaceuticals á Actavis Group.

Icelandair Group undirritaði viljayfirlýsingu um að bæta tólf flugvélum frá Boeing við flugflota sinn.

Framkvæmd útboðs á hlutabréfum í Eimskip í aðdraganda skráningar félagsins á markað eru verstu og/eða umdeildustu viðskipti ársins 2012 að mati dómnefndarinnar.

Fjallað er ítarlega um verðlaunahafa ársins og aðra sem komu til greina í áramótaútgáfu Markaðarins sem fylgir Fréttablaðinu í dag. Þá er þar einnig að finna erlendan viðskiptaannál ársins og viðtal við Leif B. Dagfinnsson, framleiðanda hjá kvikmyndafyrirtækinu True North, þar sem kvikmyndaárið mikla 2012 er gert upp. - mþl







## SPURNING DAGSINS



Kristín, verður þetta kannski línudans?

**„Já, það verður línudans en engin hætta á ferðinni.“**

Blásið verður til sirkuslistahátíðar í Vatnsmýrinni næsta sumar. Kristín Scheving er einn aðstandenda verkefnisins.

Mahmoud Ahmadinejad rekur heilbrigðisráðherrann sinn í kjölfar gagnrýni á lyfjaskort:

# Eini kvenráðherrann í sögu Írans settur af

**ÍRAN** Mahmoud Ahmadinejad, forseti Írans, rak í gær eina kvenráðherrann úr ríkisstjórn sinni í kjölfar gagnrýni á fjárskort til lyfjakaupa.

Marzieh Vahid Dastjerdi er fyrsta og eina konan sem gegnt hefur ráðherraembætti í Íran. Hún var skipuð heilbrigðisráðherra 2009.

Ahmadinejad gaf enga opinbera skýringu á brottrekstrinum en hann var þó strax settur í samhengi við nýlega gagnrýni Dastjerdi á lyfjaskort í landinu. Hún hafði meðal annars farið fram á að fá að hækka lyfjaverð til að koma í veg fyrir að fólk hamstraði.

Í nóvember lét Dastjerdi hafa eftir sér að einungis fjórðungur þess fjármagns sem eyrnamerkt hefði verið lyfjakaupum hefði skilað sér á þessu ári og að gjaldeyri skorti til kaupanna. Ahmadinejad hafnaði þessu og sagði að nægu fjármagni hefði verið varið til lyfjakaupa.

Íranar eru beittir viðskiptaþvingunum um þessar mundir, sem hefur bein áhrif á möguleika þeirra til að afla sér lyfja. Þvinganirnar ná reyndar ekki til lyfjanna sjálfra, en hömlur á fjármagnsflutninga gera þeim erfitt fyrir. - sh



**REKIN** Marzieh Vahid Dastjerdi er ósátt við lyfjaskort í Íran. NORDICPHOTOS/AFP



**MIKIL REIÐI** Fjölmennt lögreglu- og herlið hefur reynt að halda mótmælendum í Nýju-Delí í skefjum. NORDICPHOTOS/AFP

Forsætisráðherra Indlands heitir aðgerðum:

# Lofar að vernda konur Indlands

**INDLAND, AP Manmohan Singh, forsætisráðherra Indlands, heitir því að grípa til aðgerða til að vernda konur landsins eftir hrottafengna hópnauðgun og líkamsárás í strætisvagni í Nýju-Delí fyrr í mánuðinum.**

**Flogið var með konuna sem ráðist var á, sem er 23 ára, til Singapúr í gær þar sem gert verður að alvarlegum innvortis áverkum sem hún hlaut í árásinni.**

**Nauðgunin hefur leitt til fjölmennra mótmæla um allt Indland undanfarna daga. Fólk hefur þust út á götur og krafist þess að yfirvöld grípi til aðgerða gegn kynbundnu ofbeldi og áreitni sem indverskar konur verða fyrir í sífellu og er sjaldnast kært.**

**Sumir mótmælendur hafa kallað eftir dauðadómi eða vönun nauðgara. Þeir geta nú átt yfir höfði sér lífstíðardóm.** - sh

## DÓMSMÁL

### Dómur í Vafningsmáli í dag

Dómur verður kveðinn upp í Vafningsmáli sérstaks saksóknara í Héraðsdómi Reykjavíkur klukkan tvö í dag. Í málinu eru Lárus Welding, fyrrverandi forstjóri Glitnis, og Guðmundur Hjaltason, fyrrverandi yfirmaður fyrirtækjasviðs bankans, ákærðir fyrir umboðssvik með tíu milljarða lánveitingu til Milestone. Farið var fram á fimm og hálfs og fimm ára fangelsisdóma yfir þeim.

## LÖGREGLUMÁL

### Drukkinn stal barnavagni

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu lýsti í gær eftir eiganda barnavagns sem fundist hafði heima hjá karlmanni á þrítugsaldri í vesturborginni. Maðurinn rifjaði upp að hann hefði drukkið ótæpilega á Þorláksmessu og líklega stolið vagninum í ölæði, og vildi biðja eiganda vagnsins afsökunar.

Síminn ekki einkamál barna:

# Mega sjá gögn um börnin sín

**PERSÓNUVERND Almennt eiga foreldrar rétt á að fá hjá símafyrirtækjum upplýsingar um notkun á svokölluðum frelsisnúmerum sem börn þeirra kunna að vera skráð fyrir. Þetta kemur fram í leiðbeinandi svari Persónuverndar til fjarskiptafyrirtækis.**

**„Ávallt þarf þó að líta til aldurs barns og þroska og meta hvenær það getur einnig farið sjálft með upplýsingarétt sinn,“ segir einnig í svarinu og bent á að samkvæmt barnaverndarlögum beri foreldrum „að hafa samráð við barnið áður en málefnum þess er ráðið til lykta“ eftir því sem aldur og þroski þess gefi tilefni til. „Skuli afstaða barns fá aukið vægi eftir því sem það eldist og þroskist.“** - óká

# Rauðkál í rangri dós vakti kátínu á jólum

Sigurgeir Finnsson segist hafa orðið hvumsa þegar grípa átti til grænu baunanna með jólasteikinni á aðfangadagskvöld. Í dósinni hafi verið rauðkál en ekki baunir. Aldrei gerst áður, segir framkvæmdastjóri Ora og efast því baunadósinni var hent.

**IÐNAÐUR** „Mér brá náttúrulega en sá strax að þetta var bara rauðkál í vitlausri dós,“ segir Sigurgeir Finnsson, sem kveðst hafa uppgötvað óvænt innihald í hálfdós af grænum baunum.

Sigurgeir opnaði grænubaunadósina rétt áður en sest var að jólasteikinni á heimili hans á Laugarnesvegi. Alveg frá því dósin var tekin úr hillunni í Krónunni á Bíldshöfða tveimur dögum fyrir jól kveðst Sigurgeir hafa reiknað með að í henni væru grænar baunir.

„Í grænubaunadósinni var bara rauðkál en við áttum nóg af rauðkáli,“ segir Sigurgeir og þvertekur fyrir að uppákoman hafi sett fjölskylduna úr jafnvægi. Fjórir fullorðnir og tvö börn hafi setið til borðs þetta kvöld. „Við höfðum líka keypt eina litla kvartdós. Sem betur fer voru grænar baunir í henni og það var alveg nóg.“

Sigurgeir segir dósina hafa litið alveg eðlilega út; hann hafi ekki séð nein merki um að átt hafi verið við umbúðirnar á nokkurn hátt. „Fyrst og fremst var þetta fyndið; að opna dós sem maður heldur að í séu grænar baunir en svo er bara eitthvað allt annað í dósinni. Það skellihlógu allir að þessu,“ segir hann.

Sigurður Halldórsson, framleiðslustjóri Ora, segist ekki hafa fengið ábendingar um fleiri dósir með röngu innihaldi. Framleiðsluferlið sé þannig að einn vagn með 600 dósum gæti hafa verið rangt merktur. „En ef það koma ekki fleiri kvartanir myndi maður álykta að þetta væri eitthvert einstakt óhapp,“ segir Sigurður.




**RAUÐKÁL Í BAUNADÓS** Svona leit baunadósin út þegar Sigurgeir opnaði hana á aðfangadag.

Fyrir þessi jól voru að sögn Sigurðar framleiddar á milli þrjú og fjögur hundruð þúsund dósir af grænum baunum hjá Ora. „Einhvers staðar í látunum hefur þetta gerst. Við tökum það alvarlega og þykir alltaf vænt um að fólk láti okkur vita af slíku.“



**LEIFUR ÞÓRSSON**

Sigurgeir segir dósinni óvenjulegu hafa verið hent. Leifur Þórsson, framkvæmdastjóri Ora, setur því fyrirvara við frásögnina. „Við erum mjög ábyrgur matvælaframleiðandi og tökum öllu svona mjög alvarlega og viljum fá uppgefið lotunúmer til að geta rannsakað málið en því miður er það ekki til. Ég er ekki að sjá fréttagildið í þessu og því síður grínið,“ segir Leifur sem kveðst ekki vita til þess að nokkurt slíkt tilvik hafi komið upp áður hjá Ora.

> **Í grænubaunadósinni var bara rauðkál en við áttum nóg af rauðkáli.**
>
> *Sigurgeir Finnsson*

gar@frettabladid.is

**Jólaskeiðin 2012**

*Íslensk hönnun*
*Síðan 1946*



*Af gefnu tilefni viljum við árétta að íslenska jólaskeiðin hefur verið framleidd árlega frá 1946 og er hún eingöngu seld í versluninni við Skólavörðustíg. Skeiðin er hönnuð af sonardóttur Guðlaugs, Hönnu Sigríði Magnúsdóttur sem hefur jafnframt persónulega umsjón með framleiðslu skeiðarinnar. Guðlaugur A Magnússon er skrásett vörumerki okkar sem auðkennir hverja jólaskeið sem fyrirtækið hefur framleitt síðan 1946.*

*Smíðuð úr 925 sterling silfri með 24kt gyllingu*

**Guðlaugur A Magnússon**
Skólavörðustíg 10
101 Reykjavík
www.gam.is

Eftirspurn eftir neyðarpillu eykst í kringum alla hátíðardaga:

# Neyðarpillan nánast uppseld

**HEILBRIGÐISMÁL** Erfitt hefur verið að fá svokallaða neyðarpillu á landinu síðustu daga. Pillan var ófáanleg hjá dreifingaraðila og hafði klárast í nokkrum apótekum í gær.

Þótt neyðarpillan, sem kallast Postinor, hafi verið ófáanleg í einhverjum apótekum var yfirleitt hægt að vísa einstaklingum í önnur apótek. „En það hefur komið fyrir að það hafi leitað hingað konur en orðið frá að hverfa því pillan var ekki fáanleg,“ segir starfsmaður í Lyfju í Lágmúla en þar kláraðist pillan í gær. „Þetta er svolítið bagalegt,“ bætir hann við.

Samkvæmt upplýsingum frá dreifingaraðilanum Parlogis skilaði ný sending af neyðarpillunni sér til landsins í gær og verður líklega komin í öll helstu apótek í dag. „Það verða kannski ekki allir staðir úti á landi komnir með þetta á morgun, en vonandi einhverjir,“ segir Sigríður María Reykdal hjá innflutningsaðilanum Parlogis. Breyta þurfti pakkningum lyfsins og nokkurn tíma tók að fá umbúðirnar samþykktar. Það skýrði þennan tímabundna skort á getnaðarvörninni, sem bar upp á fremur óheppilegum tíma því eins og Sigríður orðar það pent „eykst eftirspurnin eftir þessari pillu í kringum alla hátíðardaga, hvort sem það eru jólin, áramót, verslunarmannahelgin eða eitthvað annað.“

Starfsmenn í lyfjabúðum voru enda farnir að hafa áhyggjur af skortinum. „En þetta olli ekki verulegum vandræðum í þetta sinn,“ segir Sigríður.

Til þess að neyðarpillan virki er nauðsynlegt að taka hana innan 72 tíma frá samræði en æskilegt er að gera það sem allra fyrst. - bb




**POSTINOR** Hér gefur að líta gamlar umbúðir utan af Postinor-neyðarpillunni, sem er svo vinsæl um jólin.

# Staðreyndir um veiðigjald

- Veiðigjald er skattur sem lagður er á hvert kíló af fiski sem er veiddur af íslenskum skipum hvort sem fiskurinn er veiddur innan íslenskrar landhelgi eða utan íslensku landhelginnar.
- Gjaldið er ákveðið einu sinni á ári í upphafi fiskveiðiárs.
- Hver fisktegund sem er veidd af íslenskum skipum hefur svokallaðan þorskígildisstuðul. Þorskígildistuðull fyrir þorsk fær alltaf stuðulinn einn. Aðrar tegundir fá stuðul sem metin er út frá aflaverðmæti hverrar tegundar gagnvart aflaverðmætum þorsks. Ekkert tillit er tekið til veiðikostnaðar eða hvort tegund er landað ferskri til framhaldsvinnslu eða sem frosinni afurð til útflutnings.

Eftirfarandi tafla sýnir hvernig veiðigjald miðast fyrst og fremst við aflaverðmæti sem endurspeglar illa útflutningsverðmæti tegundarinnar. Dæmi að veiðigjald grálúðu er 982 milljónir en útflutningsverðmæti er 8 milljarðar, veiðigjald loðnu er 977 milljónir en útflutningsverðmæti er 18,3 milljarðar.

| Tegund | Þorskígildis-stuðull | Veiðigjald per kg. | Afli í tonnum 2011 | Veiðigjald samtals | Aflaverðmæti 2011 | Útflutnings-verðmæti 2011 | Veiðigjald sem hlutfall af útflutningsverðmæti |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Þorskur | 1,00 | 32,70 | 153.055 | 5.004.889 | 46.387.130 | 77.162.000 | 6,5% |
| Ýsa | 0,92 | 30,08 | 43.078 | 1.295.950 | 11.992.052 | 16.129.900 | 8,0% |
| Ufsi | 0,73 | 23,87 | 42.407 | 1.012.307 | 9.139.463 | 12.556.600 | 8,1% |
| Gullkarfi | 0,82 | 26,81 | 43.646 | 1.170.324 | 11.799.835 | 13.180.474 | 8,9% |
| Djúpkarfi | 1,03 | 33,68 | 11.737 | 395.314 | 3.173.139 | 3.173.158 | 12,5% |
| Úthafskarfi | 1,09 | 35,64 | 12.066 | 430.068 | 4.027.868 | 4.027.868 | 10,7% |
| Langa | 0,59 | 19,29 | 8.788 | 169.547 | 1.248.146 | 3.074.800 | 5,5% |
| Keila | 0,39 | 12,75 | 5.599 | 71.403 | 630.772 | 1.072.600 | 6,7% |
| Steinbítur | 0,85 | 27,80 | 9.892 | 274.995 | 2.713.657 | 5.027.600 | 5,5% |
| Skötuselur | 1,74 | 56,90 | 2.904 | 165.255 | 1.589.168 | 1.503.100 | 11,0% |
| Grálúða | 2,47 | 80,77 | 12.158 | 981.973 | 7.634.615 | 8.009.500 | 12,3% |
| Skarkoli | 0,74 | 24,20 | 4.549 | 110.095 | 1.068.157 | 970.200 | 11,3% |
| Gulllax | 0,57 | 18,64 | 10.515 | 195.989 | 1.434.269 | 1.462.600 | 13,4% |
| Síld | 0,20 | 7,40 | 75.818 | 561.053 | 5.632.364 | 9.261.760 | 6,1% |
| Norsk-íslensk Síld | 0,25 | 9,25 | 126.686 | 1.171.846 | 8.832.640 | 14.832.640 | 7,9% |
| Loðna | 0,08 | 2,96 | 330.157 | 977.265 | 10.239.318 | 18.349.400 | 5,3% |
| Makríll | 0,36 | 13,32 | 158.895 | 2.116.481 | 18.112.624 | 24.134.900 | 8,8% |
| Kolmunni | 0,10 | 3,70 | 5.887 | 21.782 | 257.451 | 446.300 | 4,9% |
| Samtals | | | 1.057.837 | 16.126.472 | 145.912.668 | 214.375.400 | 7,5% |
| | | | | *(16,1 milljarður)* | *(146 milljarðar)* | *(214 milljarðar)* | |

- Veiðigjaldið hefur ekkert með afkomu hvers fyrirtækis að gera.
- Veiðigjaldið breytist ekkert innan ársins sama hvort afurðaverð hækkar eða lækkar.
- Veiðigjaldið er lagt á hvort sem einstakt fyrirtæki skilar hagnaði eða tapi.
- Þorskígildisstuðlar sem eru grunnurinn að því hvernig veiðigjaldið er lagt á skip en eru í engum raunveruleika við framlegð eða hagnað af veiðum hverrar fisktegundar.
- Fisktegundir sem eru unnar úti á sjó lenda í háum skatti meðan aðrar fisktegundir sem eru unnar í landi greiða lægra veiðigjald.
- Afleiðingarnar við að nota rangann grunn við þessa skattlagningu eru að fiskveiðiskipum sem vinna aflann úti á sjó mun fækka á næstu misserum.

Hér til hliðar er dæmi um hvað verður um aflaverðmæti gulllax á frystiskipi og hvað ríkið tekur mikið af hverjum kostnaðarlið útgerðarinnar.

| | Útgerð | Ríkið |
|---|---|---|
| Tekjur | 140 kr/kg | |
| Laun | 56 kr/kg | 22,4 kr/kg |
| Olía | 42 kr/kg | 4,2 kr/kg |
| Veiðarfæri | 10 kr/kg | 1 kr/kg |
| Umbúðir | 7,5 kr/kg | 1 kr/kg |
| Hafnargjöld | 1,4 kr/kg | 1 kr/kg |
| Löndun | 5 kr/kg | 1 kr/kg |
| Viðhald | 10 kr/kg | 3 kr/kg |
| Annað | 7,5 kr/kg | 3 kr/kg |
| Veiðigjald | 18,6 kr/kg | 18,6 kr/kg |
| Samtals | -18 kr/kg | 55,2 kr/kg |

Þetta dæmi sýnir vel hvað ríkið fyrir hönd þjóðarinnar er að fá út úr hverju kg af veiddum gulllax. Þarna er ekkert eftir fyrir útgerðina og þar af leiðandi mun þessum veiðum verða sjálfhætt, verði þetta raunveruleikinn.

Sókn á erlend mið mun minnka. Íslendingar munu ekki eiga stór og öflug frystiskip sem geta sótt á fjarlæg mið.

Í allri umræðunni er alltaf talað um framlegð sjávarútvegs. Fjölmiðlar, ráðamenn þjóðarinnar, forustumenn stéttarfélaga sjómanna og margir fræðimenn gera engan greinarmun á framlegð annars vegar og svo hagnaði hins vegar.

Til að veiða 1 milljón tonna af fiski, vinna allan þennan afla í verðmætar afurðir þarf fjárfestingu. Skip, vélar, tæki og fiskvinnsluhús.

Þegar framlegð sjávarútvegs er reiknuð á eftir að greiða fyrir þessa fjárfestingu, það er skipin, vélar og tæki, húsin í landi.

Það sem er mjög einkennilegt við þessi veiðigjöld sem eru lögð á núna er að þau eru aðeins lögð á útgerð á íslandi en helmingurinn af allri framlegð í íslenskum sjávarútvegi myndast í fiskvinnslunni.

Þau fyrirtæki sem eru aðeins í útgerð lenda mjög illa í þessum veiðigjöldum. Þar sem þorskígildisstuðlarnir eru ónothæfir sem gjaldstofn fyrir veiðigjaldi.

## Margir aðilar málsins hafa brugðist

- Ráðamenn þjóðarinnar hafa brugðist í þessu máli. Hófleg og sanngjörn skattlagning er lykilatriði í velferð flestra þjóða.
- Forustumenn sjómanna hafa brugðist, þeir halda enn að þetta sé skattur á hvert fyrirtæki eftir afkomu hvers og eins fyrirtækis.
- Fræðimenn úr okkar háskólasamfélagi hafa brugðist, margir þeirra og sérstaklega þeir sem eru hliðhollir stjórnvöldum hafa mælt með þessari aðferð án þess að upplýsina almenning um afleiðingar.
- Fjölmiðlar hafa brugðist þar sem þeir hafa ekki kynnt sér þetta nógu vel og rannsakað afleiðingar þess.
- Forustumenn atvinnulífsins hafa brugðist þar sem þeir hafa ekki gert sér grein fyrir alvarleika þessa máls og afleiðingum þess.




BRIM




## GENGIÐ 27.12.2012

| | | |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 126,98 | 127,58 |
| Sterlingspund | 205,53 | 206,53 |
| Evra | 168,37 | 169,31 |
| Dönsk króna | 22,566 | 22,698 |
| Norsk króna | 22,789 | 22,923 |
| Sænsk króna | 19,511 | 19,625 |
| Japanskt jen | 1,4798 | 1,4884 |
| SDR | 195,67 | 196,83 |

**GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR** 230,8979

Búið að birta lista yfir skemmtiferðaskip sem ætla til Ísafjarðar á næsta ári:

# 40 þúsund manns til Ísafjarðar

**ÍÐNAÐUR** Búist er við því að um 40 þúsund manns komi til Ísafjarðar með skemmtiferðaskipum næsta sumar. Ísafjarðarbær hefur gefið út lista yfir þau skip sem munu leggja leið sína þangað.

Alls hafa 38 skemmtiferðaskip boðað komu sína til Ísafjarðar árið 2013. Þau voru 32 í ár. Skipin sem koma næsta sumar eru stærri og þyngri en í ár, sem þýðir að af þeim eru innheimt hærri hafnargjöld og tekjur bæjarins aukast.

„Tekjurnar munu aukast verulega. Tekjur hafnarinnar markast helst af stærð skipanna og skipafélögin eru rukkuð eftir stærð þeirra. Á milli ára, 2012 og 2013, förum við úr rúmlega milljón tonnum í heildarstærð skipa yfir í eina milljón og 400 þúsund tonn,“ er haft eftir Guðmundi M. Kristjánssyni, hafnarstjóra Ísafjarðarhafna, á vefnum bb.is.

Tekjur hafnarsjóðsins af komu skemmtiferðaskipa námu 32 milljónum króna á árinu sem er að líða, en gert er ráð fyrir því að þær nái yfir 40 milljónir á næsta ári. - þeb



**ÍSAFJÖRÐUR** Búist er við að um 40 þúsund manns komi til Ísafjarðar með 38 skemmtiferðaskipum næsta sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Fjárhaldsstjórn sett af:

# Bjartara yfir Álftnesingum

**ÁLFTANES** Lokið er fjárhagslegri endurskipulagningu sveitarfélagsins Álftaness og hefur innanríkisráðherra leyst frá störfum fjárhaldsstjórn sem skipuð var til að annast verkefnið.

Fjárhaldsstjórnin annaðist meðal annars samninga við lánardrottna og jafnframt kom fram tillaga sveitarfélagsins um sameiningu sveitarfélagsins við Garðabæ, sem var samþykkt í báðum sveitarfélögunum í haust.

Leiðtogi heittrúargyðinga:

# Saxar á fylgi Netanjahús

**ÍSRAEL, AP** Naftali Bennett, fertugur sonur bandarískra innflytjenda, dregur nú til sín fylgi í stórum stíl frá Benjamín Netanjahú, forsætisráðherra Ísraels. Rúmar þrjár vikur eru til kosninga.



**NAFTALI BENNETT**

Bennett er leiðtogi flokks heittrúaðra gyðinga á hægri væng stjórnmálanna, algerlega andvígur því að Palestínumenn fái að stofna sjálfstætt ríki og eindreginn stuðningsmaður þess að ísraelskir landtökumenn byggi meira á herteknu svæðunum.

Hann er fyrrverandi samherji Netanjahús, en sakar hann nú um að koma ekki hreint fram. - gb

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Lýst eftir Stebba og vitnum

Tvær líkamsárásir voru framdar á skemmtistaðnum Hvíta húsinu á Selfossi aðfaranótt fimmtudags. Lögregla leitar þrekvaxins manns með axlasítt hár sem kallaður er Stebbi og var klæddur köflóttri skyrtu með græna derhúfu. Hann mun hafa lamið annan með flösku. Þá er óskað eftir vitnum að því þegar ókunnur maður braut tönn í dyraverði.

### Rótuðu í smíðastofunni

Tveir fimmtán ára piltar brutust inn í Stóru-Vogaskóla á Vatnsleysuströnd á miðvikudag. Lögreglumaður á frívakt sá þá skríða inn um glugga sem þeir höfðu brotið með grjóti og gerði hann kollegum sínum viðvart. Piltarnir voru gripnir í smíðastofunni, þar sem þeir voru að róta til. Málið var tilkynnt til barnaverndarnefndar.



**VIÐSNÚNINGUR** Sífellt fleiri Danir snúa baki við reykingum.

Jákvæðar heilsufréttir:

# Danir drepa í sem aldrei fyrr

**HEILSA Þótt Danir reyki enn nokkuð meira en gengur og gerist í nágrannalöndum þeirra er útlitið í þeim efnum jákvætt. Í frétt Berlingske kemur fram að um 120.000 Danir hafi drepið í þetta árið og hafa aldrei eins fáir reykt.**

**Hlutfall fólks yfir 15 ára sem reykir daglega er nú sautján prósent og þeir sem reykja sjaldnar eru fimm prósent. Þetta er lækkun um eitt prósentustig milli ára í hvorum flokki.**

**Rannsóknin sýnir jafnframt að 39 prósent Dana hafi reykt á lífsleiðinni, en geri það ekki lengur.** - þj

Vestlendingur ársins valinn:

# Vilhjálmur er vinsælastur

**VESTURLAND** Vilhjálmur Birgisson, verkalýðsforkólfur af Akranesi, er Vestlendingur ársins, að mati lesenda staðarblaðsins Skessuhorns.

Blaðið hefur staðið fyrir vali á Vestlendingi ársins undanfarin fjórtán ár. Í þetta sinn bárust fjölmargar tillögur og alls voru 24 tilnefndir. Af þeim hlaut Vilhjálmur, sem er formaður Verkalýðsfélags Akraness, langflestar tilnefningar. - sh

# Snjóflóð í fannfergi og spáð er stórhríð

Gríðarlegt fannfergi er á Vestfjörðum eftir nánast samfellda úrkomu í sólarhring. Flestir vegir eru lokaðir vegna snjóa. Mörg snjóflóð hafa fallið. Björgunarsveitir áttu annasaman dag. Samkvæmt veðurspá er aðeins um forsmekkinn að ræða.

**VEÐUR** Snjó kyngdi niður á Vestfjörðum klukkustundum saman síðasta sólarhring og fjöldi snjóflóða féll, þar á meðal á vegi. Hættu- og óvissustig er í gildi bæði á sunnan- og norðanverðum Vestfjörðum vegna snjóflóðahættu. Hús voru rýmd undir iðnaðarhúsnæðis á Ísafirði. Vegir voru víða lokaðir í gær vegna snjóflóðahættunnar en aðrir voru þung- eða ófærir.

Reimar Vilmundarson, hjá Björgunarfélagi Ísafjarðar, sagði í viðtali við Fréttablaðið í gærkvöldi að björgunarsveitir á svæðinu hefðu frá því um morguninn haft mikið umleikis við að aðstoða fólk vegna ófærðar og fannfergis. Tugir manna hefðu unnið látlaust og öll tæki frá Ísafirði, Hnífsdal, Bolungarvík, Flateyri, Suðureyri og Súðavík verið í fullri notkun. Flestir vegir á svæðinu voru í gær annað hvort þungeða ófærir. Öðrum var lokað vegna snjóflóðahættu, eins og Eyrarhlíðinni á milli Ísafjarðar og Hnífsdals, en umferð var hleypt þar á undir eftirliti um tíma í gærkvöldi.

Reimar sagði að allar aðstæður væru nokkuð sérstakar fyrir vestan því mjög harður snjór var fyrir. „Ef að snjóar hér mjög mikið til viðbótar geta skapast hér alvarlegar aðstæður,“ sagði Reimar spurður út í vangaveltur um að svipaðar aðstæður hefðu verið árið 1995 áður en mannskætt snjóflóð féll á Súðavík í janúar það ár.

Veður var gott í gærkvöldi en í samfelldri snjókomu um daginn hafði víða hlaðist upp snjór. Hjá Veðurstofu Íslands fengust þær upplýsingar að á flestum mælistöðvum hefði jafnfallinn snjór verið 30 til 40 sentímetrar.

Áhyggjur manna fyrir vestan beinast þó að því sem fram undan er, að sögn Reimars. „Samkvæmt spá má fullyrða að á Vestfjörðum verði engar samgöngur frá því annað kvöld [í kvöld] og allan laugardaginn. Ekki þá nema vegna sérstakra aðstæðna, neyðartilfella eða þess háttar. Ef það verður þá hægt.“

Þær upplýsingar fengust frá Veðurstofunni í gær að veðurútlit væri mjög ljótt. Samhliða mikilli veðurhæð mun fylgja mikil snjókoma. Gefin hefur verið út viðvörun vegna veðurhorfa í kvöld og spáir norðanstormi eða ofsaveðri á morgun laugardag; hvassast á landinu norðvestanverðu og stórhríð á norðanverðu landinu.

svavar@frettabladid.is



**HAFNARSTRÆTI Í GÆRKVÖLDI** Á Ísafirði var jafnfallinn snjór í gær um 40 sentímetrar en svipaðar tölur voru víða á norðanverðum Vestfjörðum. MYND/ GUNNAR ATLI GUNNARSSON

> **Ef að snjóar hér mjög mikið til viðbótar geta skapast hér alvarlegar aðstæður.**
>
> *Reimar Vilmundarson*
> *Björgunarfélagi Ísafjarðar*






## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




**STORMUR EÐA OFSAVEÐUR** Veður fer versnandi á norðvestanverðu landinu er líður á daginn. Stormur og stórhríð á Vestfjörðum í kvöld og á morgun er búist við ofsaveðri. Einnig eru líkur á mikilli snjókomu og hríðarveðri norðanlands.




**Á morgun**
18-28 m/s, hvassast NV-til.




**Sunnudagur**
10-18 m/s.

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 18° | Billund | 3° | Gautaborg | 1° | London | 13° | Orlando | 20° | San Francisco | 9° |
| Basel | 10° | Frankfurt | 8° | Kaupmannahöfn | 1° | Mallorca | 18° | Ósló | -3° | Stokkhólmur | -4° |
| Berlín | 4° | Friedrichshafen | 6° | Las Palmas | 22° | New York | 4° | París | 11° | | |



**Elísabet Margeirsdóttir**
veðurfréttamaður

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann *atli.bergmann@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*, Elsa Jensdóttir *elsaj@365.is*, Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Sverrir Birgir Sverrisson *sverrirbs@365.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*

# KRÓNAN

# SPRENGI DAGUR

## Aðeins í dag
## í Krónunni Lindum

Vinnur þú:

# Risa flugeldapakka?

**Allir sem versla í Krónunni LINDUM í dag geta unnið Trausta, RISA flugeldapakka frá HJÁLPARSVEIT SKÁTA Í KÓPAVOGI að verðmæti 14.450 kr.**

HJÁLPARSVEIT SKÁTA KÓPAVOGI

## Geymdu strimilinn!

Lukkunúmerið þitt gæti verið á honum. Vinningsnúmer verða birt á heimasíðu Krónunnar á morgun, laugardag.




## 20 pakkar í boði

**Nýr sölustaður, Lindir Kópavogi**

HJÁLPARSVEIT SKÁTA KÓPAVOGI



## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Í hvaða landi var lengsta háhraðalest heims nýlega tekin í notkun?
**2.** Hver er fangelsismálastjóri?
**3.** Markamet hvers sló Alfreð Finnbogason fyrir skömmu?

**SVÖR:**

**1.** Í Kína **2.** Páll Winkel **3.** Péturs Péturssonar

SA segja stjórnvöld brjóta samkomulag með því að lækka tryggingagjald aðeins um 0,1 prósentustig:

# Taka sex milljarða úr vasa launagreiðenda

**STJÓRNSÝSLA** Stjórnvöld brjóta samkomulag sem gert var við undirritun kjarasamninga með því að lækka tryggingagjald aðeins um 0,1 prósentustig um áramótin að mati Samtaka atvinnulífsins (SA).

Með því að lækka gjaldið minna en efni standa til eru stjórnvöld að skattleggja íslensk fyrirtæki um sex milljarða króna aukalega á komandi ári, segir Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri SA.

„Stjórnvöld ákváðu að þau þyrftu ekki að efna það sem um var talað og að þau gætu notað tryggingagjaldið til að standa undir auknum útgjöldum ríkisins,“ segir Vilhjálmur.

Tryggingagjaldið rennur í Atvinnuleysistryggingasjóð, og var hækkað til að standa straum af kostnaði við aukið atvinnuleysi eftir hrunið. Vilhjálmur segir atvinnurekendur hafa haft skilning á því að gjaldið hafi þurft að hækka, en það hafi verið gert með þeim formerkjum að það myndi lækka þegar aftur færi að draga úr atvinnuleysi.

**7,69%**
tryggingagjald er greitt af heildarlaunum allra launamanna.

SA reiknuðu með 0,75 prósentustiga lækkun á tryggingagjaldinu um áramótin. Lækkunin átti að standa undir umsaminni 3,25 prósenta launahækkun í byrjun febrúar. Vilhjálmur segir alveg ljóst að launahækkun umfram getu launagreiðenda muni hækka verðbólgu í landinu. Þá muni fyrirtækin hafa minna svigrúm til að ráða nýja starfsmenn. Tryggingagjald að meðtöldu markaðsgjaldi og gjaldi í Ábyrgðasjóð launa verður 7,69 prósent á næsta ári, en er 7,79 prósent á árinu sem nú er að líða.

Ekki náðist í Katrínu Júlíusdóttur fjármálaráðherra við vinnslu fréttarinnar.
- bj

**LÆKNASTOFA**

**Hef hætt störfum á Læknastöð Vesturbæjar**

Aðrir læknar stöðvarinnar munu sinna mínum skjólstæðingum

Starfa áfram á Barnaspítala Hringsins

**Herbert Eiríksson læknir**
Sérfræðingur í barnalækningum, hjartasjúkdómum barna og nýburalækningum

# Aðeins raunverulegt flokksfólk fái að kjósa

Formaður Samfylkingarfélagsins í Reykjavík segir að aðeins fólk sem sannarlega er í flokknum eigi að fá að kjósa formann. Þeir sem greiða ekki félagsgjald fá ekki að kjósa í formannskjöri. Var samþykkt fyrir tveimur árum en tekur gildi nú.

**STJÓRNMÁL** Um áramótin tekur gildi lagabreyting hjá Samfylkingarfélaginu í Reykjavík (SFFR) um að aðeins þeir sem greitt hafa félagsgjald verði fullgildir félagar. Þeir sem ekki greiða félagsgjöldin fyrir áramót fá því ekki að kjósa um formann Samfylkingarinnar í janúar.

„Okkur finnst að það eigi að vera fólk sem er sannarlega Samfylkingarfólk sem hefur áhrif á hverjir eru fulltrúar okkar á þingi og í sveitarstjórnum, að ég tali nú ekki um hver er formaður flokksins,“ segir Anna María Jónsdóttir, formaður Samfylkingarfélagsins.

Lagabreyting þess efnis var samþykkt á aðalfundi félagsins fyrir tveimur árum, en SFFR er eina Samfylkingarfélagið sem hefur þennan háttinn á.

Kjartan Valgarðsson var formaður félagsins þegar breytingin var samþykkt. „Það var og er skoðun meirihluta þeirra sem eru í Samfylkingarfélaginu í Reykjavík að það eigi að fara saman réttindi og skyldur að þessu leyti, eins og í öðrum frjálsum félagasamtökum á Íslandi.“

Anna María tekur undir þetta. „Við erum að setja fordæmi með því að gera greinarmun á stuðningsmönnum og fullgildum félögum. Flestum finnst það sjálfsagt að skyldur fylgi réttindum og það kostar að halda úti stóru félagi.“

Hún segir að félögum hafi verið ljóst lengi að breytingin væri væntanleg. Alltaf hafi staðið til að gefa nýju lögunum aðlögunartíma og taka þau í gildi um áramótin. Þess vegna hafi reglurnar ekki gilt í prófkjöri flokksins í nóvember og ef formannskjörið hefði farið fram fyrir áramót hefðu reglurnar ekki verið komnar í gildi.

Anna segir aðeins þrjár kvartanir hafa borist vegna málsins og sex sagt sig úr félaginu, sem sé eðlilegt. Þá segir hún ákvörðunina ekki snúast um gjald til flokksins vegna landsfundarfulltrúa; greitt verði samkvæmt félagaskránni 1. janúar 2012.

kolbeinn@frettabladid.is



**FLOKKSFORYSTAN** Ekkert Samfylkingarfélag gerði kröfu um að félagar hefðu greitt félagsgjöld til að fá að kjósa formann árið 2009. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

## Ekki í samræmi við hefðir



**MARGRÉT S. BJÖRNSDÓTTIR**

Margrét S. Björnsdóttir, formaður framkvæmdastjórnar Samfylkingarinnar, segir fyrirkomulagið einsdæmi; ekkert annað félag viðhafi sömu reglur. „Ég er mjög ósammála þessari ákvörðun stjórnar félagsins og vona að hún endurskoði hana.“ Hún segir að félagar í SFFR geti gengið í önnur Samfylkingarfélög í Reykjavík þar sem félagsgjöldin eru valkvæð.

Margrét segir ákvörðunina ekki í samræmi við þær hefðir sem gildi í flokknum, þó félaginu sé í sjálfsvald sett að hafa fyrirkomulagið á þennan máta. „Ég mundi gjarnan vilja beita mér fyrir því sem formaður framkvæmdastjórnar að við fyndum einhverja lausn á þessu sem allir væru sáttir við.“




www.sinfonia.is » Sími: 528 5050

Úthlutanir vegna alþjónustu mun minni en framlög fjarskiptafyrirtækjanna:

# Sjóður safnar milljónatugum

**FJARSKIPTI** Á þeim tólf árum sem Jöfnunarsjóður alþjónustu hefur verið starfræktur hafa safnast í hann 75 milljónir króna í gjöld frá fjarskiptafyrirtækjum umfram arð sem sjóðurinn hefur úthlutað. Þetta kemur fram í nýrri skýrslu Póst- og fjarskiptastofnunar.

Öll fjarskiptafyrirtæki greiða í sjóðinn sem nemur 0,1 prósenti af veltu, en úr honum er veitt til að jafna kostnað vegna alþjónustukvaða. Með alþjónustu er átt við þjónustu sem skal standa landsmönnum til boða óháð búsetu. Til dæmis felst í því almenn talsímaþjónusta, gagnaflutningsþjónusta, aðgangur að símaskrá og fleira. Þau fyrirtæki sem veita alþjónustu í fjarskiptaþjónustu, Síminn, Já, Míla og Neyðarlínan, geta svo sótt um framlag úr sjóðnum til að standa straum af kostnaði við alþjónustu.

**75**
milljónir hafa safnast í Jöfnunarsjóð alþjónustu síðustu 12 ár.

Hingað til hafa fyrirtæki greitt tæpar 573 milljónir króna í sjóðinn, og auk þess lagði ríkið honum til tíu milljónir. Úthlutanir hafa hins vegar numið tæpum 498 milljónum og safnast því fjármunir í sjóðinn.

Póst- og fjarskiptastofnun segir það ekki hlutverk sjóðsins að mynda inneign með þessum hætti, en leggur þó ekki til að gjald í sjóðinn verði lækkað, þar eð enn hafi ekki verið gert upp dómsmál milli sjóðsins og Símans og á meðan sé staða hans ekki að fullu skýr.
- þj



**Í SÍMANUM** Jöfnunarsjóður sem jafnar meðal annars kostnað við að veita talsímaþjónustu um land allt, er rekinn með ágóða og hafa safnast í hann tugir milljóna á tólf árum.




BBC ENTERTAINMENT ER Á STÖÐ 2 FJÖLVARP | FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT Á STOD2.IS


KRAFT
PHILADELPHIA
NYHET • UUTUUS
PHILADELPHIA
Sweet Chili
11% FAT
200g
...á Ritz, Tuc, brauð, í samloku, sósu eða á ostabakka
RJÓMINN Í OSTINUM

## HEIMURINN




### Vilja bráðabirgðastjórn

**1 SÝRLAND** Rússar eru nú komnir á þá skoðun að endurvekja þurfi friðaráætlun frá í sumar, þar sem gert er ráð fyrir að bráðabirgðastjórn taki við völdum í Sýrlandi þangað til kosningar verða haldnar. Lakhdar Brahimi, friðarerindreki Sameinuðu þjóðanna og Arababandalagsins gagnvart Sýrlandi, tekur undir þetta en hann ætlar til Rússlands um helgina. Óljóst er þó enn hvort ráðherrar í stjórn Bashar al Assads Sýrlandsforseta mega sitja í bráðabirgðastjórninni.

### Stjórnarandstaðan rannsökuð

**2 EGYPTALAND** Aðalsaksóknari egypska ríkisins ætlar að hefja rannsókn á því hvort nokkrir helstu leiðtogar stjórnarandstöðunnar hafi gerst sekir um að hvetja til stjórnarbyltingar. Rannsóknin beinist að Mohammed ElBaradei, Amr Moussa og Hamdeen Sabahi, sem allir hafa á síðustu vikum gagnrýnt Mohammed Morsi forseta fyrir að taka sér einhliða nánast alræðisvöld.



### Mæður í haldi á sjúkrahúsi

**3 KENÍA** Að minnsta kosti tvær mæður, sem búa í leirkofum skammt frá fæðingarsjúkrahúsi í Naíróbí í Kenía, segjast ekki mega yfirgefa sjúkrahúsið eftir að hafa fætt þar börn vegna þess að þær hafa ekki getað greitt sjúkrahúsreikninga sína. Lazarus Omondi, forstjóri sjúkrahússins, viðurkennir glæp sinn fúslega og segist ekki geta rekið sjúkrahúsið séu reikningar ekki greiddir.

NÁMSSTYRKIR TIL FRAMHALDSNÁMS ERLENDIS

Viðskiptaráð auglýsir eftir umsóknum um fjóra styrki:

Styrkirnir eru veittir vegna framhaldsnáms við erlenda háskóla í greinum sem tengjast atvinnulífinu og stuðla að framþróun þess. Tveir styrkjanna gera kröfu um nám á sviði upplýsingatækni.

- Hver styrkur er að fjárhæð **krónur 400.000** og verða þeir afhentir á **Viðskiptaþingi**, þann 13. febrúar næstkomandi.
- Umsóknarfrestur rennur út **klukkan 16.00 föstudaginn 25. janúar 2013**.
- Umsóknum skal skilað til Viðskiptaráðs Íslands, Kringlunni 7, 103 Reykjavík.
- Nánar á: **www.vi.is/namsstyrkir**

Viðskiptaráð tekur virkan þátt í uppbyggingu menntunar og er bakhjarl bæði Verzlunarskóla Íslands og Háskólans í Reykjavík.

VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS
ICELAND CHAMBER OF COMMERCE






**KRÖFUHAFAR** Kröfuhafahópur Kaupþings samanstendur annars vegar af vogunar- og fjárfestingasjóðum og hins vegar af bönkum, að mestu erlendum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Burlington og York með háar kröfur

**Tveir vogunarsjóðir eiga kröfur á Kaupþing og Glitni fyrir um 500 milljarða króna. Virði þeirra krafna sem sjóðirnir keyptu hefur margfaldast.**

**VIÐSKIPTI** Stærsti einstaki kröfuhafi í bú Kaupþings er sjóður í stýringu bandaríska vogunarsjóðsfyrirtækisins York Capital Management, 20. stærsta vogunarsjóðs Bandaríkjanna. Samtals á sjóðurinn samþykktar kröfur upp á 198,3 milljarða króna, eða 7,13 prósent allra samþykktra krafna.

Um mitt ár 2010 átti sjóðurinn kröfur upp á 157 milljarða króna og því er ljóst að hann hefur bætt vel við sig á síðustu tveimur árum. York Capital, sem sérhæfir sig í að hagnast á viðskiptum með kröfur á gjaldþrota fyrirtæki, er líka stór kröfuhafi í bú Glitnis. Alls á sjóður í stýringu York 0,58 prósent allra samþykktra krafna í bú Glitnis.

Burlington Loan Management, írskur sjóður í stýringu bandaríska sjóðstýringarfyrirtækisins Davidson Kempner Capital Management, er fimmti stærsti kröfuhafi Kaupþings. Sjóðurinn á samtals kröfur upp á 109 milljarða króna, eða 3,92 prósent allra samþykktra krafna. Burlington átti kröfur upp á 79,5 milljarða króna um mitt ár 2010 og hefur því bætt við sig um 30 milljörðum króna af kröfum síðan þá. Sjóðurinn er langstærsti einstaki kröfuhafi Glitnis með 8,46 prósent allra samþykktra krafna. Heildarumfang krafna hans í bú Glitnis er 191 milljarður króna. Um mitt ár 2010 átti sjóðurinn kröfur á Glitni fyrir 142 milljarða króna og því hefur hann bætt duglega við sig. Burlington er einnig á meðal stærstu eigenda Straums fjárfestingabanka og Klakka, sem áður hét Exista.

Sjóðirnir hafa keypt kröfur sínar á brotabroti af nafnvirði þeirra á undanförnum árum. Þegar skuldatryggingar íslensku bankanna voru gerðar upp í nóvember 2008 voru væntar endurheimtur mjög lágar. Hjá Glitni voru þær áætlaðar um þrjú prósent en hjá Kaupþingi um 6,6 prósent. Erlend tryggingafélög sem höfðu selt skuldatryggingar á íslensku bankana sátu uppi með þessi bréf og seldu flest þeirra á hrakvirði. Þau bréf keyptu vogunarsjóðir í stórum stíl. Virði krafna í bú Glitnis hefur nífaldast síðan þá og virði krafna í bú Kaupþings tæplega fjórfaldast.

thordur@frettabladid.is

### Vogunarsjóðir og samþykktar kröfur

| Sjóðir | Kröfur í bú Glitnis | Kröfur í bú Kaupþings |
|---|---|---|
| Burlington Loan Management* | 3,92% | 8,46% |
| York Capital Management | 7,13% | 0,58% |
| CCP Credit Acquisition | 1,11% | 4,61% |
| Hilcrest Investors ltd. | 3,32% | 0,71% |
| ACMO s.a.r.l. | 3,55% | 2,79% |
| Perry Luxco | 1,7% | 1,98% |
| Thingvellir s.a.r.l. | 1,68% | 1,98% |
| TCA Opportunity Investments | 1,12% | 1,52% |

*í stýringu Davidson Kempner Capital Management

FÖSTUDAGURINN 28. DES

Ódýrast!
www.bensinverd.is sýnir þér hvar lítrinn er ódýrastur

# Ofurdagur




7 kr.
afsláttur af lítranum í dag*




Ath!
Öll Skeljungskort gilda líka á Orkustöðvunum.

Orkulykillinn opnar þér leið að lægra verði á **67 Orku- og Shellstöðvum** um allt land

Ódýrari, einfaldari og þægilegri eldsneytiskaup með Orkulyklinum. Þú borgar með Orkulyklinum, lækkar eldneytiskostnaðinn og nýtur sérkjara hjá fjöldanum öllum af samstarfsaðilum okkar.

**Vinsamlegast athugið að Ofurdagsafsláttur bætist ekki við aðra afslætti.**

Sæktu um Orkulykilinn í dag á **www.orkan.is**

ORKAN
AFSLÁTTUR VINSTRI HÆGRI!

ENNEMM / SIA / NM55932

***Þegar greitt er með Orkulykli, Orkukorti, Afsláttarkorti, Orkufrelsi eða Staðgreiðslukorti Skeljungs.**

Símanúmer þjónustuvers: **578 88 00**

STÓRIÐJAN ÞARF AÐ KAUPA LOSUNARHEIMILDIR

# 100 milljóna mengunarskattur

**Stóriðjan þarf að kaupa losunarheimildir á nýju ári samkvæmt kerfi ESB. Álverin þurfa að greiða um 100 milljónir miðað við núverandi verð. Gæti tvöfaldast. Hægt að lækka kostnað með minni mengun.**



**Kolbeinn Óttarsson Proppé**
kolbeinn@frettabladid.is

Um áramótin fellur stóriðjan á Íslandi undir viðskiptakerfi Evrópusambandsins (ESB) með losunarheimildir. Flugfélög hafa þurft að kaupa sér heimildir allt þetta ár en Alþingi samþykkti í desember breytingar á lögunum.

Kerfið hefur verið starfrækt innan ESB síðan árið 2005, en það er meginstjórntæki sambandsins á sviði loftslagsmála. Því er ætlað að mynda hagræna hvata til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.

Viðskiptakerfið byggist þannig upp að losun gróðurhúsalofttegunda er gerð háð losunarheimildum. Rekstraraðilum ber að standa skil á bókhaldinu og afhenda yfirvöldum losunarheimildir í samræmi við útblástur hvers árs. Hugi Ólafsson, sérfræðingur hjá umhverfisráðuneytinu, segir að heimildunum sé úthlutað að hluta til endurgjaldslaust og að hluta til séu þær boðnar upp.

„Ef rekstraraðilar eiga fleiri losunarheimildir en þeir þurfa að nota geta þeir selt þær á markaði og að sama skapi geta þeir keypt losunarheimildir ef upp á vantar. Þannig myndar viðskiptakerfið hagrænan hvata til þess að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda, t.d. með því að fjárfesta í umhverfisvænni tækni eða hagræða með öðrum hætti í rekstri sínum.“

### Heimildir keyptar

Evrópusambandið hefur gefið út viðmið sem nemur losun á 1,514 tonnum af gróðurhúsalofttegundum á hvert framleitt tonn af áli. Kaupa þarf heimildir fyrir allt umfram það. Það er fundið út með því að taka saman frammistöðu þeirra tíu prósenta álvera í sambandinu sem minnst losa frá framleiðslu sinni.

Á Íslandi voru framleidd 800 þúsund tonn af áli árið 2011. Þorsteinn Víglundsson, framkvæmdastjóri Samáls, Samtaka álframleiðenda, segir að meðallosun gróðurhúsalofttegunda á hvert framleitt tonn af áli hafi verið 1,6 tonn á síðasta ári. Það þýðir að kaupa þarf heimildir fyrir losun tæplega hálfs kílós af gróðurhúsalofttegundum fyrir hvert tonn af áli.

### Á að draga úr mengun

Þorsteinn segir að innan framkvæmdastjórnar ESB séu uppi hugmyndir um að minnka pottinn þannig að færri losunarheimildir séu í boði. Með því eigi að hækka verðið á heimildunum.

„Meðalverðið í dag er um sjö evrur á hvert tonn, en það þykir allt of lágt. Framkvæmdastjórnin hefur jafnvel rætt það að setja gólf á verðið, en markmið hennar er að verðið á tonninu sé ekki undir 15 evrum.“

Það þýðir að kostnaður sem leggst á álfyrirtækin verður um 75 til 100 milljónir strax, en getur tvöfaldast hækki verðið eins og stefnt er að.

„Endanlegur kostnaður veltur náttúrulega líka á því hvernig fyrirtækjunum tekst að draga úr losun,“ segir Þorsteinn.

Hærra verð á því að auka hagræna hvata til minni mengunar þegar fyrirtæki standa frammi fyrir þeirri ákvörðun að kaupa viðbótarlosunarheimildir, koma fyrir búnaði eða breyta aðferðum til að draga úr losun eða, ef nauðsyn þykir, draga úr framleiðslu.




## Norðurál borgar fyrir um 10% af heimildunum

Ágúst Hafberg, hjá Norðuráli, segir að fyrirtækið sé vel í stakk búið til að taka kerfið upp. Öll álver í Evrópu sendi inn losunartölur og miðað sé við þau 10 prósent sem minnst losi og framleiðslutölur nokkur ár aftur í tímann. Íslensku álverin standi sig vel í því að halda losun í lágmarki. Hvað Norðurál varði setji stækkun álversins þó mark sitt á losunarheimildirnar því ekki fáist sjálfkrafa heimildir fyrir aukinni framleiðslu, jafnvel þótt hún losi miklu minna af gróðurhúsalofttegundum en önnur framleiðsla geri.

„Það þurfa allir á Íslandi að fara að borga fyrir um það bil 10 prósent af losunarheimildunum okkar næstu árin. Mest er það vegna þess að við erum stöðugt að auka framleiðsluna með tækniþróun og fáum ekki úthlutað heimildum fyrir alla þá framleiðslu strax. Hversu mikið við borgum fer eftir markaðsverði losunarheimilda en á næstu árum verða þetta 100 til 200 milljónir á ári fyrir Norðurál.“

> **Það þurfa allir á Íslandi að fara að borga eitthvað.**
> *Ágúst Hafberg hjá Norðuráli*



forréttir-smáréttir

Ljúffengir, margverðlaunaðir - tilbúnir beint á borðið...

Grafið lambafile - Inniheldur grafið lambafile með ferskum kryddjurtum og piparrótarsósu.
Gott að bera fram með piparrótarsósunni, salati og ristuðu brauði sem forrétt fyrir 4-5.
Einnig gott að bera fram með graflaxsósu, kexi og berjasultum.

Sveitapaté - Inniheldur sveitapaté, rifsberjahlaup og hindberjasósu. Gott að bera fram með hindberjasósunni, rifsberjahlaupinu, salati og ristuðu brauði sem forrétt fyrir 4-5.
Einnig gott að bera fram með kexi og berjasultum.

Nautavöðvi - Inniheldur léttreyktan og grafinn nautavöðva og piparrótarsósu.
Gott að bera fram með fersku salati, piparrótarsósu og bláberjum eða vínberjum sem forrétt fyrir 4-5.

Taðreykt lambainnralæri - Inniheldur taðreykt lambainnralæri og piparrótarsósu.
Gott að bera fram með melónu, piparrótarsósu og fersku salati sem forrétt fyrir 7-8.




FERSKAR KJÖTVÖRUR
Fæst í:
HAGKAUP
Ein ferð betra verð

Neyslan mest á jólunum:

## Kanill í óhófi er hættulegur

**HEILBRIGÐISMÁL** Kanill getur verið heilsuspillandi, einkum fyrir börn. Matvælastofnun bendir á þetta á vef sínum.

„Þetta er vegna þess að kanill inniheldur af náttúrunnar hendi mismikið af bragðefninu kúmarín sem hefur verið tengt við lifrarskaða,“ segir þar. „Vinsældir kanils hafa leitt til þess að neysla hefur aukist og er ákveðinn hópur neytenda sem blandar kanil reglulega í matinn sér til heilsubótar. Notkun kanils er þó aldrei meiri en yfir jólahátíðirnar.“ - óká

Nefnd sem mótar þjóðaröryggisstefnu Íslands mun skila af sér á nýju ári:

# Eftir að útkljá stærstu þjóðaröryggismálin

**ÞJÓÐARÖRYGGI** Nefnd sem utanríkisráðherra skipaði til að móta þjóðaröryggisstefnu fyrir Ísland mun skila af sér í byrjun næsta árs. Eftir er að útkljá hver stefnan verður í veigamiklum málum og ekki ljóst hvort nefndin klofnar.

„Þetta hefur gengið mjög vel en hefur tekið lengri tíma en áætlað var,“ segir Valgerður Bjarnadóttir, formaður nefndarinnar. Hún segir að vinnan hafi tafist vegna anna nefndarmanna við þingstörf, ekki vegna ósættis innan nefndarinnar.

Nefndarmenn höfðu gert athugasemdir við fyrstu drög að þjóðaröryggisstefnu, og hafa nú fengið uppfærð drög til yfirlestrar.

„Vinnan hefur gengið ágætlega, en við höfum hingað til verið að skoða stóru myndina frekar en hvað fer inn í plaggið og hvað ekki,“ segir Ragnheiður Elín Árnadóttir, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, sem á sæti í nefndinni.

Hún segir að ekki hafi reynt á umræðu um einstök atriði og því ekki komið í ljós hvort nefndin muni skila sameiginlegu áliti eða hvort einhverjir skili minnihlutaáliti. - bj



VALGERÐUR BJARNADÓTTIR



RAGNHEIÐUR ELÍN ÁRNADÓTTIR

### ➜ Tillögur tryggi þjóðaröryggi

Össur Skarphéðinsson skipaði nefnd sem fékk það verkefni að móta þjóðaröryggisstefnu fyrir Ísland í janúar á síðasta ári. Nefndin á að fjalla um og gera tillögur um stefnu sem á að tryggja þjóðaröryggi Íslands. Hún á að koma fram með markmið og leiðir til að ná þeim. Grundvöllurinn sem vinnan byggir á er herleysi landsins, að því er segir í þingsályktunartillögu um skipun nefndarinnar.



**BÚÐARDALUR** Hnökrar á netinu sagðir ólíðandi.

Kvarta undan netþjónustu:

## Dalamenn telja símstöð úrelta

**FJARSKIPTI** „Ólíðandi er að íbúum og fyrirtækjum í Dalabyggð sé gert að greiða sömu þjónustugjöld og þeir sem eðlilegrar þjónustu njóta,“ segir byggðaráð Dalabyggðar sem krefst þess að búnaður í símstöð Símans í Búðardal verði uppfærður.

„Fjölmargir íbúar í Dalabyggð hafa sent Símanum áskorun þar sem kvartað er yfir því að íbúar í Dalabyggð njóti ekki sömu fríðinda og kjara og aðrir landsmenn hvað varðar aðgengi að sjónvarpsrásum í gegnum internetið og að hraði í internetsamskiptum sé ekki sá sem íbúar greiða fyrir í áskriftum sínum,“ segir í bókun byggðaráðsins.

Ekki hafi fundist viðhlítandi skýringar á hnökrum á netþjónustunni.

„Þetta vekur upp spurningar um úreltan búnað sem ekki hefur verið svarað.“ - gar

Hætta borun á suðurskauti:

## Borinn réði ekki við verkið

**VÍSINDI** Vísindamenn sem ætluðu að bora 3.000 metra í gegnum ísinn á suðurskautinu í stöðuvatn undir ísnum þurftu að hætta við vegna tæknilegra örðugleika.

Bor leiðangursmanna bræddi leið í gegnum ísinn með heitu vatni. Boraðar voru tvær holur sem áttu að tengjast, og átti önnur að leiða vatn upp á yfirborðið. Ekki tókst að tengja holurnar tvær 300 metrum undir yfirborðinu, að því er fram kemur í frétt BBC.

Ekki er útilokað að reynt verði aftur síðar, en nú verður útbúnaður vísindamannanna fluttur til Bretlands þar sem hann verður yfirfarinn. - bj

**UMFERÐ**

### Hægt á bílum í Búðardal

Vegagerðin hefur samþykkt ósk Dalabyggðar um að skoða valkosti til að lækka umferðarhraða í gegnum Búðardal.




# Kreppur og rembingur ríkja

Í kreppum samtímans árar illa fyrir alþjóðlega samvinnu og margt minnti á þetta á árinu, að mati **Jóns Orms Halldórssonar.** Hann segir að á endanum skipti mestu hvernig menn skilja veruleikann. Sjálfur veruleikinn sé gersamlega annar en sá sem blasir við augum.

Það ríkti óvíða sú stemming árið 2012 að nú væru menn á réttri leið. Vafi fylgir vegferð hverri en það var óvanalega víða sem nagandi efi um almenna stefnu setti beinlínis mark sitt á þjóðlíf. Um leið var sú sannfæring almenn að mikið væri í húfi og margt myndi ráðast af framvindu mála. Ekki að ástæðulausu. Það var eins og þjóðir um víða veröld rækjust samtímis á pólitíska veggi.



**Í SÝRLANDI** Uppreisnarmenn fagna eftir að hafa skotið niður orrustuþotu sýrlenska hersins. Átökin í Sýrlandi hafa staðið yfir í á annað ár. NORDICPHOTOS/AFP

➜ Í kreppum samtímans árar illa fyrir alþjóðlega samvinnu. Margt minnti á þetta á árinu, ekki síst tilraunir til einangrunar í viðskiptum sem gera oftast illt verra. Rembingur ríkja í pólitík hamlaði líka lausn stórra vandamála í öllum álfum heimsins flestum til ógagns og viljaleysi til samvinnu í umhverfismálum ógnar nú beinlínis mannkyninu.



**Fjórar sögur**

Sums staðar birtust þeir sem efnahagslegir múrar eins og í skuldakreppu Evrópu og fjárlagahalla Bandaríkjanna. Atvik og orðræða ársins sýndu þó vel að báðar eru kreppurnar pólitískar. Annars staðar var stjórnmálalegt eðli erfiðustu viðfangsefna þjóða enn ljósara eins og í pólitískri lömun Indlands og Japan eða í upplausn og átökum víða um Miðausturlönd. Á árinu kom líka betur í ljós hvað Kína stendur frammi fyrir erfiðum og flóknum pólitískum spurningum. Ekki ósvipaða sögu má segja um Rússland þótt aðstæður séu ólíkar. Kannski má tengja þessa hluti saman með því að segja að árið hafi fyrst og fremst litast af fjórum pólitískum sögum um stjórnarform, gjaldmiðla og trúarbrögð.

**Eldskírn evrunnar**

Margir sem þekkja fjármálamarkaði í þaula spáðu því fram á haust að evran myndi ekki lifa árið í óbreyttri mynd. Þeir sem þekkja vel til stjórnmála í Þýskalandi og skilja pólitískar aðstæður í Evrópusambandinu spáðu hins vegar yfirleitt hinu gagnstæða. Þeir reyndust hafa rétt fyrir sér. Fæðing evrunnar var pólitísk og líf hennar er það enn. Framhaldssaga ársins var um tíða og jafnan árangurslausa neyðarfundi ESB ríkja þar sem menn sýndust glíma við ofurefli markaða, reiði kjósenda og eigið getuleysi. Fréttir af fundunum voru um lömun og upplausn. Þetta sýndi vel hversu erfitt er að samhæfa stefnu margra ólíkra ríkja í viðkvæmustu málum. En fundirnir sýndu hins vegar líka hversu náið samstarf ESB ríkja er orðið og hve þýðingarmikið það er fyrir þær þjóðir sem í hlut eiga. Hugi menn að því sem raunverulega var rætt á árinu sjá þeir strax að svona tilraunir samstarfs væru algerlega óhugsandi í nokkrum öðrum heimshluta. ESB fékk líka á árinu viðurkenningu á sögulegri þýðingu sinni í heiminum með friðarverðlaunum Nóbels. Við árslok eru stór vandamál óleyst en aukinnar bjartsýni er þó farið að gæta um framtíð evrunnar. Spurningar snúast ekki lengur um pólitískan vilja einstakra ríkja til að viðhalda samstarfinu eins þær gerðu mestan part ársins. Þær snúast núorðið um hvort stjórnir skuldsettra ríkja Suður-Evrópu muni finna pólitískan styrk til að bæta samkeppnisstöðu landa sinna. Ríkin lögðu öll grunn að umbótum á árinu. Fórnirnar sem menn eru að færa í skuldugum ríkjum Evrópu til þess að leysa sín mál og verða samstarfshæfir í peningamálum sýna vel mikilvægi evrunnar fyrir þjóðirnar sem nota hana.

**Orrustur um íslam**

Hin stóra sagan á árinu var um öllu verri erjur á milli samfélaga sem líkt og þjóðir Evrópu eiga saman mikla sögu og menningu. Skelfilegust voru átökin í Sýrlandi en þau eru með tvennum hætti hluti af stærri heild. Í þessum heimshluta geisa nú tvær ólíkar orrustur um íslamska trú. Annars vegar eru átök sem snúast um samsömun manna og hópa við trúarbrögð. Íslam er ekki ein trú frekar en kristni eða hindúismi og fylkingar eru fleiri en tölu verður á komið. Þær mynda grunn að sjálfsmynd manna og samfélaga. Tvo meginmeiði má greina og á árinu magnaðist spenna bæði innan samfélaga og á milli þeirra í kringum þessa skiptingu. Í Sýrlandi telja alavítar, minnihlutahópurinn sem ræður ríki og her, sig vera sjía-múslíma sem er raunar umdeild skilgreining en uppreisnarmenn eru flestir súnnítar. Átök sem klædd eru í svipaða trúarlega búninga geisa líka í Írak og urðu enn alvarlegri á árinu. Undir þessi átök og fleiri kynda öflug ríki hvort af sínum trúarlega meiðnum, Sádi-Arabía sem notar olíugróða til að fjármagna trúboð og Íran sem hagnaðist pólitískt á innrás Bandaríkjanna í Írak. Sú velgengni snerist hins vegar við á árinu og það kom á óheppilegum tíma fyrir ráðandi öfl í Íran þar sem vaxandi óánægju gætir með stjórn trúmanna. Á árinu heyrðist minna í þeim risastóra meirihluta múslíma sem er andvígur ofbeldi og notkun trúarinnar í þágu pólitískra afla. Víða þrengir nú að þessum meirihluta þótt þaðan komi flestir vormenn araba.

**Orrustur við Íslam**

Mubarak í Egyptalandi og Assad-feðgunum í Sýrlandi tókst að eyða möguleikum fólks til að bindast böndum í borgaralegu samfélagi. Þessar stjórnir, og margar fleiri, lifðu á því að þykjast eini valkosturinn við íslamska öfgamenn. Þessu var víða trúað og Bandaríkin og fleiri studdu því margar ríkisstjórnir sem eyddu kerfisbundið allri lýðræðislegri samtakamyndun svo nú er erfitt að byggja upp lýðræði. Baráttan í Egyptalandi stendur á milli barna arabíska vorsins sem vilja lýðræðislegt og opið samfélag og íslamska bræðralagsins sem vill hvorugt. Bræðralagið er vel skipulagt og hefur helst áhyggjur af róttækari fylkingum trúmanna. Draumar þess um trúarlegt samfélag á grunni fornra ritninga í stað ósóma samtímans urðu opinberir á árinu. Tæpt er um varnir, miðjuna vantar. Sama er að gerast í Sýrlandi. Þar eru hinir trúuðu að ná yfirhöndinni í krafti sannfæringar sinnar og peninga frá Persaflóa. Óljósari draumar almennings um lýðræði og mannréttindi hafa ekki sama styrk þótt fleiri deili þeim. Nú berjast alavítar eins og um líf þeirra sé að tefla. Sem það gæti verið. Þeir trúuðu og skipulögðu ráða mestu hinum megin.

**Lömun lýðræðis**

Í langstærsta lýðræðisríki heims, Indlandi, náði pólitíkin enn einu sinni að lama vöxt í atvinnulífinu. Það sama mátti segja um Japan, þriðja stærsta hagkerfi heimsins, og að sínu leyti um Bandaríkin þar sem átök á milli þings og framkvæmdavalds þjóna lítið lýðræði og stefna í öngstræti. Afleiðingarnar á Indlandi eru sýnu alvarlegastar því þar deyja þúsundir barna á hverjum degi úr fátækt, jafnmörg og í allri Afríku. Atvinnulífið hafði tekið vel við sér á síðustu árum en upplausn og lömun einkenna pólitík. Landið er tvöfalt fjölmennara en Evrópa og heimkynni ólíkra þjóða sem síðan eru klofnar með hinum margvíslegasta hætti. Stjórnmál hafa orðið sífellt flóknari á landsvísu og skipting eftir tungumálum, trúarbrögðum, kynstofnum, þjóðerni og menningarbundinni stéttastöðu hefur fengið vaxandi þýðingu. Í Japan hefur ríkt stjórnmálakreppa af öðru tagi í áratugi en undir lok ársins dró til tíðinda. Stóra málið í Japan er næsta framandlegt fyrir Íslendinga, nefnilega það að búa til verðbólgu sem ný ríkisstjórn heimtar að seðlabankinn geri. Í Bandaríkjunum virðist stjórnmálakerfið virka sífellt verr og fátt vera í boði til bóta enda hefur stjórnarskráin þar svipaða stöðu og ritningin. Mikilvægasta þróun ársins var líka utan stjórnmálanna. Nú er að verða ljóst að Bandaríkin geta fljótlega orðið sjálfum sér næg í orkuöflun. Það getur haft margvíslega þýðingu. Atvinnulíf þar vestra getur nú fengið orku á lægra verði en iðnaður í Kína. Bein áhrif eru líka á Miðausturlönd þar sem orkuhagsmunir Bandaríkjanna hafa oft ráðið ferðinni. Svo eru það umhverfismálin.

**Öngstræti einræðis**

Það áraði þó verr fyrir einræði en lýðræði á árinu. Pólitískur vandi Kína sést ekki í hagtölum en fámennisstjórnin, sem raunar telur tugi þúsunda valdamanna, er ekki sjálfbært kerfi. Ekki einu sinni efnahagslega, hvað þá pólitískt. Þetta sást kannski ekki vel á árinu 2012 og mun líklega enn síður sjást á komandi ári þegar nýir leiðtogar fara að lofa umbótum en verður skýrt innan tíðar. Í Rússlandi gengur platlýðræði Pútíns ekki heldur upp, hvorki pólitískt né efnahagslega. Það grillti í þau sannindi á árinu 2012 en þau verða ljósari á næstu misserum. Eitt áhyggjuefni minnti óþægilega á sig á árinu. Þjóðernishyggja er síðasta vígi skálksins, var eitt sinn sagt. Mikil hætta er á því að kínversk stjórnmál, og kannski rússnesk líka, rati inn í öngstræti þjóðernishyggju þegar meiri órói fer að skapast. Deilur Kínverja um landamæri við sex nágrannaríki síðustu mánuði minna á þetta.

**Þjóðernishyggja**

Í kreppum samtímans árar illa fyrir alþjóðlega samvinnu. Margt minnti á þetta á árinu, ekki síst tilraunir til einangrunar í viðskiptum sem gera oftast illt verra. Rembingur ríkja í pólitík hamlaði líka lausn stórra vandamála í öllum álfum heimsins flestum til ógagns og viljaleysi til samvinnu í umhverfismálum ógnar nú beinlínis mannkyninu. Mál dagsins hvöttu ekki til samvinnu á líðandi ári þótt þar sé flestar lausnir að finna.

**Það minnsta og stærsta**

Á endanum hlýtur að skipta mestu hvernig menn skilja veruleikann. Mikil gjá er orðin á milli skilnings vísindanna og almennings á tilverunni sjálfri. Umræður um Higgs-öreindina, eða sviðið, sem líklega mældist á árinu sýndu merki um aukinn áhuga á raunverulegum sannindum um eðli heimsins. Flestum sem nenna að lesa er orðið ljóst að sjálfur veruleikinn er gersamlega annar en sá sem blasir við augum og viðteknar hugmyndir ná til. Það mun líklega smám saman fá þýðingu.

**ERLENDIR VENDIPUNKTAR** 2012

**Jón Ormur Halldórsson** er stjórnmálafræðingur og pistlahöfundur í Fréttablaðinu.

*Fréttablaðið gerir upp árið með grein um erlenda vendipunkta sem snúast um alþjóðlega samvinnu og erjur milli þjóða.*



TEX MEX
Santa Maria

Bragðgóð blanda!




# Brakandi gleði í hverjum bita

BÓNUS HAGKAUP




LAMBALÆRI
BLÁBERJA



1.498kr/kg

LAMBAHAMBORGARHRYGGUR




1.999kr/kg
áður 2.298 kr/kg

NAUTAFILE




3.478kr/kg
áður 3.998 kr/kg

**www.netto.is**

| Mjódd · Salavegur · Hverafold · Akureyri · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss |




# Allt fyrir áramóta-veisluna!

HUMAR
1 KG ASKJA

**Frábært verð!**



**2.999** kr/pk.
áður 4.998 kr/pk.

LAMBAPRIME
M/HVÍTLAUK OG ROSMARIN



**2.973** kr/kg
áður 3.498 kr/kg

PIPARSTEIK



**2.484** kr/kg
áður 3.549 kr/kg

**Tilboðin gilda 28. - 31. des**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

Fangelsið á Litla-Hrauni er ekki nógu traust:

# Öryggisfangelsi?

Sagan af fanganum sem strauk úr fangelsinu á Litla-Hrauni nokkrum dögum fyrir jól fékk farsælan endi á aðfangadagsmorgun. Hún hlýtur engu að síður að vekja fólk til umhugsunar um hvernig gæzlu hættulegra brotamanna er háttað á stað sem á að heita eina öryggisfangelsi landsins.

Fram hefur komið að fanginn sem strauk klifraði óséður yfir öryggisgirðinguna í kringum fangelsið. Í Fréttablaðinu í gær kom fram að hann hefði verið við vinnu utanhúss, undir eftirliti fangavarðar, er hann laumaðist burt. Páll Winkel, forstjóri Fangelsismálastofnunar, vill ekki taka undir það að mistök fangavarðar hafi leitt til þess að fanginn slapp, heldur hafi öryggismyndavélar við girðinguna ekki virkað sem skyldi.



Ólafur Þ. Stephensen

olafur@frettabladid.is

Þetta kann að vera rétt, en einhver hlýtur að hafa átt að hafa eftirlit með því að öryggismyndavélarnar virkuðu. Fangelsismálastofnun getur engan veginn firrt sig ábyrgð á flóttanum og hlýtur að fara rækilega yfir vinnulag sitt í framhaldi af honum.

Hitt er svo rétt hjá Páli Winkel, að naumt skammtaðar fjárveitingar koma niður á öryggi í fangelsinu á Litla-Hrauni og þar með á öryggi almennings. Hann vísar til skýrslna og úttekta, sem gerðar hafa verið á undanförnum árum og sýna fram á veikleika í öryggismálum fangelsisins. Hefði verið farið eftir þeim hefði flóttinn aldrei átt sér stað, segir fangelsismálastjóri.

Á þessu ári hefur fengizt fé til að fara í einhverjar umbætur í öryggismálum á Litla-Hrauni og eftirlit með fólki og varningi sem fer inn í fangelsið hefur verið bætt. Fimmtíu milljónir hafa verið veittar til að byrja að reisa nýja, mannhelda girðingu umhverfis fangelsið en hún kostar 150 milljónir þannig að ekki lítur út fyrir að verkinu ljúki á nýju ári.

Allar umbætur eru vissulega góðra gjalda verðar, en það er samt ekki hægt að búa við að eina öryggisfangelsi landsins standi ekki undir nafni. Veruleikinn í fangelsum landsins hefur breytzt talsvert á undanförnum árum. Þar eru hættulegri menn og hópar manna en áður, ekki sízt vegna þess að skipulögð glæpastarfsemi færist í vöxt. Reynslan frá nágrannalöndunum sýnir að skipulögð glæpasamtök eru líkleg til að reyna að aðstoða „sína menn“ við flótta úr fangelsum.

Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra sagði í Fréttablaðinu í gær að peningar til að bæta úr öryggisgloppum á Litla-Hrauni væru einfaldlega ekki til. Nú væri þó verið að gera bragarbót í öryggismálum og svo yrði „gjörbylting“ þegar nýtt fangelsi á Hólmsheiði kæmist í gagnið 2015.

Við þessi svör ráðherrans er tvennt að athuga. Í fyrsta lagi er það fyrsta skylda ríkisvaldsins að tryggja öryggi borgaranna. Í því felst meðal annars að hægt sé að loka menn, sem taldir eru hættulegir samfélaginu, tryggilega inni. Fjárveitingarvaldið verður að breyta forgangsröðinni, komi í ljós að ekki sé tryggt að þessari grundvallarskyldu sé sinnt.

Í öðru lagi er það svo að þótt nýtt fangelsi á Hólmsheiði leysi ýmsan vanda, verður Litla-Hraun áfram það fangelsi sem á að hýsa hættulega glæpamenn sem fá langa dóma. Það hlýtur að eiga að vera forgangsatriði að öryggismálin þar séu í lagi.

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Af litlum neista

Sigurður Ingi Jóhannsson, þingmaður Framsóknarflokksins, og Eygló Kristjánsdóttir, sveitarstjóri Skaftárhrepps, létu hafa eftir sér í fréttum að sorpbrennslan á Klaustri mengaði minna á heilu ári en áramótabrenna sem logaði eina kvöldstund. Umhverfisstofnun hefur nú upplýst að brennslan mengar 25 sinnum meira en brennan. Fréttastofa Stöðvar 2 bar þetta upp á Eygló, sem sagðist aðeins hafa minnst á áramótabrennuna til að setja hlutina í samhengi fyrir almenning. Óvíst er í hvaða skyni Sigurður Ingi bar þessi ósannindi á borð fyrir almenning.

### Maður á að segja satt

Litlu virðist sveitarstjórann skipta að það samhengi var kolrangt. Hún hefði alveg eins getað nefnt gaskveikjara, kerti eða varðeld til samanburðar við mengun af sorpbrennslunni. Eftir stendur að hún sagði hana álíka og af áramótabrennu og það er svona líka rangt. Maður á að segja satt, sérstaklega þeir sem eru í ábyrgðarstöðum.



### Brigslað um lögbrot

Kristrún Heimisdóttir lögfræðingur er ósátt við ákvörðun Samfylkingarfélagsins í Reykjavík um að aðeins þau sem greiði félagsgjald fái að kjósa formann. Á Facebook segir hún félagið enga heimild hafa til að hindra framkvæmd allsherjaratkvæðagreiðslu. Það er satt og rétt, enda er félagið alls ekki að gera það. Samkvæmt lögum flokksins fer slík atkvæðagreiðsla fram á meðal skráðra félaga. Reykjavíkurfélagið telur aðeins borgandi félaga til skráðra.



kolbeinn@frettabladid.is

## HALLDÓR




FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edward **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871




# Reykjavík er hlaupaborg

GÖTUHLAUP



Hjálmar Sveinsson

situr í skipulagsráði og í umhverfis- og samgönguráði

**➜ Hinn mikli áhugi á hlaupum er áreiðanlega eitt af því besta sem hefur gerst í Reykjavík og öðrum borgum undanfarin misseri.**

Gamlárshlaup ÍR hefur verið fært úr miðbænum og vesturbænum að ströndinni austur með Sæbraut og niður í iðnaðarhverfin við Sundahöfn. Skipuleggjendum hlaupsins gengur gott eitt til. Þeir vilja tryggja betur öryggi hlaupara og gæslufólks vegna óþolinmóðra bílstjóra. Ég skrifa þessar línur vegna þess að ég er óhress með þessar breytingar.

Gamlárshlaupið hefur farið fram í 36 ár. Það er eitt stærsta götuhlaup landsins. Þátttakendur eru á annað þúsund. Ef allt væri með felldu ætti allur þessi fjöldi að styrkja þá skemmtilegu hefð að í hádeginu á gamlársdag njóti hlauparar og skokkarar forgangs á örfáum götum í borginni. Er sjálfgefið að á annað þúsund hlauparar eigi að víkja fyrir örfáum bílum? Er útilokað að hafa bílaumferðina víkjandi en ekki ríkjandi í rétt rúman klukkutíma á gamlársdag? Er það eitthvað sem við íbúar í Reykjavík ráðum ekki við?

Sérfræðingar um lýðheilsu horfa nú æ meir til lífshátta borgarbúa og til skipulags borganna. Hinn mikli áhugi á hlaupum er áreiðanlega eitt af því besta sem hefur gerst í Reykjavík og öðrum borgum undanfarin misseri. Ólíklegustu skrifstofublækur á miðjum aldri hafa dregið fram hlaupaskóna, æfa tvisvar til þrisvar í viku og taka þátt í keppnishlaupum sér til heilsubótar og yndisauka. Borgaryfirvöldin eru alls staðar stolt af sínum borgarhlaupum og borgarbúarnir raða sér meðfram hlaupaleiðunum í gegnum hverfin og hvetja hlauparana til dáða með hrópum, köllum og trommuslætti. Borgarhlaupin eru gleðigjafi. Engum dettur í hug að taka mark á fáeinum pirruðum bílstjórum sem tóku ekki eftir margboðaðri lokun eða réttara sagt opnun fáeinna gatna fyrir þúsund hlaupurum.

Félagar í Íþróttafélagi Reykjavíkur vinna mikilvægt og óeigingjarnt starf í þágu lýðheilsu og almenningsíþrótta. Borgaryfirvöld vilja að Reykjavík sé frábær hlaupaborg. Eitt leiðarljósið í endurskoðun aðalskipulags Reykjavíkur, sem nú er unnið að í þverpólitískum hópi, kallast „Borg fyrir fólk“. Þar er talað um að setja manneskjuna í öndvegi í borgarskipulaginu.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is,* Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* og Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Áramótaheit og vanahegðun



HEILSA
Teitur Guðmundsson
læknir

Nú þegar árið er að renna sitt skeið eru margir sem horfa til baka og minnast atburða þess, annálar fylla blöðin og sjónvarpsstöðvar keppast um að taka saman það helsta, sem er gott og blessað. Við lesum stjörnuspár og Völvuna til að fá upplýsingar um það hvað næsta ár muni bera í skauti sér. Þetta er skemmtilegur tími og fjölskyldur verja honum alla jafna saman, við sprengjum okkur inn í nýja árið inn og gefum út áramótaheitin sem vonandi sem flestir ná að standa við.

Margir setja sér heilsutengd markmið eins og að hætta að reykja, grennast, hreyfa sig meira, eða að verja meiri tíma með fjölskyldu, ættingjum og vinum svo dæmi séu nefnd. Enn aðrir ætla sér stóra hluti tengda námi, vinnu og slíku. Hver og einn heldur af stað inn í nýja árið með full fyrirheit um að standa við stóru orðin og vonandi tekst vel til. Ef horft er um öxl þá eru samt eflaust ansi margir sem hafa ekki náð þeim markmiðum sem þeir settu sér. Þar geta verið margar skýringar og mjög einstaklingsbundnar.

Það er aðalatriði þegar við setjum okkur markmið að þau séu raunhæf og að það sé líklegt að við náum þeim innan þeirra tímamarka sem við gefum okkur. Það má hins vegar ekki vera of auðvelt heldur því þá berum við of litla virðingu fyrir þeim. Þarna eins og víða er lykillinn ákveðið jafnvægi og það að okkur líði vel með þau markmið sem við höfum sett og þá niðurstöðu sem þau skila okkur.

### Þarf aðra hvatningu

Í raun erum við að breyta vanahegðun frá því sem okkur líkar mögulega ekki mjög vel eða erum undir þrýstingi utan frá að breyta, í eitthvað sem okkur líkar betur eða er samfélagslega viðurkennt. Slíkt getur verið afar erfitt og er nauðsynlegt að átta sig á því að þegar við breytum vana þá þurfum við að fá til baka eitthvað sem er jafngott eða betra en það sem við áður höfðum. Þetta má útskýra með dæmi af þeim sem reykir og þykir það gott, hefur enga heilsufarslega kvilla sem stendur og sér engan tilgang í því að hætta, vinir hans reykja, fjölskylda hans og svo á hann ömmu sem er 80 ára og hefur alltaf reykt svo það er merki um að hann geti það eflaust líka. Þessi aðili þarf aðra hvatningu en þá að hann spari tugi þúsunda á mánuði, eða að heilsa hans muni launa honum það seinna að hafa hætt tímanlega. Hann þarf eitthvað sem kemur í staðinn fyrir fíknina af sígarettunni, því hann veit betur.

### Ein stærsta gjöfin

Slíkt getur verið ótalmargt og er mjög einstaklingsbundið, en þegar verið er að breyta vanahegðun er lykillinn sá að finna það sem viðkomandi nýtur á við-líka hátt eða fær viðurkenningu fyrir. Það er ljóst að nikótínfíkn er ekki eitthvað sem er auðvelt að losna undan og eru margar hliðar á því en hér eru nokkur atriði fyrir þá sem ætla að standa við áramótaheitið sitt þetta árið og verða reyklausir.

> Hver og einn heldur af stað inn í nýja árið með full fyrirheit um að standa við stóru orðin og vonandi tekst vel til.

Þú ætlar að láta þér líða betur, verða orkumeiri og með minna samviskubit, hvítari tennur og ekki eins andfúl/ll. Þú ætlar að lækka áhættu þína á hjarta- og æðasjúkdómum, krabbameinum, snemmbærum dauða og krumpaðri húð. Þú ætlar að gera sjálfan þig, maka þinn og fjölskyldu þína stolta af þér fyrir að ná þessum árangri. Þú ætlar ekki lengur að útsetja börnin þín, vini og vandamenn fyrir reyk og hættunni af honum. Þú ætlar að eiga meiri pening til ráðstöfunar en áður. Þú ætlar ekki lengur að hafa áhyggjur af umtali annarra. Þú ætlar ekki að þyngjast og leita að huggun í mat. Þú ætlar að hreyfa þig, drekka ríkulega af vatni og beina huganum að öðru en næstu sígarettu og mögulega kaffibolla. Þú ætlar að leita þér aðstoðar ef þér tekst þetta ekki. Þú ætlar að standa við stóru orðin og hætta að reykja. Það er sannarlega ein stærsta gjöfin sem þú gefur þér og þínum.

# Útrýmum undantekningunum



UMFERÐ
Einar Magnús Magnússon
upplýsingafulltrúi Umferðarstofu

> Um leið og við hjá Umferðarstofu viljum óska landsmönnum gleðilegrar hátíðar þá viljum við hvetja landsmenn til að halda sig frá undantekningunum á komandi ári og árum.

Það er ástæða til að hrósa íslenskum ökumönnum en einhverra hluta vegna hefur of lítið farið fyrir þeirri umræðu. Okkur hættir til að fjalla eingöngu um það sem telja má sem alvarlegt frávik frá þeirri almennu reglu að við séum bara nokkuð góð og vel flest til fyrirmyndar.

Slysum og umferðarlagabrotum meðal ungra ökumanna hefur stórlega fækkað á undanförnum árum. Nú kann einhver að segja að það sé vegna þess að fyrir nokkrum árum var sett í lög akstursbann á þá nýliða í umferðinni sem brjóta alvarlega af sér og að óttinn við það sé þess valdur að ungir ökumenn hagi sér nú af meiri skynsemi. En vitanlega eiga þeir hrósið skilið því skynsemi þeirra og dómgreind segir að áhættuhegðun og óábyrgð hegðun í umferðinni geti haft áþreifanlegar og alvarlegar afleiðingar. Mörgum þeirra reynist erfiðara að ímynda sér örkuml og dauða sem afleiðingu gjörða sinna en slíkt virðist reyndar vera algengt meðal ungs fólks og þá sérstaklega ungra karlmanna sem flestir eru haldnir þeim meðfædda misskilningi að þeir sé ódauðlegir.

### Áhættuhegðun

Hvernig er í raun hægt að segja annað en að ökumenn séu almennt til fyrirmyndar þegar tugir þúsunda ökumanna deila með sér strætum og götum á degi hverjum við oft erfiðar og þröngar aðstæður og það telst til undantekninga að alvarleg slys hljótist af? Undantekningarnar frá þessari reglu eru hins vegar oft svo alvarlegar að þær krefjast þess að unnið sé hörðum höndum að eftirliti, forvörnum og fræðslu þannig að sú áhættuhegðun sem leiðir af sér slíkar undantekningar sé upprætt.

Það er vissulega erfitt fyrir þann sem hefur þurft að kljást við gjörbreytt líf og erfiða lífsbaráttu af völdum umferðarslyss að hrósa okkur fyrir það hve góðir ökumenn við séum. Það er óásættanlega stór hópur sem telja má til fórnarlamba umferðarslysa.

Um leið og við hjá Umferðarstofu viljum óska landsmönnum gleðilegrar hátíðar þá viljum við hvetja landsmenn til að halda sig frá undantekningunum á komandi ári og árum. Leiðum hugann að þeim sem eiga um sárt að binda og tökum undir bæn þeirra um að ekki verði fleiri undantekningar frá þeirri reglu að við komumst heil heim.







Eitt fjall á viku með FÍ 2013

**Gakktu á eitt fjall í viku með Ferðafélagi Íslands á nýju ári**
Nýársgjöfin frá þér til þín er bætt líðan og betra form á nýju ári. Upplifðu íslenska náttúru í skemmtilegum félagsskap undir öruggri fararstjórn og lærðu að þekkja landið.
Esjan, Keilir, Helgafell, Botnssúlur, Hvannadalshnúkur, Akrafjall, Réttarfell, Löðmundur og 44 önnur fjöll.

Dagsferðir allt árið og tvær helgarferðir að auki. Komdu með okkur og finndu náttúrubarnið í hjarta þínu.

**Verð kr. 75.000**

**Stjórnandi:** Páll Ásgeir Ásgeirsson ásamt Rósu Sigrúnu Jónsdóttur, Hjalta Björnssyni, Guðmundi Sveinbirni Ingimarssyni og Brynhildi Ólafsdóttur.

**Kynningarfundur í sal Ferðafélags Íslands í Mörkinni 6 kl. 20.00 2. janúar n.k.**

Skráning á skrifstofu Ferðafélags Íslands í síma 568 2533.
Heimasíða FÍ **www.fi.is**

Skráðu þig inn
Drífðu þig út

FJALLA KOFINN



60 ára afmæli

Þann 1. janúar nk. verð ég sextugur.

Af því tilefni verð ég með opið hús á Stórhöfða 27, Grafarvogsmegin, kl. 17.00-20.00.

Níels Sigurður Olgeirsson





Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**SIGRÚN LILJA BERGÞÓRSDÓTTIR**
**Suðurbraut 2, Hafnarfirði,**

lést á líknardeild Landspítala laugardaginn 22. desember 2012. Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju, föstudaginn 4. janúar 2013, kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Slysavarnardeildina Hraunprýði.

**Marel Eðvaldsson**
**Gréta Húnfjörð Sigurðardóttir**
**Örn Marelsson**
**Ingibjörg Marelsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**





Okkar ástkæra,

**HERMÍNA G. HERMANNSDÓTTIR**
**Logafold 135, Reykjavík,**

lést á Landspítalanum við Hringbraut mánudaginn 17. desember. Úförin fer fram frá Grafarvogskirkju föstudaginn 28. desember, klukkan 15.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Krabbameinsfélagið.

**Kári Jónsson**
**Bjarghildur Sólveig Káradóttir, Svala Skorradóttir,**
**Dröfn Skorradóttir**
**Jón Trausti Kárason** **Erla María Davíðsdóttir**
**Erna Kristín Jónsdóttir**
**Stefán Örn Kárason.**





Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**RAGNHEIÐUR BJARNADÓTTIR**
**frá Húsavík,**

lést á Dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund að kvöldi aðfangadags. Útförin auglýst síðar.

**Guðmundur Garðar Arthursson** **Katrín Ólöf Ástvaldsdóttir**
**Bjarni Benedikt Arthursson** **Jónína Guðrún Jósafatsdóttir**
**Þórdís Guðrún Arthursdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**





Konan mín, mamma okkar, tengdamamma, amma og langamma,

**ÞÓRUNN JÓNASDÓTTIR**
**Hellu,**

lést á Dvalarheimilinu Lundi 24. desember. Jarðarför auglýst síðar.

**Guðni Jónsson**
**Hrafnhildur Guðnadóttir** **Friðrik Magnússon**
**Hjördís Guðnadóttir** **Auðun Gunnarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



WWW.KVEDJA.IS

Útfararstofa
SVAFARS & HERMANNS




Virðing Reynsla & Þjónusta
Allan sólarhringinn

571 8222 · 820 3939 SVAFAR · 820 3938 HERMANN




**FLUGVIRKINN** „Fyrir nokkrum dögum fann ég að eitthvað var að og hringdi í 112, var þræddur og fékk net í eina æð. Það tók nokkrar mínútur," segir Oddur Ármann, sem kann vel að meta alla tækni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Alltaf gert það sem mig langaði mest

## Oddur Ármann Pálsson flugvirki er áttræður í dag. Hann tók þátt í íslenska ævintýrinu kringum flugið í hartnær sex áratugi, eða allt þar til fyrir tveimur árum.

Oddur Ármann Pálsson flugvirki hefur fengist við viðgerðir og vélastjórnun frá því fyrir tvítugt, fyrst á dráttarvélum og jarðýtum en lengst af á flugvélum. „Það má segja að ég hafi alltaf gert það sem mig langaði mest. Það tel ég mikið lán," segir hann glaðlega þegar hann lítur um öxl í tilefni áttræðisafmælis sem er í dag. Nú er Oddur sjálfur nýbúinn að fara í viðgerð, það er að segja hjartaþræðingu og ætlar að taka því rólega á afmælinu, þó hann telji sig stálsleginn, þökk sé læknavísindunum.

Oddur er fæddur og uppalinn á Hjallanesi í Landsveit, yngstur af sex systkinum. „Við misstum föður okkar árið 1950 og bjuggum eftir það með móður okkar þar til ein systirin tók við búskapnum. Um þetta leyti voru miklar breytingar í búskaparháttum, vélarnar tóku að létta störfin en fram að því hafði allt verið gert með handverkfærum og heyið flutt á hestum," rifjar hann upp. Hann segir þau systkinin hafa verið fljót að tileinka sér tæknina. „Við fengum einn af fyrstu Land Roverunum sem sáust fyrir austan fjall og var úthlutað af Búnaðarfélaginu. Ég dreif mig á vélanámskeið á Hvanneyri þar sem ég lærði viðgerðir á jarðýtum og dráttarvélum og við bræðurnir fórum að vinna við vegagerð með búskapnum. Ég fékk strax vinnu á jarðýtu. Það var skemmtilegt, mikill munur á því og að moka með skóflu. Alger bylting. Svo var síminn að koma líka, við fengum fyrst gamlan Bretasíma sem var bilanagjarn, enda lá strengurinn á jörðinni og skepnur kræktu sig í hann og slitu í sundur," segir Oddur sem man enn hringinguna á Hjallanesi, tvær langar og eina stutta.

Oddur hóf að læra flugvirkjun hjá Flugfélagi Íslands 15. október 1953 og leitaði sér einnig þekkingar hjá SAS og Boeing. „Síðan vann ég hjá Flugfélaginu, Flugleiðum og Icelandair til 67 ára aldurs. Þá bættust tólf ár við sem ég var hjá ýmsum öðrum flugrekstraraðilum," upplýsir hann. „Það var mikil þróun í allri tækni og ég hef gengið í gegnum margar bylgjur."

Upp úr 1960 lærði hann einnig til flugvélstjóra. „Við vorum með tvær DC6-vélar hjá Flugfélaginu, það þurfti flugvélstjóra á þær og ég var í því til 1990, fyrst á sexunum og síðan á Boeing 727."

Um tíma kenndi Oddur flugvirkjum, bæði á námskeiðum og í Fjölbrautaskóla Suðurnesja. Hann hefur líka fengist við að íslenska fagmál flugvirkja og safna heimildum um stéttina. „Ég byrjaði snemma að fikta við tölvur og áttaði mig fljótt á að það borgaði sig að skrifa niður fróðleik ef hann ætti ekki að gleymast svo ég fór að safna upplýsingum sem varða fagið og stéttina. Það væri talsverður doðrantur ef hann væri prentaður út og ansi oft er ég spurður um ýmis atriði."

Eftir að Oddur hætti að fljúga um 1990 kveðst hann hafa fengið kransæðastíflu, gengist undir aðgerð og síðan verið í góðu sambandi við lækna. „Fyrir nokkrum dögum fann ég að eitthvað var að og hringdi í 112, var þræddur og fékk net í eina æð. Það tók nokkrar mínútur. Ég á HL stöðinni (endurhæfingarstöð hjarta- og lungnasjúklinga) mikið að þakka. Þegar ég var skorinn þá gaf læknirinn mér von um að ég gæti tórt í tíu ár en nú eru þau orðin yfir tuttugu."

gun@frettabladid.is

# Dansverkið Já elskan frumsýnt

## Steinunn Ketilsdóttir dansari veltir fyrir sér margbreytileika fjölskyldna.

Steinunn Ketilsdóttir frumsýnir í kvöld dansverkið Já elskan. Umfjöllunarefni verksins er fjölskyldan, samskipti hennar, meðvirkni, leyndarmál og mynstur.

Í verkinu er tekist á við aðstæður sem allir hafa upplifað. Hvað er venjuleg fjölskylda? Hvað er á yfirborðinu og hverju er sópað undir teppið? Í Já elskan verða tabú krufin til mergjar, hið ósagða tjáð og óuppfylltar þrár dregnar fram í dagsljósið.

„Í rannsóknunum fyrir sýninguna las ég fullt af sögum af fólki sem er endalaust að leita uppruna síns en aðrir vilja helst klippa á öll tengsl. Þetta eru svo miklar öfgar. Niðurstaðan er sú að sama hversu langt þú reynir að flýja þá kemstu ekki undan fortíðinni og fjölskyldunni. Þetta eru ræturnar okkar og það er ekki hægt að klippa á þær. Við erum öll með þessar rætur hvort sem okkur líkar betur eða verr. Þær eru hluti af því hver við erum," sagði Steinunn í viðtali við Fréttablaðið um sýninguna.



**JÁ ELSKAN** Dansverk um fjölskylduna.

Verkið er sýnt í Kassanum, Þjóðleikhúsinu.

MICHELSEN
ÚRSMIÐIR SÍÐAN 1909
Laugavegur 15 - 101 Reykjavík
511 1900 - www.sviss.is
tudorwatch.com




# MARKAÐURINN

Föstudagur 28. desember 2012 | 22. tölublað | 8. árgangur
Sími: 512 5000 | vísir www.visir.is

Göngum hreint til verks!
GUÐJÓNÓ
VISTVÆN PRENTSMIÐJA
Sími 511 1234 • www.gudjono.is










Skíða- og brettagleraugu í miklu úrvali
– tilvalin í jólapakkann




Optical Studio
SMÁRALIND • LEIFSSTÖÐ • KEFLAVÍK
www.facebook.com/OpticalStudio



# Björgólfur er viðskiptamaður ársins

***Árið 2012 var viðburðaríkt hjá Icelandair Group sem keypti flugvélar, opnaði hótel og jók sætaframboð á meðan reksturinn gekk vel. Björgólfur Jóhannsson forstjóri var valinn viðskiptamaður ársins af dómnefnd Markaðarins.***

VIÐTAL/VIÐSKIPTAMAÐUR ÁRSINS
Magnús Þorlákur Lúðvíksson
magnusl@frettabladid.is

Dómnefnd Markaðarins valdi Björgólf Jóhannsson, forstjóra Icelandair Group, viðskiptamann ársins 2012. Árið var enda viðburðaríkt hjá félaginu. Það opnaði hótel við höfnina í Reykjavík og stækkaði hótel sitt á Akureyri. Hryggjarstykki félagsins, Icelandair, jók verulega sætaframboð og hefur flutt tvær milljónir farþega á árinu sem er met. Þá gekk félagið frá kaupum á tólf flugvélum frá Boeing í nóvember.

„Fyrst og síðast lít ég á þetta sem viðurkenningu fyrir starfsfólkið, öflugan hóp eigenda félagsins og svo þá samstilltu stjórn sem starfar með mér," segir Björgólfur um útnefninguna og heldur áfram: „Þegar svona viðurkenning kemur þá finnur maður auðvitað líka fyrir smá stolti en ég legg áherslu á að þó mitt nafn sé tengt verðlaununum þá eru þetta aðallega verðlaun starfsfólksins."

Björgólfur segir að umsvif félagsins á árinu séu til marks um það að félagið sé í sóknarhug. „Við höfum haft skýra vaxtarstefnu frá hruni þegar við lentum í hremmingum sem félagið var í raun ekki nægilega vel búið undir. Snemma árs 2009 var ákveðið að við myndum framvegis leggja áherslu á að vaxa með ferðamannastraumi til og frá Íslandi en þar með var horfið frá þeirri stefnu að vaxa með yfirtöku á félögum. Þetta hefur gengið eftir og við höfum vaxið hratt síðan þótt ýmislegt hafi gengið á innanlands. Og við viljum áfram grípa þau tækifæri sem við sjáum til vaxtar, hvort sem þau er að finna í leiðakerfinu, í hóteluppbyggingu eða vöruflutningum. En vitaskuld þurfum við að stíga varlega til jarðar og vega og meta þá kosti sem eru í boði."

Björgólfur segir að á næstu misserum standi til að styrkja áfram leiðakerfi Icelandair. Þannig hafi verið tilkynnt um þrjá nýja áfangastaði, St. Pétursborg, Anchorage og Zürich, sem flogið verður til árið 2013 og þá verður tíðni á aðra áfangastaði aukin.



**BJÖRGÓLFUR JÓHANNSSON** Björgólfur tók við starfi forstjóra Icelandair Group í byrjun árs 2008 eftir langan feril í íslenskum sjávarútvegi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## ELDGOSIÐ Í EYJAFJALLAJÖKLI EFTIRMINNILEGT

Björgólfur tók við starfi forstjóra Icelandair Group í byrjun árs 2008 eftir langan feril í sjávarútvegi. Hvernig var að taka skyndilega við fyrirtæki í flugrekstri og ferðaþjónustu? „Ég hafði allt mitt líf verið í kringum sjávarútveg. Ég var alinn upp af sjómönnum, lærði svo endurskoðun en starfaði fyrir sjávarútveginn í raun alveg þar til ég kom hingað. Þetta voru því vissulega viðbrigði. Þegar öllu er á botninn hvolft er rekstur þó alltaf rekstur þótt flugrekstur sé að mörgu leyti tæknilegur. Þú byrjar á því að finna mælikvarða og reynir síðan að ná árangri. Það gerir maður fyrst og síðast með því að vera öruggur um að starfsemin sé skilvirk og starfsfólkið hæft og það á svo sannarlega við hér. Það var mikill styrkur að koma til félagsins blautur á bak við eyrun og finna strax að starfsemin var öflug og starfsfólkinu treystandi."

Í janúar verða fimm ár liðin frá því að Björgólfur hóf störf hjá Icelandair Group. Hann segir að þessi tími hafi liðið mjög hratt. „Það er ýmislegt sem stendur upp úr. Til að mynda var ástandið hér auðvitað hroðalegt fyrst eftir hrun þegar við vorum í raun að róa lífróður. Það er mér eftirminnilegt hvað okkur tókst að halda starfseminni öflugri þrátt fyrir það. Við skipuðum hóp sem vann að fjármögnunarmálum félagsins á meðan aðrir einbeittu sér einfaldlega að rekstrinum með góðum árangri því strax árið 2009 áttum við þokkalegt ár og svo var 2010 mjög gott," segir Björgólfur og bætir við: „Síðan stendur að ákveðnu leyti upp úr þessi ógn sem steðjaði að okkur meðan á eldgosinu í Eyjafjallajökli stóð. Það að upplifa annars vegar umkomuleysið þegar náttúran fer af stað og hins vegar kraftinn hér innanhúss var magnað. Við litum svo á að það að sitja og bíða væri ekki valkostur og leituðum því allra leiða til að láta reksturinn ganga. Og við vorum með farþega fljúgandi yfir hafið allan þennan tíma á meðan önnur flugfélög sátu kyrr."

### Reksturinn gengið vel

Samhliða uppbyggingu hefur rekstur Icelandair Group gengið eins og í sögu síðustu misseri. Til marks um það hefur hlutabréfaverð félagsins hækkað um ríflega 60% á þessu ári og hagnaður aukist um upp undir 40% á fyrstu þremur ársfjórðungum ársins.

Björgólfur segir reksturinn hafa gengið þokkalega þótt það sé alltaf svo í samstæðu sem þessari að ekki gangi allt upp í einu. „Þegar vel gengur þurfa menn líka oft að staldra við. Þá getur myndast fita og því legg ég áherslu á að leiða sé sífellt leitað til að efla félagið og lækka kostnað. Það er ákveðinn lykill að árangri því við vitum að ytri aðstæður; olíuverð eða einhvers konar hremmingar, geta alltaf komið illa við okkur."

Icelandair gerði nýverið samning um kaup á tólf nýjum flugvélum. Björgólfur segir kaupin hafa mikla þýðingu fyrir félagið og til standi að nota vélarnar til að efla leiðakerfið. „Þessar vélar á að taka í notkun árið 2018. Það eru að vísu nokkur ár í það en þarna er þó komin ákveðin stefnumörkun fyrir félagið. Nýju vélarnar eru smærri og sparneytnari en þær sem við höfum nú. Við munum því getað aukið tíðni og flogið á nýja staði þar sem eldri vélarnar henta ekki. Þessar vélar eru því viss lykill að áframhaldandi vexti."

### Ferðaþjónustustefnu skortir

Vöxtur Icelandair Group undanfarið hefur að mestu beinst að uppbyggingu á ferðaþjónustu hér á landi. Björgólfur segir stærstu sóknarfæri næstu ára felast í að fjölga ferðamönnum að vetri til.

„Ég held að það skorti töluvert upp á stefnumótun fyrir íslenska ferðaþjónustu. Stundum er sagt að við viljum ná milljón ferðamönnum árið 2020 og að við þurfum að ná meiri verðmætum út úr hverjum og einum. Gott og vel, en það þarf að fara varlega. Við þurfum til dæmis að tryggja að ferðamannastaðirnir ráði við aukinn fjölda. Þá er mjög flókið að markaðssetja Ísland gagnvart hærra borgandi ferðamönnum. Því tel ég til dæmis að við þurfum í meiri mæli að sjá til að þeir borgi sem njóta. Það þarf að nálgast ferðaþjónustuna með sjálfbærri hugsun þannig að náttúran verði fær um að taka á móti gestum eftir hundrað ár og það verður hún ekki ef við göngum sífellt á landið. Með því að selja ferðamönnum aðgang að náttúruperlunum, sem er að mínu viti mjög gerlegt, fæst fjármagn til uppbyggingar og þar með geta staðirnir betur þolað ágangninn."

## AÐRIR NEFNDIR

**OF MONSTERS AND MEN**
„Ótrúlegt klifur upp á alþjóðlegan stjörnuhimin. Frábær landkynning" og „Stefgjöld, tónleikahald og best á Amazon".

**LIV BERGÞÓRSDÓTTIR, FRAMKVÆMDASTJÓRI NOVA**
„Handhafi markaðsverðlauna ÍMARK og fyrirtækið sýndi góða afkomu á árinu."

**HILMAR VEIGAR PÉTURSSON, FRAMKVÆMDASTJÓRI CCP**
„Náðu 450.000 þúsund áskrifendum í kjölfar útgáfunnar á EVE Online Retribution."

**GEORG LÚÐVÍKSSON, FRAMKVÆMDASTJÓRI MENIGA**
„Fyrir skjótan og góðan árangur lausna fyrirtækisins meðal evrópskra bankastofnana" og „Fyrirtækið er orðið leiðandi í Evrópu á sínu sviði".

**ÞÓRÐUR MAGNÚSSON, STJÓRNARFORMAÐUR EYRIS**
„Hefur stutt dyggilega við bakið á sprotaumhverfinu á Íslandi."

**RANNVEIG RIST, FORSTJÓRI ALCAN** „Stýrir fleyinu gegnum kreppu og mótbyr."

**BALTASAR KORMÁKUR LEIKSTJÓRI** „Frábær árangur í frumraun sinni á Bandaríkjamarkaði, sem hefur leitt til fleiri verkefna á þeim vettvangi."

**SKÚLI MOGENSEN FJÁRFESTIR**
„Títan, félag Skúla, hefur verið virkt í mörgum fjárfestingum. Sumar hafa verið býsna áræðnar á meðan aðrir fjárfestar hafa verið áhættufælnir. Fjárfestingar hans í grónari félögum eins og Skýrr og Securitas hafa aftur á móti ekki farið hátt en skapað mótvægi við áhættuna."

## 2. OG 3. SÆTI

# Kári Stefánsson og Janne Sigurðsson

Í kjöri dómnefndar á viðskiptamanni ársins fékk Kári Stefánsson, forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar, næstflest atkvæði. Í rökstuðningi með atkvæðum Kára var vísað til kaupa bandaríska lyfjafyrirtækisins Amgen á Íslenskri erfðagreiningu sem tilkynnt var um fyrr í þessum mánuði. Voru kaupin raunar einnig valin viðskipti ársins og er nánari umfjöllun um þau að finna í grein um viðskipti ársins 2012 í blaðinu. Um Kára sögðu hins vegar viðmælendur Fréttablaðsins meðal annars: „Náði að selja fyrirtæki sem hefur aldrei grætt krónu, farið í bandarískt gjaldþrot og er ábyrgt fyrir einhverjum þeim mesta viðskiptafarsa sem átt hefur sér stað á Íslandi með tilheyrandi viðskiptum á gráum markaði, ríkisábyrgð og ætluðum gagnagrunni."



KÁRI STEFÁNSSON



JANNE SIGURÐSSON

Í þriðja sæti í kjörinu var Janne Sigurðsson, forstjóri Alcoa Fjarðaáls. Hún tók við forstjórastarfinu í upphafi síðasta árs þegar Tómas Már Sigurðsson, forveri hennar, var ráðinn forstjóri Alcoa í Evrópu.

Janne stýrir stærsta álverinu hér á landi og þar með einu alstærsta fyrirtæki landsins. Hlaut hún nýverið hin svokölluðu Stevie-gullverðlaun sem veitt eru forstjóra ársins í hópi kvenna í atvinnurekstri í Evrópu, Mið-Austurlöndum og Afríku. Voru Janne veitt verðlaunin fyrir þátttöku sína í uppbyggingu og rekstri álvers Alcoa við Reyðarfjörð, en hún var upphaflega ráðin til álversins árið 2006. Kom meðal annars fram í rökstuðningi dómnefndar að hún hefði náð miklum árangri í að auka starfsánægju í fyrirtækinu en samkvæmt könnunum hefur hún aukist um tæplega þriðjung á tveimur árum.



365 miðlar treysta okkur fyrir öruggri dreifingu á Fréttablaðinu
Póst dreifing
Póstdreifing | Suðurhraun 1 | 210 Garðabær | Sími 585 8300 | www.postdreifing.is



Nýir straumar á fjármálamarkaði

*— Við þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða
og óskum landsmönnum farsældar á nýju ári.*

Straumur fjárfestingabanki hf. | Borgartúni 25 | 105 Reykjavík | www.straumur.com

STRAUMUR

# Útboð Eimskips umdeildast

***Álitsgjafar Markaðarins telja framkvæmd á hlutabréfaútboði Eimskips í október verstu og/eða umdeildustu viðskipti ársins. Of hár kaupréttur, innherjaupplýsingar og meint mismunun bjóðenda köstuðu rýrð á útboðið.***




**Á MARKAÐ** Skráning Eimskips í Kauphöll Íslands átti að vera mikið gleðiefni fyrir alla sem komu að félaginu. Framkvæmd útboðs í aðdraganda hennar gerði það hins vegar að verkum að súrt bragð sat eftir í munni þeirra. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR

Framkvæmd útboðs á hlutabréfum í Eimskip í aðdraganda skráningar félagsins á markað eru verstu og/eða umdeildustu viðskipti ársins 2012 að mati dómnefndar Markaðarins. Niðurstöðurnar voru afgerandi.

Það er ýmislegt í því ferli sem er gagnrýnt af dómnefndinni. Í fyrsta lagi ber þar að nefna tilurð þess kaupréttarkerfis sem Eimskip setti af stað fyrir fimm lykilstjórnendur sína, og átti að tryggja þeim 4,38 prósent af heildarhlutafé Eimskips. Í öðru lagi var gagnrýnt að svo virðist sem sumir bjóðenda hafi haft upplýsingar um að fallið yrði frá kaupréttinum áður en útboðsfresti lauk, en aðrir höfðu þær ekki. Í þriðja lagi var gagnrýnt að hluti bjóðenda hefði fengið að gera tilboð í félagið með fyrirvara án þess að slíkt hefði verið heimilað í útboðskynningu. Í fjórða lagi var síðan framganga starfsmanna umsjónaraðila útboðsins, Straums fjárfestingabanka og Íslandsbanka, á meðan mestu lætin stóðu yfir gagnrýnd.

**Lífeyrissjóðir neita að taka þátt**

Tilkynnt var um það í október að stærstu eigendur Eimskips ætluðu að selja 25 prósenta hlut í félaginu í tveimur útboðum, einu lokuðu fyrir fagfjárfesta og hinu fyrir almenning, í aðdraganda skráningar félagsins á markað í nóvember. Félagið var það langstærsta sem nýskráð hafði verið á markað. Verðbilið í lokaða útboðinu var 205 til 225 krónur og átti útboðsgengi þess síðara að ákvarðast af því. Vonir stóðu til að fjárfestingasveltir lífeyrissjóðir og aðrir stórir fagfjárfestar myndu slást um hlutina sem í boði voru. Raunin varð þó önnur.

Degi áður en útboðinu lauk kom stjórnarmaður í Gildi fram í kvöldfréttum Útvarps og tilkynnti að lífeyrissjóðurinn ætlaði ekki að taka þátt í útboðinu vegna kaupréttarsamninga lykilstarfsmanna Eimskip, sem þóttu óeðlilega rausnarlegir. Í kjölfarið tilkynnti Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins (LSR), stærsti lífeyrissjóður landsins, að hann myndi heldur ekki kaupa í Eimskip vegna kaupréttarsamninganna. Þessi skýring vakti þó furðu þar sem fréttir um fyrirkomulag kaupréttarins höfðu verið sagðar mörgum mánuðum áður og það tilgreint í uppgjörum Eimskips. Vildu ýmsir meina að um fyrirslátt væri að ræða. Sjóðunum hefði einfaldlega þótt verðið á Eimskip of hátt.

**FME rannsakar**

Lokaða útboðinu átti að ljúka klukkan 14 daginn eftir, fimmtudaginn 25. október. Fram að lokum þess stóðu umsjónaraðilar útboðsins, Straumur og Íslandsbanki, í miklum samskiptum við væntanlega bjóðendur. Lífeyrissjóðurinn Festa upplýsti opinberlega um það að hann teldi starfsmenn umsjónaraðilanna hafa boðið sumum þátttakendum að gera tilboð í hlutabréf Eimskips með fyrirvara um að kaupréttarsamningarnir yrði felldir niður. Með því hefðu valdir fjárfestar fengið meiri upplýsingar en komu fram í útboðslýsingu og stóðu öðrum fjárfestum til boða. Auk þess voru uppi grunsemdir um að einhverjir þeirra sem tóku þátt í útboðinu hefðu haft upplýsingar um að til stæði að fella kaupréttinn niður á meðan á útboðinu stóð. Fréttablaðið greindi enda frá því þann 2. nóvember að Gylfi Sigfússon, forstjóri Eimskips, hefði greint Stefáni Einari Stefánssyni, formanni VR, frá því að fella ætti niður kaupréttina áður en hlutafjárútboðinu lauk.

Fjármálaeftirlitið (FME) tók þessar ásakanir til rannsóknar. Niðurstaða þess varð sú að engin dæmi hefðu fundist um viðskipti sem hefðu farið fram á grundvelli innherjaupplýsinga.

Útboðsgengi hluta í Eimskip, sem ákvarðað var í lokaða útboðinu, var að lokum 208 krónur á hlut, eða mjög nálægt lægri mörkum þess verðbils sem tilboð máttu vera á. Umframeftirspurn varð eftir bréfum en fjarri því jafn mikil og búist hafði verið við. Hún jókst þó í almenna útboðinu, sem lauk snemma í nóvember, og var þá fimmföld.

## VERSTU/UMDEILDUSTU VIÐSKIPTI ÁRSINS



KÁRI STEFÁNSSON

**2. sæti**

**Salan á Íslenskri erfðagreiningu til Amgen**

Sjá ítarlega umfjöllun um viðskiptin á síðu 8-9 þar sem fjallað er um þau sem bestu viðskipti ársins. „Sala á lífsýnum í vörslu Íslenskrar erfðagreiningar til Amgen.“

> Kára [Stefánssyni, forstjóra ÍE] er tíðrætt um að það skilji enginn annar en hann hvert virði fyrirtækisins er. Það megi alls ekki rýna bara í tölur, sem sýna alltaf tap og upprennslu á rekstrarfé. Það er rétt hjá honum að það skilur þetta „blackbox“ líklega enginn annar.



SKÚLI MOGENSEN

**2.-3. sæti**

**Kaup Wow Air á Iceland Express**

Tilkynnt var um það í lok október að lágfargjaldaflugfélagið Wow Air, sem er að mestu í eigu Skúla Mogensen, hefði keypt aðalkeppinaut sinn, Iceland Express, af Pálma Haraldssyni. Kaupverðið var ekki gefið upp en Skúli sagði í samtali við Fréttablaðið að hann myndi leggja enn meira fé inn í Wow Air til að geta lokið kaupunum. Með þessu tryggði Wow Air stöðu sína sem eina íslenska lágfargjaldaflugfélagið.

Kaupin vöktu þó líka nokkra furðu, sérstaklega vegna þess að Iceland Express átti engar vélar og hafði tapað 2,7 milljörðum króna á árinu 2011. Viðbúið var að tapið yrði mikið á þessu ári líka. Því vaknaði sú spurning hvað Wow Air væri eiginlega að kaupa.

> Það er erfitt að átta sig á því hvað var verið að kaupa. Handónýt ferðaskrifstofa með laskað mannorð?



VILHJÁLMUR Þ. VILHJÁLMSSON

**3.-4. sæti**

**Fjármálaóreiða Hjúkrunarheimilisins Eirar**

Stöð 2 greindi frá alvarlegum fjárhagsvanda Hjúkrunarheimilisins Eirar í byrjun nóvember. Þá var upplýst að félagið skuldaði um átta milljarða króna en að allt laust fé væri nánast uppurið. Vandinn var fyrst og fremst tilkominn vegna húsrekstrarsjóðs Eirar, sem byggir fasteignir og selur íbúðarrétt í svokölluðum öryggisíbúðum. Rekstur fasteignafélagsins hafði gengið afleitlega og skuldbindingar voru að sliga það. Auk þess höfðu stjórnendur Eirar tekið hundruð milljóna króna að láni hjá hjúkrunarheimilishluta rekstursins, sem er á fjárlögum, og notað í rekstur fasteignafélagsins en allt var rekið á sömu kennitölunni. Á meðal þeirra sem Eir skuldar fé eru íbúar í öryggisíbúðunum, allt aldrað fólk. Samtals nemur skuld Eirar við það um tveimur milljörðum króna.

Stjórnarformaður félagsins, fyrrum borgarstjórinn Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, sagði af sér skömmu eftir að málið kom upp og stjórnin öll var sett af nokkrum vikum síðar. Starfshópur vinnur nú að því að komast að lausn á fjárhagsstöðu Eirar.

> Eitt umdeildasta málið, hvernig staðið hefur verið að rekstri þessa félags og framkoma við fólkið sem þar býr og nýtur þjónustu Eirar.

## ANNAÐ SEM VAR NEFNT:

**KAUP HUANGS NUBO Á GRÍMSSTÖÐUM Á FJÖLLUM** „Sértæk afskipti ríkisins af einstökum málum virðast stefna í að verða regla frekar en undantekning varðandi erlenda fjárfestingu á Íslandi. Skil ekki hvernig stjórnvöld fyllast vantrú á því að þeim takist sjálfum að láta gildandi lög og reglur ná yfir viðskipti og umsvif manna þó þeir komi frá útlöndum með háar fjárhæðir. Á sama tíma má efast um ágæti viðskiptaáætlunar sem gengur upp á 10 milljarða króna uppbyggingu í ferðaþjónustu á þessum stað, en það er ekki stjórnvalda að hafa vit fyrir mönnum við slíkar aðstæður.“

**ÍBÚÐALÁNASJÓÐUR, BRÉFIN HANS OG EIGINFJÁRSTAÐA**

**KAUP RÍKISINS Á FJÁRHAGS- OG MANNAUÐSKERFI** „Þó að málið eigi sér lengri sögu er ekki hægt að segja annað en að kaup ríkisins á fjárhags- og mannauðskerfi nái yfir 1., 2. og 3. sæti sem umdeildustu og mest gagnrýndu viðskipti ársins.“

**ÓVISSA Í KRINGUM FISKVEIÐISTJÓRNUNARKERFIÐ** „Hamlar ákvörðunartöku og fjárfestingu til að byggja upp greinina. Raunverulegt tjón.“

**KAUP ÚTRÁSARVÍKINGA OG ANNARRA FORRÉTTINDAHÓPA Á KRÓNUM Á AFSLÆTTI Í GJALDEYRISÚTBOÐUM SEÐLABANKANS** „Útboðin sjálf gagnast lítið við aflétttingu gjaldeyrishafta.“

**KAUP ÞORSTEINS MÁS Á ÚTGERÐARFYRIRTÆKINU BERGI-HUGIN**

**STOFNUN ICELAND-VERSLANANNA** „Eftir það sem á undan er gengið hefði mátt ætla að neytendur myndu ekki endilega greiða Bónusfeðgum atkvæði sitt með buddunni. Raunin virðist ætla að verða önnur.“

**FYRIRTÆKJASALA BANKANNA**

**VIÐSKIPTI SLITASTJÓRNA VIÐ RÍKIÐ/BANKANA**

**KAUP ERLENDRA AÐILA Á SKULDABRÉFUM FÖLLNU BANKANNA** „Margir sjá ofsjónum yfir hagnaði þeirra og vilja gera gróðann upptækan. Próf á réttarríkið Ísland.“

**TAP RÍKISINS Á FJÁRFRAMLAGI TIL SJÓVÁR**

**FRAMKVÆMD VAÐLAHEIÐARGANGA** „Mjög stór og umdeilanleg fjárfesting á kostnað skattgreiðenda á erfiðum tíma, en utan ríkisreiknings. Æi!“.




Okkar vinna snýst um að þín vinna gangi vel. Við leggjum okkur fram um að setja okkur vel inn í það sem þú ert að gera, og þó að við þekkjum kannski ekki viðfangsefnin í þínu starfi jafn vel og þú, þá vitum við hvað starfið gengur út á.

Starfsfólk Íslandsbanka býr yfir áratuga reynslu í þjónustu við sjávarútveginn og hjá bankanum starfar stór hópur fólks með sérþekkingu á greininni. Þannig getum við ávalt tryggt fyrirtækjum í þessari undirstöðuatvinnugrein þjóðarinnar þá bankaþjónustu sem þau þarfnast.

Þekking sprettur af áhuga.

Hallgrímur Magnús Sigurjónsson hefur yfir 30 ára reynslu af sjávarútvegi og fjármögnun sjávarútvegs.

Hallgrímur Magnús er útibússtjóri hjá Íslandsbanka.

**Við bjóðum góða þjónustu**

islandsbanki.is | Sími 440 4000

Íslandsbanki




**LEIÐANDI Í HEIMINUM** „Við erum með atkvæðamestu starfsemi í mannerfðafræði í heiminum í dag. Það getur enginn keppt við okkur og því ekki óeðlilegt að það hafi skapast áhugi á að kaupa fyrirtækið. Það sem Amgen er að kaupa eru raunveruleg verðmæti af þeim gæðum að þau leiða heiminn,“ segir Kári Stefánsson, forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Stærsta fjárfestingin á Íslandi frá hruni

***Kaup Amgen á Íslenskri erfðagreiningu á 52 milljarða króna eru viðskipti ársins að mati dómnefndar Markaðarins. Kári Stefánsson, forstjóri ÍE, segir Amgen vera að kaupa getu fyrirtækisins til að gera uppgötvanir.***

**VIÐTAL/VIÐSKIPTI ÁRSINS**
**Þórður Snær Júlíusson** | thordur@frettabladid.is

Þessi kaup sýna að það sem við vorum að byggja upp eru verðmæti sem Amgen keypti og borgaði hátt verð fyrir,“ segir Kári Stefánsson forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar. Bandaríska líftækni- og lyfjafyrirtækið Amgen keypti allt hlutafé í móðurfélagi Íslenskrar erfðagreiningar (ÍE) fyrir 415 milljónir dala, um 52 milljarða króna, í desembermánuði. Til að setja þá upphæð í samhengi þá er hún töluvert hærri en markaðsvirði Eimskips (46,1 milljarðar króna) og Icelandair Group (41,2 milljarðar króna). Því er ÍE, sem stofnað var 1996, loks búið að tryggja tilverugrundvöll sinn til langs tíma. Að mati Kára staðfesta kaupin að viðskiptamódel fyrirtækisins gengur upp. „Það sýnir að það er hægt að búa til verðmæti sem liggja eingöngu í hugverkum, þó það sé sjaldgæft hér á landi. Það sem þeir voru að kaupa í Íslenskri erfðagreiningu er geta okkar til að gera uppgötvanir.“

**Var ekki planið**

Decode, fyrrum móðurfélag ÍE, var tekið til skiptameðferðar síðla árs 2009. Samhliða var ÍE selt til Saga Investments, fjárfestingafélags í eigu Polaris Venture Partners og Arch Venture Partners. Auk þess átti Kári sjálfur og á annan tug annarra einstaklinga lítinn hlut í félaginu. Hann segir það ekki hafa verið stefnuna á þeim tíma að selja ÍE aftur nokkrum árum síðar. „Menn sáu það ekki endilega fyrir. Það var miklu meira horft á þann möguleika að búa til greiningartæki og það var viðskiptamódelið sem við vorum að vinna eftir. En á síðustu tveimur til þremur árum hefur lyfjaiðnaðurinn sýnt meiri og meiri áhuga á erfðafræði. Það virðist vera að hann standi í þeirri trú að þegar kemur að vali á lyfjamörkum þá bjóði erfðafræðin upp á fleiri möguleika en aðrar aðferðir. Við erum með atkvæðamestu starfsemi í mannerfðafræði í heiminum í dag. Það getur enginn keppt við okkur og því ekki óeðlilegt að það hafi skapast áhugi á að kaupa fyrirtækið. Það sem Amgen er að kaupa eru raunveruleg verðmæti af þeim gæðum að þau leiða heiminn.“

> Við erum með atkvæðamestu starfsemi í mannerfðafræði í heiminum í dag. Það getur enginn keppt við okkur.

**Áttu sér stuttan aðdraganda**

Kári segir kaupin hafa átt sér mjög stuttan aðdraganda. „Þetta tók um mánuð. Venjulega taka svona viðskipti níu til tólf mánuði, en þetta var líka vinna nótt og dag. Það var feikimikill hamagangur.“

Á meðan verið var að ganga frá viðskiptunum greindi Viðskiptablaðið frá því að eiginfjárstaða ÍE væri neikvæð og að fyrirtækið ætti rekstrarfé fram á fyrsta ársfjórðung 2013. Í umfjöllun blaðsins kom fram að haft hefði verið samband við Kára en hann ekki viljað tjá sig á þeim tímapunkti. Kári segir það aldrei hafa verið neina spurningu um að rekstrarféð yrði uppurið. „Ég benti þeim á þegar þeir höfðu samband að ég gæti talað við blaðið 10. des- ▶

## BESTU VIÐSKIPTI ÁRSINS

### 1. SÆTI Kaup Amgen á Decode

Kaup bandaríska líftækni- og lyfjafyrirtækisins Amgen á öllu hlutafé móðurfélags Íslenskrar erfðagreiningar fyrir 415 milljónir dala, um 52 milljarða króna, sem tilkynnt var um fyrr í desembermánuði.

**RÖKSTUÐNINGUR:** *„Kaup Amgen á Decode eru mikil viðurkenning á því vísindastarfi sem unnið hefur verið hjá fyrirtækinu síðastliðin 15 ár. Þó ekkert sé í hendi þá stórauka þau líka líkurnar á því að starfsemi Decode ekki bara haldi áfram, heldur jafnvel eflist á Íslandi, en staða fyrirtækisins hefur jú verið tvísýn í allmörg ár. Loks sýna þessi viðskipti hvernig þrautseigja frumkvöðuls í gegnum súrt og sætt geta á endanum borið ríkulegan ávöxt, en er sjaldnast sigling á lygnum sjó – svo ekki sé nú tekið dýpra í árinni!“*

*„Stór og mikill díll og rennir stoðum undir þá kenningu að fyrirtækið og stofnandi þess hafi níu líf.“*

*„Virðist hafa skilað fyrri eigendum miklum hagnaði.“*

### 2.-3. SÆTI Kaup Icelandair á nýjum þotum

Icelandair Group undirritaði viljayfirlýsingu snemma í desember um að bæta tólf flugvélum frá Boeing við flugflota sinn. Listaverð vélanna er 1,2 milljarðar dala, um 150 milljarðar króna, en Icelandair fékk einhvern afslátt af því. Kaupverðið hefur hins vegar ekki verið gefið upp. Samkvæmt samkomulaginu hefur Icelandair Group kauprétt á um tylft véla til viðbótar. Fyrstu vélarnar verða afhentar á fyrri hluta ársins 2018.

### 2.-3. SÆTI Kaup Watson Pharmaceuticals á Actavis Group

Tilkynnt var um kaup bandaríska lyfjafyrirtækisins Watson á Actavis í apríl. Kaupverðið var samtals 4,25 milljarðar evra, rúmlega 700 milljarðar króna. Langstærsti upphæðarinnar fór í að endurgreiða lán. Deutsche Bank, stærsti lánardrottinn Actavis, fékk bróðurhluta þeirrar endurgreiðslu en þrotabú Landsbankans, þrotabú Glitnis og Straumur áttu einnig verulegra hagsmuna að gæta. Tugir milljarða runnu til þessara íslensku aðila við söluna. Í samningnum fólst einnig að Novator, fjárfestingafélag Björgólfs Thors Björgólfssonar, eignaðist hlut í sameinuðu félagi við sameininguna. Eftir hana varð sameinað félag þriðja stærsta samheitafyrirtæki í heimi.

# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



**ÁSGEIR TRAUSTI Á AKUREYRI**

**Hinn vinsæli tónlistarmaður Ásgeir Trausti heldur tvenna tónleika á Græna hattinum á Akureyri í kvöld ásamt hljómsveitinni Moses Hightower. Ásgeir Trausti á fjölmarga aðdáendur og hefur fengið mikið lof gagnrýnenda fyrir plötu sína. Tónlistin er blanda af þjóðlagapoppi og raftónlist.**




Óskum landsmönnum Gleðilegra Jóla og farsæls komandi árs. Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.

Einar Farestveit & Co.hf.

Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is





# ELDAÐ MEÐ HOLTA

**HOLTA KYNNIR** *Úlfar Finnbjörnsson er einn færasti kokkur landsins. Hann sér um sjónvarpsþáttinn Eldað með Holta á ÍNN. Þar fáum við að fylgjast með honum elda ljúffenga kjúklingarétti úr Holta-kjúklingi.*

Matreiðslumaðurinn Úlfar Finnbjörnsson sér um sjónvarpsþáttinn Eldað með Holta á ÍNN. Þar eldar hann ljúffenga rétti úr Holta-kjúklingi fyrir áhorfendur. Hér færir Úlfar okkur apríkósu- og balsamgljáðan hátíðarfugl með púrtvínssósu, sætri kartöflumús og fyllingu með sveppum, lauk og sólþurrkuðum tómötum. Rétturinn er fyrir sex manns. Hægt er að fylgjast með Úlfari elda þessa girnilegu hátíðarmáltíð í kvöld klukkan 21.30 á sjónvarpsstöðinni ÍNN. Þættirnir verða svo endursýndir yfir helgina. Einnig er hægt að horfa á þá á heimasíðu ÍNN, inntv.is.

## HÁTÍÐARFUGL APRÍKÓSU- OG BALSAMGLJÁÐUR MEÐ PÚRTVÍNSSÓSU OG FYLLINGU

**FYLLING**

3 msk. olía
1 askja sveppir
2 laukar, skrældir og skornir í báta
10 sólþurrkaðir tómatar
1 tsk. timían
Salt og nýmalaður pipar
1 dl púrtvín eða rauðvín
1 msk. tómatpúrra

Hitið olíu á pönnu og steikið sveppina og laukinn í 2 mínútur. Bætið þá sólþurrkuðu tómötunum á pönnuna og kryddið með salti, pipar, tómatpúrru og timíani. Hellið púrtvíni á pönnuna og sjóðið í 1 mínútu.

Hátíðarfugl, um 2 kíló
3-4 lárviðarlauf
3-4 greinar timían eða 1-2 tsk. þurrkað
2 dl púrtvín eða rauðvín
5 dl vatn
Sósujafnari
1 msk. kjúklingakraftur
40 g kalt smjör í teningum
Nýmalaður pipar

Setjið fyllinguna inn í fuglinn og bindið leggina saman. Færið fuglinn í steikarpott eða djúpt eldfast mót ásamt lárviðarlaufum, timíani og púrtvíni. Setjið lok á steikarpottinn eða álpappír yfir eldfasta mótið og bakið fuglinn við 150°C í 40 mínútur á hvert kíló eða þar til kjarnhiti sýnir 70°C. Hellið þá vökvanum úr fuglinum og steikarpottinum í pott og bætið vatni og kjúklingakrafti saman við. Hleypið suðunni upp og þykkið með sósujafnara. Takið pottinn af hellunni og bætið smjörinu í sósuna. Hrærið þangað til smjörið hefur bráðnað. Smakkið til með pipar.

**HJÚPUR**

2 msk. apríkósusulta
2 msk. balsamikedik

Sett í skál og blandað vel saman. Penslið fuglinn með hjúpnum og bakið við 180-190°C í 10 mínútur.

Berið fuglinn til dæmis fram með sætri kartöflumús sem bragðbætt er með rifnum appelsínuberki og safa, steiktum eplum með stjörnuanís og grænmeti.


Veislur eru okkar fag

Verð frá 1795 kr. pr. mann

Panta þarf veislur með minnst dags fyrirvara



Skoðið úrval veisluhugmynda á www.nings.is

Sushi bakkar fyrir áramótapartýið eru útbúnir á gamlársdagsmorgun og afgreiddir á gamlársdag á milli kl. 11 og 14

Allar pantanir þurfa að berast með dags fyrirvara

SUSHI PARTÝ

Sushi partýbakkar fyrir hátíðarnar

Tilvalið í áramótaveisluna

Sushi bakki með...
30 bitum kr. 4500
50 bitum kr. 7200

NINGS

Stórhöfða • Suðurlandsbraut • Hlíðasmára • S. 588 9899



# VILLIGÆSARBRINGUR MEÐ BLÁBERJASÓSU

**ÁRAMÓT** *Líklega vefst fyrir mörgum hvað eigi að vera í matinn um áramót. Hér kemur góð hugmynd úr matarsmiðju Nönnu Rögnvaldardóttur sem vonandi kemur að góðum notum, enda girnilegur réttur.*

Nanna Rögnvaldar gaf út vinsæla bók í fyrra sem nefnist Jólamatur Nönnu. Þessi bók hefur hjálpað mörgum við matseldina þegar undirbúa skal veislu. Nanna gaf fúslega leyfi til að birta uppskrift að villigæsarbringum úr bókinni, en slíkan veislumat gæti verið upplagt að elda um áramót.

„Ég elda ekki sjálf á gamlárskvöld, hef í fjöldamörg ár alltaf verið annars staðar í mat, oftast hjá systur minni í kalkúna, og hef þá í mesta lagi hjálpað aðeins með sósuna eða eitthvað slíkt. Ég veit ekki enn hvar ég verð á nýársdag en ef ég verð heima hjá mér er trúlegt að ég geri eitthvað úr dúfnabringum sem ég á í frysti. Veit ekki hvað það verður en rósmarín og þurrkaðar apríkósur og/eða gráfíkjur gætu komið eitthvað við sögu," svaraði Nanna þegar hún var spurð um eigin áramótaveislu. En hér kemur uppskriftin.

## VILLIGÆSARBRINGUR

**FYRIR 4**

4 villigæsarbringur
Nýmalaður pipar
Salt
1 msk. olía
1 msk. smjör

Taktu bringurnar úr kæli a.m.k. einni klukkustund áður en á að matreiða þær svo að þær séu sem næst stofuhita þegar steikingin hefst.
Hitaðu ofninn í 180°C. Snyrtu bringurnar og þerraðu þær lauslega með eldhúspappír. Kryddaðu þær með pipar og salti. Hitaðu olíu og smjör á pönnu og brúnaðu bringurnar á báðum hliðum við góðan hita. Settu þær í eldfast fat og stingdu þeim í ofninn í 10–14 mínútur. Taktu þær svo út og láttu þær bíða í fáeinar mínútur áður en þær eru skornar. Berðu þær fram t.d. með kryddjurtakartöflum, steiktum plómum og bláberjasósu.

### BLÁBERJASÓSA

Best er að nota íslensk bláber eða aðalbláber. Ef engin ber eru til má sleppa þeim en nota dálítið meira af sultu.

10 g þurrkaðir villisveppir
250 ml vatn, sjóðandi
1 laukur
150 ml rauðvín
2 tsk. villibráðarkraftur, eða eftir smekk
Pipar, salt
Lófafylli af frosnum eða þurrkuðum bláberjum
2 tsk. bláberjasulta eða önnur sulta
1 tsk. balsamedik
Sósujafnari

Settu sveppina í skál, helltu sjóðandi vatni yfir og láttu standa í a.m.k. hálftíma. Saxaðu laukinn smátt og láttu hann krauma í nokkrar mínútur í feitinni sem gæsabringurnar voru brúnaðar í.
Helltu rauðvíninu á pönnuna og láttu sjóða niður um helming. Bættu þá sveppunum og vatninu sem þeir voru í á pönnuna, ásamt villibráðarkrafti, pipar og salti, settu berin út í og láttu sjóða í nokkrar mínútur.
Bragðbættu sósuna með sultu og balsamediki og þykktu hana ögn með sósujafnara (en hún á að vera þunn).

### STEIKTAR PLÓMUR

Ég notaði tvær tegundir af plómum, aðra litla og rauða, hina stærri og fjólubláa. Það kom mjög vel út. Svo mætti líka nota nektarínur eða ferskjur.

800 g plómur
50 g smjör
2 msk. hlynsíróp
Pipar, salt
Skerðu plómurnar í tvennt og fjarlægðu steininn. Hitaðu smjör og hlynsíróp á stórri pönnu, settu plómurnar á pönnuna og steiktu þær við meðalhita þar til þær eru farnar að mýkjast dálítið. Kryddaðu með pipar og salti.



**ELDABUSKAN**
Nanna tilkynnti á Facebook-síðu sinni að hún vildi hvorki kalla sig ástríðukokk né matgæðing. Eldabuska fyndist henni hins vegar ágætisorð.












**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is,** s. 512 5473
**Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is,** s. 512 5432
**Elsa Jensdóttir, elsaj@365.is,** s. 512-5427 | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

# Lífið




FRÉTTABLAÐIÐ

Lífið er á Vísi – visir.is/lifid

## HVERJIR VORU HVAR?

Þorláksmessa var einstaklega falleg í miðborg Reykjavíkur og mátti sjá marga á rölti um miðbæinn. Sást meðal annars til **Sögu Sig** ljósmyndara en hún dvaldi



á landinu yfir hátíðarnar. **Séra Vigfús Þór Árnason** gæddi sér á Bæjarins bestu en ljósmyndarinn Jónatan Grétarsson leiddi sína heittelskuðu Arndísi Ólöfu Víkings-



dóttur um götur borgarinnar. **Tobba Marinós** og hennar vinkonur ylju̐ðu sér svo við logandi eld og heitt í bolla þegar líða tók á kvöldið.





Lífið

UMSJÓN
**Ellý Ármanns** elly@365.is
**Kolbrún Pálína Helgadóttir** kolbrunp@365.is

**Útgáfufélag** 365 miðlar ehf.
**Auglýsingar** Atli Bergmann atlib@365.is
**Lífið** Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000
www.visir.is/lifid

# HVAÐ Á AÐ GERA Á GAMLÁRSKVÖLD?



### EVA LAUFEY KJARAN HERMANNSDÓTTIR
**matarbloggari**

„Ég ætla að borða heima hjá foreldrum mínum á áramótunum, en þar verður stórfjölskyldan samankomin. Við mamma ætlum að hafa humar á þrjá vegu í forrétt og nautalund í aðalrétt og svo var ég búin að lofa litlu frændum mínum að gera súkkulaðikúlur og fylla þær með súkkulaðimús í eftirrétt. Ég fer svo til tengdaforeldra minna að horfa á Skaupið. Eftir miðnætti ætla ég í gamlársteiti með vinum mínum, þar er alltaf mikið fjör.“



### ÞÓRUNN ARNA KRISTJÁNSDÓTTIR
**leikkona**

„Við kærastinn eldum yfirleitt sjálf mat á gamlársdag og bjóðum þeim sem vilja koma að vera með okkur. Þetta er oft þannig á gamlárs að við höldum að við verðum bara tvö en svo endar þetta í tíu manns. Við borðum yfirleitt kalkún en það verður eitthvað nýtt á borðum í ár. Svo horfum við á flugeldasýninguna frá Landakotstúninu og styrkjum yfirleitt björgunarsveitina ríflega þó svo að ég komi ekki nálægt því að skjóta upp.“



### ANNIE MIST ÞÓRISDÓTTIR
**íþróttakona**

„Áramótunum ver ég yfirleitt með fjölskyldu minni, systkinum mömmu, fjölskyldum þeirra og ömmu og afa. Þá er mikið sprengt, sungið og oft spilað fram eftir nóttu. Í ár verð ég í fyrsta skipti fjarri fjölskyldunni, en ég mun verja áramótunum í Danmörku með kærastanum mínum. Það verður þó erfitt að toppa íslensk áramót.“



### VÉDÍS HERVÖR ÁRNADÓTTIR
**söngkona**

„Áramótin mín hafa verið voðalega róleg svona í seinni tíð, enda ég komin með tvo litla stráka. Í ár verðum við hjá tengdaforeldrum mínum í veisluhöldum og þar verður litið yfir árið og farið yfir markmið nýja ársins. Mín markmið eru meðal annars að gefa út nýja plötu og vera strákunum mínum, manni og fjölskyldu sem best. Það hefur verið venjan hjá minni fjölskyldu að borða kalkún á gamlárskvöld með öllu tilheyrandi og svo höfum við frómas í eftirrétt. Svo er að sjálfsögðu fastur liður að kveikja á Skaupinu og svo tökum við hjónaleysin eflaust lagið saman. Ég er ekki mikið fyrir það að fara í bæinn. Mér finnst gott að vakna fersk og frísk á nýársdegi. Það setur tóninn fyrir nýja árið.“




## FÉKK BÓNORÐ Í FJALLGÖNGU

**Ragnhildur Magnúsdóttir Thordarson sagði „já“ á fjallstindi yfir hátíðarnar. Hún fann ástina sína vestan hafs.**

„Elska jólin. Fór í fjallgöngu með ástinni í lífi mínu. Hann bað mig að giftast sér á toppi fjallsins. Ég sagði já.“ Þessum gleðifréttum deildi fjölmiðlakonan Ragnhildur Magnúsdóttir Thordarson, sem starfaði sem útvarpskona hér á landi um árabil en nemur nú kvikmyndalistina í borg draumanna, Los Angeles, á veraldarvefnum yfir hátíðarnar.

„Ég er að fara að gifta mig. Ég elska hann John minn,“ skrifaði Ragnhildur, eða Ragga eins og hún er kölluð, jafnframt á Facebook-síðuna sína.



Ragga hefur starfað mikið í fjölmiðlum hér á landi en núna gerir hún það gott í Los Angeles.


ÁRAMÓTAGLEÐI Í THE PIER
3.000
KAMPAVÍNSGLÖS 6 STK
17.990
-50%
KNÖLL 6/10 Í PK
MYNDIR FRÁ 990
-50%
Nú 595
Áður 1.190
VERÐ FRÁ
5.990
140x240, 140x270, 140x350
DÚKUR
DISKAMOTTA
LUKTIR
VERÐ FRÁ
3.490
1.290
the PIER
SMÁRATORGI 522 7860 • KORPUTORGI 522 7870 • GLERÁRTORGI 522 7880

# NÝTT ÁR, NÝ MARKMIÐ

**Margir hafa það að venju að setja sér markmið þegar nýtt ár gengur í garð. Lífið heyrði í fjórum flottum konum og spurði að því hvort þær hefðu sett sér markmið fyrir árið 2013.**



**SARA BJÖRK GUNNARSDÓTTIR KNATTSPYRNUKONA**
„Markmiðin mín fyrir árið 2013 eru aðallega að komast sem lengst í meistaradeildinni með liðinu mínu, vera vel undirbúin fyrir EM með kvennalandsliðinu og vinna gullið í Svíþjóð. Svo hef ég líka sett mér nokkur persónuleg markmið sem ég ætla bara að halda fyrir mig.“



**ÞÓRUNN ERNA CLAUSEN LEIKKONA**
„Markmið mín fyrir árið 2013 eru að huga betur að sjálfri mér og litlu fjölskyldunni minni, bæði líkamlega og andlega. Mig langar virkilega að koma mér í gott form og styrkja mig aftur. Vinnulega séð er ég með alls konar skemmtileg markmið. Þó að ég hafi lengi starfað samhliða leiklistinni sem söngkona og textahöfundur þá hef ég aldrei gefið út lag sem ég syng sjálf. Ég ætla að gera það í janúar og gefa út síðasta lagið sem maðurinn minn, Sigurjón Brink, samdi áður en hann lést 17. janúar 2011.“



**DÓRA TAKEFUSA ATHAFNAKONA**
„Ég set mér yfirleitt aldrei nokkur markmið. Mér finnst að maður eigi bara að vera samkvæmur sjálfum sér. Ef mig langar til dæmis að borða hollara, þá borða ég bara hollara.“



**GRETA SALÓME STEFÁNSDÓTTIR SÖNGKONA**
„Markmiðin mín á árinu eru að einbeita mér meira að hljóðfærinu mínu og eiga góðan tíma með því. Það er búið að vera mikið um verkefni hjá mér árið 2012 og ég hef ekki alveg getað sinnt fiðlunni nógu vel. Ég ætla þó líka að einbeita mér að hinu hljóðfærinu mínu sem er söngurinn og halda áfram að vinna í honum. Í crossfitinu ætla ég svo að ná 65 í snöru.“


# Ætlar þú að breyta um lífsstíl?

**Heilsulausnir** henta einstaklingum sem glíma við offitu, hjartasjúkdóma og/eða sykursýki.

**Hefst 21. janúar.**

- Mán., mið. og fös. kl. 6:20, 10:00, 14:00 eða 19:30
- Verð kr. 16.900 pr. mán í 12 mán.
- Fræðsla, einstaklingsviðtöl, aðhald og stuðningur.
- **Skráning í síma 560 1010 eða á mottaka@heilsuborg.is**



**Kynningarfundur**
**fimmtud. 10. janúar kl. 17:30**
***Allir velkomnir***



*Helga Einarsdóttir*

**Að námskeiðinu standa m.a. hjúkrunarfræðingur, íþróttafræðingar, læknir, næringarfræðingur, sálfræðingar og sjúkraþjálfari.**

*„Ég var búin að taka eftir auglýsingum frá Heilsuborg í þó nokkurn tíma og var búin að vera að hugsa lengi um að fara að gera eitthvað í mínum málum. Ég hef náð góðum árangri, náð að losna við mörg kíló og er bara svo miklu hressari og með miklu meiri orku. Maður verður að vilja gera þetta fyrir sig sjálfan. Þetta snýst ekki um það að megra sig þetta snýst um að lifa heilbrigðara lífi og koma sér í gott líkamlegt og andlegt form.“*

HEILSUBORG
Faxafeni 14 • Sími 560 1010
www.heilsuborg.is


## LITLAR EN GÓÐAR BREYTINGAR

**Það eru eflaust margir sem ætla að tileinka sér betri og bættari siði á nýja árinu þegar kemur að mataræði og hreyfingu. Þess ber þó að gæta að setja hæfileg markmið og fara ekki of geyst af stað. Hér má sjá nokkur einföld en góð ráð.**



1. Byrjaðu daginn á heitu sítrónuvatni, það hjálpar líkamanum að losna við eiturefni og örva meltingarveginn.
2. Drekktu meira vatn yfir daginn. Vertu með vatnsbrúsa við höndina alla daginn. Þú finnur strax mun á húðinni, meltingunni og orkunni.



3. Finndu þér líkamsrækt sem þér þykir skemmtileg, annars endistu ekki út árið. Og mundu að þú þarft ekki að gera það sama og allir hinir.
4. Eldaðu eina nýja uppskrift í viku úr heilsusamlegri uppskriftabók. Áður en þú veist af verður þú farinn að tileinka þér betri og hollari eldamennsku alla daga.
5. Verðlaunaðu þig með smá dekri eða öðru sem gleður þig ef þú stendur þig vel. Verðlaun eru nauðsynleg til að halda áfram.



Gullborg

ÓDÝRIR OG GÓÐIR

FLUGELDAR

34 ára reynsla

af innflutningi og sölu flugelda

ÍSLENSKA DÚNDRIÐ







Stjörnuljós






Víti

Ein af vinsælustu
skotkökum Íslands
Fæst eingöngu á
Bíldshöfa 18

Sóði

Flott gos

Geysir

Flott gos






Blys

Kraftmikil og flott

Gullborg

Alltaf jafn flott

Gullborg

Bíldshöfða 18

Opnunartími
28., 29., og 30. desember kl 10-22
31. desember kl 10-16
4. & 5. janúar kl 14-18
6. janúar kl 12-18

Gullborg



Það er vandasamt að ná góðri mynd af flugeldum.

# Flugeldar á ljósmynd

Hver kannast ekki við að eiga í vandræðum með að mynda flugelda? Hér eru nokkur góð ráð við ljósmyndun flugelda.

1 Ákveddu stað og umhverfi myndanna fyrir fram.

2 Notaðu þrífót. Þegar teknar eru myndir af flugeldum er notaður lengri lokunarhraði. Með lengri lokunarhraða næst hreyfing flugeldana betur en um leið hreyfing vélarinnar sem krefst þess að hún sé kyrr. Þá er kostur að nota fjarstýringu sem kemur í veg fyrir hreyfingu.

3 Á litlum vélum er oft stilling sem heitir „fireworks mode“ sem gott er að stilla á. Sé hún ekki til staðar og ef ekki er hægt að slökkva á sjálfvirkum fókus verður vélin ringluð við að vera beint út í myrkrið og nær illa að fókusera. Til að komast hjá þessu er hægt að stilla hana á „landscape mode“. Með þeirri stillingu er hægt að komast hjá þessu vandamáli. Að öðrum kosti er best að nota handvirkan eða „manual focus“.

4 Notaðu mestu mögulegu gæði á myndavélinni.

5 Við myndatöku flugelda er mælt með að opnunartími ljósops sé frá einni sekúndu og upp í fjórar. Sé ekki hægt stjórna lokunarhraðanum handvirkt eru oft stillingar á myndavélum þar sem hægt er að velja fastan tíma. Til dæmis eina sekúndu, tvær og svo framvegis.

6 Mælt er með eftirfarandi ljósopsstillingum: ISO 50 =ljósop f/5,6-11,
ISO 100 = ljósop f/8-16
ISO 200 = ljósop f/11-22

*Heimild: www.nyip.com*

**Útgefandi:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000
**Umsjónarmenn auglýsinga:** Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is s. 512-5432
**Ábyrgðarmaður:** Jón Laufdal.

# Bestur í þungavörunni

**Bomba.is** er leiðandi í innflutningi á skottertum sem allar eru magnaðar flugeldasýningar. Boðið er upp á tertur sem framkalla mikla litadýrð og hávaða.

Leikarinn góðkunni Örn Árnason er mikill áhugamaður um flugelda eins og flestum ætti að vera ljóst. Hann hefur um árabil rekið flugeldasöluna Bomba.is en þar sérhæfir hann sig í sölu á tertum af öllum stærðum og gerðum. „Sérstaða mín felst í því að ég hef enga fjölskyldupakka heldur einblíni eingöngu á sölu á tertum. Ég blanda mér því ekki inn í smásölumarkaðinn og er þar af leiðandi ekki í samkeppni við björgunarsveitirnar. Það má segja að ég haldi mig við þungavöruna.“

Bomba.is býður upp á þrjátíu tegundir af tertum og eru þær minnstu nokkuð stórar að sögn Arnar. „Þannig að þær stærstu eru voðalega stórar. Ég hef reynt að hafa hönd í bagga með útlit þeirra. Þannig hef ég fengið að raða litum og „effektum“ niður eftir mínu höfði inn í hverja tertu og því er hver terta í raun sýning út af fyrir sig. Ég mæli því ekki áhrifin af tertunni í mínútum heldur í upplifuninni sjálfri.“

Örn selur ekki eingöngu tertur hannaðar af honum sjálfum, sumar þeirra segir hann óþarft að eiga við enda séu þær góðar frá hendi framleiðandans. „Í fyrra lét ég meðal annars framleiða tertu fyrir mig sem hét Ísland og var hún blá, hvít og rauð. Hún kom mjög vel út.“



„Ég mæli því ekki áhrifin af tertunni í mínútum heldur í upplifuninni sjálfri," segir Örn Árnason leikari. MYND/PJETUR

### Jöklar prýða himininn

Terturnar í ár bera að stærstum hluta nöfn jökla. Sú fallegasta að sögn Arnar heitir Eyjafjallajökull. Aðrar framleiða meiri hávaða en litadýrð, eins og tertan Vatnajökull. „Sumir vilja tertur sem gefa frá sér mikinn hávaða en enga eða litla liti. Þá get ég fóðrað þá á þeim. Stærsta tertan okkar inniheldur 100 skot og tveggja tommu rör. Þetta er stór terta sem teygir sig eins langt og má strekkja sig löglega. Aðrir vilja mikla litadýrð og jafnvel flotta blöndu af alls konar áhrifum. Þá er nóg í boði fyrir þann hóp hér hjá okkur.“ Aðrar tertur bera nöfn eins og Snæfellsjökull, Drangjökull, Brúarjökull, Skjaldbreiður og Sólheimajökull.

Örn segir algengt að viðskiptavinir kaupi þrjár tertur hjá honum. Margir byrji á einni lítilli tertu, færi sig síðan ofar í styrkleika og litadýrð og svo sé endað á einni stórri tertu. „Eyjafjallajökull er mjög vinsæl terta til að enda sýningu kvöldsins. Við hófum sölu á henni í fyrra og hún var mjög vinsæl.“

Bomba.is er staðsett í Víkurhvarfi 6, 203 Kópavogi og verður opnuð í dag, 28. desember. Nánari upplýsingar má finna inn á www.bomba.is.




Eingöngu tertur!
Kaupið tímanlega því undanfarin ár höfum við þurft að loka daginn fyrir gamlársdag! Allt seldist upp...
Víkurhvarfi 6 Kópavogi!
BOMBA.IS
STÆRSTU
flugeldatertur landsins!
Ummæli viðskiptavina
Stephen Hawking:
Terturnar hans Arnar gera gat í hvaða svarthol sem er
Albert Einstein:
Afstæðiskenninginn hefur fengið nýja vídd
Bogi róni:
Nú erum við í góðum málum (Trallalala la)
Kóngurinn verður á staðnum!
Litrík og falleg
Voldug eins og jökullinn sjálfur
BOMBA.IS
VATNAJÖKULL
MORO E DORO
BOMBA.IS
FLATEY
Bombur sem bæta geð!
Hljóðhimna hvað? Ha...?
BOMBA.IS
EYJAFJALLA-JÖKULL
BOMBA.IS
STÓRI HVELLUR - TITANÍUM
Vinsælasta terta síðasta árs
Opnunartímar
Föstudagur 28. des. ..............10-22
Laugardagur 29. des. ............10-22
Sunnudagur 30. des. ............10-22
Mánudagur 31. des. ..............10-16

www.super-flugeldar.com

# Super-Flugeldar

Háamýri ehf.

# SÚPER-KAUPAUKI

**Þú verslar fyrir 10.000 - 20.000.kr og færð 20% í kaupauka.**

**Þú verslar fyrir 20.000 - 30.000.kr og færð 25% í kaupauka.**

**Þú verslar fyrir meira en 30.000.kr og færð 30% í kaupauka.**

Dæmi: Jón verslar fyrir 22.000.kr og fær aukalega vörur fyrir 5500.kr.
Gildir ekki með öðrum tilboðum.

## KRAKKAPAKKI



Fullt verð: 5.900.kr

SÚPER TILBOÐ

**3.900.kr**

ATH AÐEINS 100 STK.

## FJÖLSKYLDUPAKKI



Fullt verð: 19.900.kr

SÚPER TILBOÐ

**12.900.kr**

ATH AÐEINS 100 STK.

## FRÁBÆRT ÚRVAL AF GLÆSILEGUM TERTUM!




## Sölustaðir okkar eru:

**KÓPAVOGUR**
Ögurhvarf 2

**AKRANES**
Kjaransstaðir Hvalfjarðarsveit

## Við styrkjum:

**Fjölskylduhjálp Íslands**
Reykjavík

**Fjölskylduhjálp Íslands**
Reykjanesbæ

**Mæðrastyrksnefnd**
Akranesi

www.super-flugeldar.com

AUGLÝSING – FRÍHÖFNIN KYNNIR

# ALLT FYRIR KARLMENN Á EINUM STAÐ

**Óhætt er að segja að árið 2012 hafi verið eitt besta rekstrarár í sögu Fríhafnarinnar. Í upphafi ársins var opnuð fyrsta Victoria´s Secret verslunin á Íslandi, og reyndar á öllum Norðurlöndunum, sem býður fyrst og fremst vörur fyrir konur og nú fyrir skemmstu var Be a Man opnuð, en hún er sérstök eðalverslun fyrir karlmenn.**

Be a Man var opnuð í brottfararverslun Fríhafnarinnar 21. desember síðastliðinn. Verslunin er sérstaklega ætluð körlum og fékk enskt nafn þar sem hún er starfrækt á alþjóðlegum flugvelli.

„Verslunin er einstök að mörgu leyti. Í fyrsta sinn er öllum snyrtivörum fyrir karla komið fyrir á einum stað í umhverfi sérhönnuðu fyrir karla. Þarna geta konur auðvitað verslað líka, eins og karlar gera í verslunum með vörur fyrir konur, en hugmyndin er að fólk þurfi ekki að fara um allt verslunarrými okkar til þess að leita að snyrtivörum fyrir karlmenn,“ segir Ásta Dís Óladóttir, framkvæmdastjóri Fríhafnarinnar. „Það eru kynningar á öllum vöruflokkum hjá okkur allan ársins hring. Nýbreytnin er að karlmenn geta nú skoðað snyrtivörur á meðan þeir smakka á þeim tegundum sem verið er að kynna hverju sinni. Þjónustan er sú sama og verið hefur, en í breyttu, bættu og skemmtilegu umhverfi.“

Hún segir margt standa upp úr á árinu. „Það hefur nánast verið ævintýralegt fyrir margra hluta sakir og meginskýringin sú mikla farþegaaukning sem varð á árinu. Þá skiptir sköpum í rekstri sem þessum að vera með gott vöruúrval á réttu verði. Við berum okkur stöðugt saman við samkeppnisaðila okkar, sem fyrst og fremst eru flugvellir erlendis og auðvitað í sumum tilvikum verslanir í erlendum borgum. Það sem við höfum þó hér á landi og er án efa okkar helsta samkeppnisforskot er starfsfólkið. Ég þori nánast að fullyrða að þjónustan og þekkingin á þeim vörum sem við bjóðum upp á sé meiri hér en á nágrannaflugvöllum okkar.“

En það eru ekki einungis nýjar verslanir sem setja svip sinn á reksturinn. Vöruframboðið í Fríhöfninni hefur stóraukist að undanförnu og nú má finna mikið af vörum í flestum vöruflokkum sem finnast hvergi annars staðar hér á landi. „Eins leynast gullmolar innan um, eins og til dæmis í rauðvínum sem eru á svo hagstæðu verði að starfsmenn framleiðenda erlendis kaupa það í miklu magni þegar þeir eiga leið um hjá okkur. Það verður að teljast gott,“ segir Ásta Dís. Hún segir verðlagið í heildina afar hagstætt og að stöðugar verðkannanir haldi fólki við efnið.

„Við heyrum ekki lengur kvartanir vegna verðlags á sælgæti, að það sé dýrara í Fríhöfninni en í ónefndum matvöruverslunum, enda höfum við lagt allt kapp á að vera afar samkeppnishæf hvað það varðar. Aðrir vöruflokkar hjá okkur eru þekktir fyrir lægra verðlag en gengur og gerist og við fáum oft á dag dæmi um það hversu hagstætt verðlagið sé orðið hjá okkur miðað við nágrannaflugvelli.“

Ásta Dís segir starfsfólk Fríhafnarinnar horfa fullt eftirvæntingar til nýs árs og hlakka til að takast á við þær áskoranir sem á vegi þeirra verða. „Við hjá Fríhöfninni óskum landsmönnum öllum gleðilegrar hátíðar.“

› Sjá nánar á visir.is/lifid



Í versluninni má finna allar snyrtivörur fyrir karla á einum stað.


Ásta Dís Óladóttir, framkvæmdastjóri Fríhafnarinnar, segir árið hafa verið ævintýralegt enda var ferðamannaaukningin mikil.



Þjónustan er sú sama en umhverfið er breytt, bætt og skemmtilegt.



Karlmenn geta nú skoðað snyrtivörur á meðan þeir smakka á þeim tegundum sem verið er að kynna hverju sinni.



Það er breitt vöruval í hverri línu.



Ralph Lauren ilmir í úrvali.



Meðal vörumerkja má nefna Ralph Lauren, Hugo Boss og Armani.




25. júní

## Hrafnhildur Hafsteinsdóttir

Barnalán hefur svo sannarlega leikið við hjónin Hrafnhildi Hafsteinsdóttur og Bubba Morthens. Þau eignuðust gullfallega dóttur þann 7. maí á árinu sem er að líða og eiga því nú saman alls sex börn. Saman eiga þau dótturina Dögun París þriggja ára og fyrir á Hrafnhildur Isabellu Ósk sjö ára og Bubbi þau Hörð 21 árs, Grétu 19 ára og Brynjar 14 ára.

Þegar Lífið spurði Hrafnhildi hvers hún óskaði sér í framtíðinni svaraði hún: „Það er gaman að segja frá því að ég á fallegan óskakassa sem vinkona mín gaf mér fyrir nokkrum árum og reglulega skrifa ég niður markmið, drauma og óskir og set í kassann. Stærsta óskin mín er að fjölskyldan mín sé heilbrigð og er ég þakklát fyrir hvern dag sem svo er. Ég á líka fullt af veraldlegum óskum eins og að geta ferðast með fjölskyldunni og sýnt börnunum heiminn; pýramídana í Egyptalandi, hringleikahúsið í Róm, fara til Ríó á karnival og til Indlands að læra að elda góðan mat. Ég á fullt af fallegum óskum en á hverjum morgni tek ég stutta hugleiðslu og bæn og svo þakka ég alltaf fyrir það sem ég á. Það er gott að láta sig dreyma – því draumar geta ræst.“




9. mars

## Helga Arnar

Helga Arnardóttir, fréttamaður á Stöð 2, fékk blaðamannaverðlaun 2011 fyrir umfjöllun ársins. Hún fjallaði ítarlega um Geirfinnsmálið í Íslandi í dag á Stöð 2, meðal annars á grundvelli nýrra gagna sem hún kynnti til sögunnar.

„Ég hugsa að konur af annarri kynslóð hafi þurft að mæta miklu meira andstreymi af hálfu karlmanna í fréttamennskunni hér á árum áður. Jafnréttið er held ég komið inn í genetíska vitund jafnaldra minna að miklu leyti.“




21. janúar

## Manúela Ósk Harðardóttir

„Glamúrinn við útlandið var fljótur að fölna og heimþráin magnaðist upp með hverju árinu,“ sagði Manúela Ósk Harðardóttir, sem var nýflutt heim til Íslands eftir nokkurra ára dvöl erlendis. Hún sagðist horfa björtum augum fram á við eftir erfiða tíma í einkalífinu og slæma útreið í fjölmiðlum í kjölfar skilnaðar.




2. mars

## Elín Hirst

Elín Hirst sinnir ömmuhlutverkinu af mikilli natni og einlægni. Hún prýddi forsíðu Lífsins með eins árs gamalli sonardóttur sinni, Margréti Stefaníu Friðriksdóttur Hirst. Elín rifjaði upp með Lífinu eftirminnileg atvik á þrjátíu ára löngum farsælum fjölmiðlaferli og svaraði hispurslaust, spurð hvort hún gæti raunverulega hugsað þér að bjóða sig fram til embættis forseta Íslands, eftirfarandi: „Já, það get ég. Það eru hins vegar ýmis ljón á veginum. Fyrsta ljónið er núverandi forseti. Ætlar hann að gefa kost á sér í fimmta sinn eður ei? Hann stóð illa eftir hrunið og tengsl hans við almenning höfðu beðið skaða, en svo hefur hann náð aftur sambandi við fólkið í landinu til dæmis með því að efna til þjóðaratkvæðagreiðslu um Icesave-samninginn. En að mínum dómi er þetta orðið ágætt eftir sextán ár í embætti. Það þarf að hleypa frískum vindum inn á Bessastaði. Fleiri ljón eru í veginum fyrir hugsanlega forsetaframbjóðendur.“

# LÍFIÐ LÍTUR UM ÖXL UNDIR LOK ÁRS

**Hér má sjá örlítið brot af þeim glæsilegum konum sem Lífið spjallaði við á árinu sem er að líða. Allar deildu þær með okkur meðal annars reynslu úr lífi sínu, lífsviðhorfum sínum, gleði og sorg. Lífið þakkar öllum þeim sem komu í blaðið á árinu og hlakkar til að tala við enn fleiri á því næsta.**

20. apríl

## Guðlaug Jónsdóttir




Arkitektinn Guðlaug Jónsdóttir, betur þekkt sem Gulla, hefur búið í Los Angeles í rúmlega tuttugu ár þar sem hún sinnir ástríðu sinni sem er að hanna og skapa. Hún ræddi um verkefnin, Hollywood og ástina. Spurð hvort hún væri tilbúin að hleypa manni inn í líf sitt og hvaða kosti hann þyrfti að bera svaraði Gulla: „Já, loksins er ég tilbúin. Hann má hafa fullt af góðum kostum en hann má bara ekki hafa galla. Þetta er sagt í gríni að sjálfsögðu. Snýst þetta ekki allt um „chemistry“ og að tengjast annarri manneskju? Það er ekki auðvelt að finna.“

28. september

## Svanhildur Jakobsdóttir




Lífið hitti Svanhildi Jakobsdóttur söngkonu og átti við hana einlægt spjall um lífið eftir fráfall Ólafs Gauks, lífsförunauts hennar. Svanhildur var þá og er enn í dag umvafin verkefnum og nýtur lífsins. Spurð um eiginmann sinn, tónlistarmanninn Ólaf Gauk sem féll frá fyrir rúmu ári, og hvernig henni hefði tekist að takast á við sorgina og missinn svaraði Svanhildur: „Já, Gaukur er farinn, en ég er hér enn þá og fyrst svona þurfti að fara, er ég þakklát fyrir að hann fór á undan mér. Held að það hefði verið verra ef ég hefði farið fyrst. Oft erfiðara fyrir karlmenn að spjara sig eina og ég hugsa að það hefði getað orðið nokkuð snúið fyrir hann. Við vorum alla tíð mjög náin og studdum hvort annað í lífsins ólgusjó. Og það gengur allt vel hjá mér, enda nóg við að vera, sem mér finnst skemmtilegast. Svo eignuðumst við tvö ótrúleg börn saman, Önnu Mjöll og Andra Gauk, sem eru í sífelldu sambandi þótt þau búi bæði í annarri heimsálfu.“




31. ágúst

## Linda Pétursdóttir

Linda rifjaði meðal annars upp hættulega páskaferð með Ísabellu Ásu.

„Þetta var ógurlega sérstakt allt saman. Við mæðgur vorum í fríi í Taílandi síðastliðna páska og vorum á leið út í bát á seinasta degi okkar, búnar að pakka og á leið út á flugvöll þegar okkur var snúið við og maður skildi bara að kallað var „tsunami, tsunami!“. Við hlið okkar voru eldri hjón, bresk, sem buðu okkur að koma með sér upp á þeirra herbergi þar sem við vorum búnar að skila af okkur herberginu okkar.

Vissulega var ég mjög hrædd þar sem við biðum í rafmagnsleysinu við magnaða tónlist himinsins, þar sem þrumur og eldingar létu heldur betur í sér heyra. Við máttum alveg eins eiga von á því að vera að bíða eftir dauðanum og hver mínúta var heil eilífð. Lítið var um að skilaboðum væri komið til okkar sem biðum óttaslegin eftir því sem verða vildi, en fengum þó að vita eftir nokkurra klukkutíma bið að von væri á 5-6 metra háum öldum eftir um þrjátíu mínútur. Það var óhugnanlegur tími. Við vorum föst þarna og ekki hægt að komast af staðnum sem við vorum á nema með bát. Bak við hótelið voru aðeins háir klettar sem ekki var hægt að klifra upp í.“




26. október

## Valdís Konráðsdóttir

Í október á hverju ári snýr þjóðin bökum saman og sýnir konum þessa lands sem háð hafa baráttu við brjóstakrabbamein stuðning og minnist þeirra sem sjúkdómurinn hefur fellt ásamt því að auka vitund kvenna almennt um sjúkdóminn. Innlegg Lífsins var saga hinnar hugrökku Valdísar Konráðsdóttur, 34 ára, en hún tók örlögin í eigin hendur ef svo má segja og fór í mikla forvarnaraðgerð þar sem löng og mikil saga um krabbamein er í fjölskyldunni.

Eftir röð áfalla í fjölskyldunni breyttist viðhorf Valdísar gagnvart brjóstnámi. „Ég og maðurinn minn tókum þá ákvörðun í sameiningu að bíða ekki eftir því að greinast með krabbamein heldur láta fjarlægja þessa ógn sem fyrst. Í framhaldi fórum við hjónin saman í viðtöl til lýtalækna og reyndum að fá eins miklar upplýsingar um brjóstnám og hægt var.

Á þessu tíma fékk ég símtal frá yndislegri konu sem einnig hafði farið í gegnum svona fyrirbyggjandi aðgerð. Við hittumst og hún leiddi mig í gegnum sína sögu, sem er mér ómetanlegt. Það breytti öllu fyrir mig að eiga hana að og geta fengið upplýsingar og sjá brjóst, ör og annað eftir svona aðgerð.“


POPPAÐU UPP
NÝJA ÁRIÐ
ANTON & BERGUR
POPCORNERS
THE NEW SHAPE OF POPCORN
CARAMEL
WHITE CHEDDAR
CHEESY JALAPEÑO
KETTLE
SEA SALT
Við þökkum frábærar viðtökur á árinu sem er að líða
POPCORNERS
THE NEW SHAPE OF POPCORN
Glúten frítt

# SOLLU-DJÚS ALLRA MEINA BÓT



Það er vissulega við hæfi að fá uppskriftina að einum „grænum“ safa eins og Solla Eiríks kallar hann. Græni er gerður úr spínati, sellerí, límónulaufi, engifer, límónu og kryddjurtum eins og kóríander, steinselju, mintu og „fullt fullt af ást“, eins og Solla segir sjálf nú þegar landinn tekur sig á í mataræðinu með komu nýs árs.





Solla Eiríks, eigandi Gló, og Dorrit Moussaieff forsetafrú hafa báðar brennandi áhuga á heilsu.

Helgar-MATURINN



# JARÐARBERJA-SPRENGJUR Á ÁRAMÓTUNUM

***Brynja Björk Garðarsdóttir* deilir hér dásamlegum eftirrétti sem er tilvalinn í áramóta- eða nýársveisluna. Rétturinn er einfaldur og góður en líka ferskur og dísætur eins og eftirréttir eiga að vera.**

## Jarðarberjasprengjur



500 grömm jarðarber
2 tsk. vanillusykur
2 tsk. trönuberjasafi
500 ml þeytt-ur rjómi
1 marengsbotn

Skerið jarðarberin í litla bita og blandið saman við vanillusykurinn.
Látið bíða meðan rjóminn er þeyttur. Myljið gróflega marengsbotninn og blandið varlega saman við rjómann og loks jarðarberjablönduna.
Berið fram í glösum eða skálum á fæti með nokkrum jarðarberjum á toppnum.





## Nudd

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Reykjav. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

Nudd Nudd Nudd tilboð í dag, tímapantanir. Uppl. í s. 616 6469. Nuddstofan Svæði 105 Holtin.

Klassískt fótanudd svæði 200 s : 771-2117 Urzsula

**NUDD OG HEILSA**
Margar teg. af NUDDI. Einnig DETOX-úthreinsun, FÓTAAÐGERÐIR og SNYRTING. Viðráðanleg verð og þú kemst fljótt að. Opið frá 12-18 alla daga nema sun. S. 823 8280. www.nuddogheilsa.is

## SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

### Flug



**EINKAFLUGMANNSNÁM**
Hefst 7.janúar, skráning á www.flugskoli.is.

## HÚSNÆÐI

### Húsnæði í boði

**GISTIHEIMILI - GUESTHOUSE WWW.LEIGUHERBERGI.IS**
1-2 manna herb. á Funahöfða 17a og 19. Rooms for 1-2 persons in Funahöfða 17a -19 Rvk.
**Uppl/info í S. 824 4535. frá kl. 10-20. www.leiguherbergi.is**

Til leigu góð 2ja herb. íbúð, langtímaleiga, svæði 111. 130þús per mán. Heppileg Stætó leið til Háskólans. Tryggingar krafist, ekki leyfð gæludýr. Íbúin er laus. S. 841 1122.

### Sumarbústaðir

**GISTING - AKUREYRI**
Skógarhlíð 27, 601 Akureyri, 160 fm einbýlishús, 4 svefnherb. Aðstaða fyrir ca 13 manns. Leyfilegt að hafa hund í Skógarhlíð. Er einnig með fleiri orlofshús og sumarbústaði við Akureyri með heitum potti.
**orlofshus.is Leó 897 5300**

### Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**GEYMSLULAUSNIR.IS**
Búslóðageymsla og flutningar. Gott verð, sækjum og sendum. S. 615-5005.

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sér geymslur frá 3.900. 1-17m2. Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhús, upphitað og vaktað. S: 564-6500

## ATVINNA

### Atvinna í boði

**VERKSTJÓRI**
Verkstjóra vantar í lítið frystihús í Þorlákshöfn, á sama stað vantar matsmann í saltfisk verkun. Uppl í síma 8920367

Vantar fólk í sölu og áfyllingar. Fullt starf og um helgar, þarf að tala og skilja íslensku. Allar umsókir sendist á frumkonnun@gmail.com

**ÍSLENSK FYRIRTÆKI SEM STARFAR Í NOREGI.**
Óskar eftir smiðum sem hafa áhuga á að starfa í Noregi á næsta ári. Vinsamlegast skráið nafn og símanúmer á iceland61@gmail.com

### Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA EÐA JÁRNABINDINGAMENN?**
Höfum á skrá menn sem óska eftir mikilli vinnu. Geta hafið störf nú þegar.
**Starfsmannaþjónustan S. 661 7000.**

## TILKYNNINGAR

### Fundir

**FUNDARBOÐ**
Hluthafafundur Borgarbílarstöðvarinnar ehf. verður haldinn 3. janúar 2013 kl. 13:00 að Nethyl 2 í Reykjavík. Á Dagskrá fundarins er hlutafjárhækkun, meðferð eignahluta og önnur mál.
**Fh. stjórnar Júlíus Einarsson framkvæmdarstjóri.**







# VIÐ ERUM...




# ... VÖKNUÐ MEÐ ÞÉR




# ... AÐ HLUSTA Á ÞIG




# ... SAMFERÐA ÞÉR




# ... GÓÐUR VINNUFÉLAGI!

BYLGJAN 989
- ALLIR ERU AÐ HLUSTA!



**BETRI STJÓRNMÁL** „Öll pólitíkin á Íslandi, og nú er ég ekki að benda fingri á neinn ákveðinn stjórnmálaflokk, er, held ég, allt saman drasl. Það er kominn tími til að henda þessu og byrja upp á nýtt," segir Kári Stefánsson. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

ember. Ef þarna hefði verð fagmaður að verki þá hefði hann vitað að ástæða þess að ég gæti ekki talað við hann væri sú að við vorum í þessu þagnartímabili sem er alltaf til staðar þegar svona viðskipti eiga sér stað. Þegar það var síðan búið að greina frá viðskiptunum þá hélt sami blaðamaður áfram að skrifa um að við hefðum verið komnir að fótum fram og lýsir sölunni eins og einhvers konar nauðungarsölu. Mér fannst það spaugilegt. Við vorum alls ekki komnir að fótum fram. Fyrirtæki eins og Íslensk erfðagreining, sem er að byggja upp verðmæti í hugverkum, er ekki með mikið tekjustreymi árum saman til að byrja með. Það sem skiptir máli er styrkur þeirra bakhjarla sem þú hefur. Við vorum með geysisterka fjárhagslega bakhjarla sem voru reiðubúnir að styðja við bakið á okkur miklu lengur ef með þurfti."

### Hagnaður skiptir ekki máli

Við kaupin verður ÍE eining innan stórrar samstæðu. Spurður hvort það skipti þá ekki máli hvort ÍE skili hagnaði eftir kaupin svarar Kári því játandi. „Einingin verður ekki notuð sem slík. Okkar hlutverk verður að halda áfram að gera uppgötvanir í erfðafræði sem nýtast annars staðar innan Amgen til tekjuöflunar. Þeir sjá því arðsemismöguleika í því að hafa getuna til að gera þessar uppgötvanir sem við erum að gera og taka síðan það sem út úr þeim kemur inn í sína lyfjagerð og búa til verðmæti. Fyrir það borga þeir þessa háu fjárhæð. Við erum orðin nokkurs konar verndaður vinnustaður og verðum með miklu meira fé en áður til að fjárfesta í tilraunum til að varpa ljósi á algengustu sjúkdóma mannsins. Við fáum að líta á erfðamengi mannsins til að reyna að skilja af hverju hann verður til, hvað hann gerir og reyna að skilja hvaða örlög bíða hans. Það eru forréttindi."

## VILL SEKTA BANKANA

Kári er með róttækar hugmyndir um hvernig Ísland getur náð sér aftur á gott efnahagslegt ról. Hann vill sekta gömlu bankana fyrir það sem þeir gerðu íslensku samfélagi. „Ef við horfum til dæmis á það þegar borpallur BP hrundi undan ströndum Bandaríkjanna fyrir nokkru, og olían olli allri þessari mengun, þá var BP sektað um 4,5 milljarða dala [um 560 milljarða króna].

Það þótti alveg sjálfsagt og það kvartaði enginn yfir því, ekki einu sinni BP. Nú fara þrír bankar á hausinn hér á Íslandi og valda gífurlegum skemmdum í íslensku samfélagi. Það er flest sem bendir til þess að það megi rekja einhvern þátt af þessum örlögum bankanna í að þeir hafi hagað sér óskynsamlega, óvarlega og jafnvel ólöglega. Hvernig stendur á því að við sektum ekki bankana? Hvers vegna erum við að greiða milljarða dala til erlendra vogunarsjóða sem keyptu kröfur á fimm sent á dalinn?

Það væri í samræmi við hefð í alþjóðasamfélaginu að sekta bankana og myndi auka virðingu okkar þar. Ef Alþingi setti lög um þetta þá myndi það vinna aftur þá virðingu sem það glataði í hruninu í íslensku samfélagi. Þetta yrði bara forgangskrafa í þrotabúið og algjörlega sjálfsögð sem slík. Á þann hátt væri hægt að greiða niður skuldir ríkisins og snúa í gang efnahagslífinu, sem hefur verið að hökta."

### Meðalörlög líftæknifyrirtækis

Kári segir örlög ÍE, að vera keypt af stóru lyfjafyrirtæki, mjög algeng örlög líftæknifyrirtækja. „Það tekur svona fyrirtæki að meðaltali um 15-20 ár að skila hagnaði. Endanlegt markmið er alltaf að búa til lyf eða greiningartæki og þá er hægt að hafa tekjur af þessu. Feykilega fá líftæknifyrirtæki ná að verða lyfjafyrirtæki og mjög stór hundraðshluti þeirra er keyptur á einhverjum tíma.

Það er í sjálfu sér ekkert óeðlilegt. Það er fyrst og fremst fjármögnunarvandi sem blasir við þessum fyrirtækjum. Að mörgu leyti hefur líftækniiðnaðurinn þjónað því hlutverki að undirbúa verkefni fyrir stóru lyfjafyrirtækin. Þau hafa mjög gjarnan keypt verkefni af þessum litlu fyrirtækjum eða keypt bara fyrirtækin sjálf. Okkar örlög eru því að mörgu leyti meðalörlög svona fyrirtækja."

### Starfsemin á Íslandi tryggð

Kaup Amgen tryggja starfsemi ÍE að minnsta kosti um nokkurra ára skeið. Að sögn Kára auka kaupin einnig möguleika á að auka umfang starfseminnar sem nú er innt af hendi og býður upp á að ráðast í ný

> Við fáum að líta á erfðamengi mannsins til að reyna að skilja af hverju hann verður til, hvað hann gerir og reyna að skilja hvaða örlög bíða hans.

verkefni. „Amgen væri ekki að kaupa fyrirtækið á 52 milljarða króna til að loka því. Starfsemin er því tryggð að minnsta kosti um fimm ára skeið. Mér finnst þetta spennandi staða til að vera í. Ég er fyrst og fremst vísindamaður og hef lengi beðið eftir því að fá að einbeita mér að því starfi í stað þess að róa til að halda þessu á floti.

Hinar jákvæðu fréttirnar við þessi kaup eru þær að það kemur inn til landsins mjög stór aðili og er reiðubúinn til að fjárfesta í vinnu af þessari gerð. Það bendir til þess að það eru ekki allir hræddir við að fjárfesta hér. Þetta er fyrsta stóra fjárfestingin inn í Ísland frá hruni. Það vekur alltaf þá möguleika á að það megi finna fleiri af þessari gerð."

## ÍSLENSKIR STJÓRNMÁLAMENN ERU DRASL

Kári er ekki þekktur fyrir að liggja á skoðunum sínum á öllu milli himins og jarðar. Hann segist vera einn af þessum mönnum sem eiga mjög auðvelt með að gagnrýna en geta kannski ekki boðið upp á tillögur til úrbóta. Það er þó ljóst að hann hefur sterkar skoðanir á þjóðmálum og sýn á hvað gæti hjálpað til við að gera líf okkar bærilegra. „Ég held að við séum tiltölulega dugleg þjóð sem hefur búið hér á þessari eyju, þar sem engin manneskja ætti að hafa lengi vel lifað af, í 1.100 ár. Ég held að við þurfum að finna einhverja leið út úr þeirri krísu sem við erum í í dag. Krísu sem er sjálfskaparvíti. Þetta er vissulega flókið og ég held að það sé mjög erfitt að vera í stjórnmálum þessa dagana og að þau séu svolítið mannskemmandi.

Ég held samt að við þurfum á betri pólitískri leiðsögn að halda. Öll pólitíkin á Íslandi, og nú er ég ekki að benda fingri á neinn ákveðinn stjórnmálaflokk, er, held ég, allt saman drasl. Það er kominn tími til að henda þessu og byrja upp á nýtt."

### Enginn mun bera okkur á herðum sér

Kári segir sjálfskaparvítið felast í því að við séum ekki að búa til nein ný verðmæti. „ Við erum enn að draga fisk úr sjó og bræða báxít sem flutt er hingað yfir hálfan hnöttinn. Af þessu lifum við. Mér finnst við ekki hafa verið mjög skapandi við að finna nýjar leiðir til að búa til verðmæti. Það skiptir til dæmis voðalega litlu máli hvort við förum inn í Evrópusambandið eða ekki. Það sem skiptir mestu máli er að við búum til meiri verðmæti en við notum. Hvernig við ætlum að framfleyta okkur. Það gerir enginn fyrir okkur og það mun enginn bera okkur á herðum sér."

Kári bendir til dæmis á að Íslendingar flytji inn meirihluta þess grænmetis sem þeir neyta frá löndum sem rækta það í gróðurhúsum. „ Hvað þarftu til að rækta slíkt í gróðurhúsum? Þú þarft ódýra orku, sem við eigum. Sama með gagnaverin sem áttu að byggjast upp hérna. Það gerðist aldrei vegna þess að það átti að selja orkuna á svo háu verði. Í stað þess að nota orkuna til að draga að hinar ýmsu atvinnugreinar hefur verið reynt að nota hana til að fá voðalega mikið fyrir hana. Ég held að það sé geysilega mikil skammsýni sem felst í því og ég held að við tökum ekki þetta vandamál nógu alvarlega."

### Þurfum að skilja kjarnann frá hisminu

„Til að eiga nokkur möguleika á því að byggja upp verðmæti verður að vera raunverulegt innihald að baki. Það þýðir ekki að standa upp, berja sér á brjóst og segja að við séum flinkastir í upplýsingatækni, að við séum svo rosalega flinkir tónlistarmenn og að við séum með svo rosalega flottan ferðaiðnað. Það verður að vera eitthvað að baki, annað en það að vera ánægð með okkur sjálf. Ég held að við sem þjóð eigum möguleika til verðmætasköpunar á mörgum sviðum. En við verðum að búa til kerfi sem skilur kjarnann frá hisminu."

## ANNAÐ SEM VAR NEFNT

**SALAN Á 60 PRÓSENTA HLUT Í TM**

**SALA SLITASTJÓRNAR LANDSBANKANS Á VERSLUNARKEÐJUNNI ICELAND FOODS GROUP**

**ÁFRAMHALDANDI ÚTRÁS CCP OG SKULDABRÉFAÚTGÁFA** „Með ríkulegri umframeftirspurn og traustri fjármögnun á framtíðaráformum félagsins."

**KAUP ERLENDRA AÐILA Á SKULDABRÉFUM FÖLLNU BANKANNA** „Ótrúlega góð ávöxtun, þrátt fyrir að hún hafi aðeins dalað í lok árs þegar umræða um þetta fór loksins af stað."

**SALAN Á ICELANDIC USA TIL HIGHLINER FOODS**

**ÚTBOÐ OG SKRÁNING VODAFONE**

**SÖLUSAMNINGUR MARELS VIÐ FISKFRAMLEIÐANDA Í NORÐAUSTURHLUTA KÍNA**

**ÚTGÁFA OG SALA RÍKISSJÓÐS Á SKULDABRÉFUM Í BANDARÍKJADÖLUM Á ERLENDUM MÖRKUÐUM** „Góður áfangi en illa nýttur til frekari sóknar."

**KAUP WOW AIR Á ICELAND EXPRESS** „Aðdragandinn var spennuþrunginn."

**SKRÁNING HAGA Á MARKAÐ**

**VEL HEPPNAÐAR SKRÁNINGAR Í KAUPHÖLLINNI**

**SALAN Á NIKITA** „Var selt til erlendra fjárfesta á alvöru verði. Menn fá alltaf „respect fyrir exit"."

**KAUP TÍTAN Í SKÝRR**

**NÝTING Á GJALDEYRISÚTBOÐUM SEÐLABANKA ÍSLANDS** „Aðilar sem komu fé út úr landinu fyrir hrun geta komið með það til baka og fengið tugprósenta afslátt á því sem þeir kaupa hér í boði Seðlabankans. Ótrúlega góður díll."

## Í dómnefnd Markaðarins sátu:

Árni Hauksson/Hallbjörn Karlsson, fjárfestar • Ása Katrín Hólm Bjarnadóttir, formaður Leiðtoga Auðar og ráðgjafi hjá Capacent • Friðrik Guðjónsson, framkvæmdastjóri Keldunnar • Gestur G. Gestsson, forstjóri Advania • Gísli Hauksson, framkvæmdastjóri Gamma • Herdís Dröfn Fjeldsted, fjárfestingastjóri hjá Framtakssjóði Íslands • Hjálmar Gíslason, stofnandi og framkvæmdastjóri Datamarket • Hulda Bjarnadóttir, framkvæmdastjóri Félags kvenna í atvinnurekstri • Kolbrún Jónsdóttir, framkvæmdastjóri Kjölfestu • Magnús Þorlákur Lúðvíksson, blaðamaður á Fréttablaðinu • Margrét Kristmannsdóttir, framkvæmdastjóri Pfaff og formaður Samtaka verslunar og þjónustu • Páll Harðarson, forstjóri Kauphallarinnar á Íslandi • Svana Gunnarsdóttir, sérfræðingur fjárfestinga hjá Frumtaki • Svana Helen Björnsdóttir, forstjóri Stika og formaður Samtaka iðnaðarins • Valdimar Halldórsson, aðstoðarmaður atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra • Vilhjálmur Bjarnason, framkvæmdastjóri Samtaka fjárfesta og dósent við HÍ • Þóranna Jónsdóttir, framkvæmdastjóri stjórnunar og reksturs hjá HR • Þórður Snær Júlíusson, umsjónarmaður Markaðarins.

# Kvikmyndaárið mikla 2012 gert upp

***Kvikmyndafyrirtækið True North þjónustaði fjögur stór, erlend upptökuverkefni hér á landi á árinu. Markaðurinn ræddi við Leif B. Dagfinnsson framleiðanda um metárið og möguleikana í erlendri kvikmyndagerð á Íslandi.***

**VIÐTAL**
**Magnús Þorlákur Lúðvíksson**
magnusl@frettabladid.is

Ársins 2012 verður sennilega minnst sem ársins þegar Ísland var einn helsti viðkomustaður kvikmyndagerðarmanna frá Hollywood. Á árinu voru fjórar stórar kvikmyndir teknar upp að hluta á Íslandi: Oblivion með stórstjörnunni Tom Cruise, Noah með Russell Crowe í titilhlutverkinu, ofurhetjumyndin Thor 2 og loks kvikmynd Bens Stiller, The Secret Life of Walter Mitty.

Það var íslenska kvikmyndagerðarfyrirtækið True North sem þjónustaði framleiðendur myndanna fjögurra hér á landi en segja má að True North hafi verið viðriðið öll stór erlend kvikmyndaverkefni á Íslandi í seinni tíð. „Árið 1984 var upphafsatriði James Bond myndarinnar A View to a Kill tekið upp hérna en síðan gerðist í raun ekkert þangað til að Tomb Raider kom árið 2000 og í kjölfarið kom Die Another Day. Ég vann við þau verkefni hjá Saga film ásamt meðal annars Helgu Margréti Reykdal og Árna Páli Hanssyni. Það kallaði á okkur að gera hlutina eftir eigin höfði og úr varð True North,“ segir Leifur um stofnun True North.

Fyrstu verkefni nýja fyrirtækisins voru við framleiðslu Latabæjarþáttanna og við gerð kvikmyndar Baltasars Kormáks, A Little Trip to Heaven. Næsta verkefni kom hins vegar úr óvæntri átt og er enn hið stærsta sem lagst hefur verið í á Íslandi; kvikmynd Clint Eastwood Flags of Our Fathers. „Við vorum með þúsund manns á tökustað að taka upp umfangsmiklar orrustusenur með skriðdrekum og alls konar tækjum. Það má segja að þetta hafi verið eina nútíma orrustan sem hefur farið fram á Íslandi,“ segir Leifur og heldur áfram: „Þetta verkefni breytti algjörlega sýn manns á bransann. Þau vinnubrögð sem við kynntumst hjá Eastwood og hans teymi eru þau vinnubrögð sem við höfum síðan reynt að viðhafa. Enda nýtur maðurinn ómældrar virðingar í geiranum. Við vorum annars heppin að fá þessa mynd. Krónan var sterk árið 2005 og Eastwood kvartaði sáran undan kostnaði. Hins vegar var þetta eiginlega eini staðurinn þar sem hægt var að taka upp það sem hann vildi. Þeir höfðu fundið eina aðra strönd á Havaí en svo mátti ekki taka þar upp vegna sjaldgæfra skjaldbaka sem verpa þar eggjum.“

Í kjölfar Flags of Our Fathers komu þrjár erlendar kvikmyndir til Íslands; Hostel 2, Stardust og Journey to the Center of the Earth. Leifur segir að verkefnin hafi komið til Íslands af ástæðum sem voru sérstakar fyrir hverja mynd og bendir á að gengi krónunnar hafi gert það að verkum að dýrt var að koma til Íslands á þessum tíma. Það breyttist hins vegar snögglega í kjölfar bankahrunsins sem Leifur segir að sé ein helst skýring vinsælda Íslands sem tökustaðar undanfarið.

**Frekari sóknarfæri til**

„Hrun krónunnar hafði mikið að segja. Strax og við áttuðum okkur á því hvað var að gerast sendum við kort til helstu tengiliða þar sem við vorum búin að stækka Ísland. Skilaboðin voru þau að nú fengist tvöfalt meira fyrir peninginn. Annað sem skiptir miklu er endurgreiðsluprósentan en frá 2001 hafa erlend fyrirtæki átt rétt á endurgreiðslu á 14% af framleiðslukostnaði kvikmynda. Þau lög eru algjört lykilatriði þar sem án þeirra væri Ísland ekki samkeppnishæft. Fjórtán prósenta endurgreiðsla er hins vegar ekkert sérlega há og þess vegna beittum við okkur fyrir því í kjölfar hrunsins að þetta hlutfall yrði hækkað þar sem ljóst var að gengishrunið hafði gert Ísland að alvöru valkosti. Við töldum að 20% endurgreiðsla myndi fá meiri athygli og skila sér í fleiri verkefnum. Og herferðin heppnaðist því hlutfallið var hækkað í 20% árið 2009 en ég held að síðasta eitt og hálft ár hafi sannað að það hafi verið rétt ákvörðun,“ segir Leifur og heldur áfram: „Þetta eru sennilega helstu ástæðurnar en þær eru svo sem fleiri. Okkur hefur til dæmis tekist að marka Íslandi stöðu sem tökustað sem auðvelt er að selja sem aðra plánetu en það byggir auðvitað á okkar mögnuðu náttúru. Þá hafði gosið í Eyjafjallajökli nokkuð að segja en það kom Íslandi á allra varir.“

Spurður hvaða styrkleika Ísland hafi sem tökustaður, svarar Leifur: „Okkar helstu styrkleikar eru náttúran, innviðir landsins og þekking starfsfólksins. Þá njótum við góðs af því að vera stutt frá London þaðan sem margar stórar myndir eru keyrðar. Þetta hjálpar allt saman og sömuleiðis það að núna erum við komin með orðspor fyrir fagmennsku. Duncan Henderson, sem er aðalframleiðandi Oblivion og stjórnaði á sínum tíma stóru myndveri, sagði þannig við okkur í sumar að ef einhver myndi spyrja sig hvernig það væri að taka upp kvikmynd á Íslandi myndi hann svara: „It's easy!“. Það er mesta hrós sem maður getur fengið í þessum bransa.“



**LEIFUR B. DAGFINNSSON** Leifur stofnaði True North árið 2003 ásamt þáverandi samstarfsfólki sínu hjá Saga film. Fyrirtækið hefur síðan þjónustað flest erlend kvikmyndaverkefni sem komið hafa til Íslands en þar að auki framleiðir fyrirtækið auglýsingar og sér um viðburði. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## GAGNAST ÍSLENSKRI KVIKMYNDAGERÐ

Umfang True North hefur aukist síðustu misseri í tengslum við aukið annríki. Starfsmenn fyrirtækisins eru tólf í dag og hefur fjölgað úr fimm stuttu eftir bankahrun. Leifur segir að velta í kvikmyndabransanum sé afstæð en bætir við að árið 2012 hafi verið algjört metár. „Þessar bíómyndir voru allar keyrðar í gegnum True North þannig að á þessu ári er veltan sennilega ríflega fjórir milljarðar sem er algjört met. Á góðu ári hjá fyrirtæki af þessari stærðargráðu væri 500 milljóna velta góð þannig að kúrfan fór alveg út af línuritinu á þessu ári,“ segir Leifur og bætir við að erlendu kvikmyndaverkefnin hafi ýmis önnur jákvæð áhrif í för með sér. „Það er til að mynda alveg ómetanlegt fyrir íslenskt kvikmyndagerðarfólk að fá tækifæri til að vinna náið með heimsklassafagfólki og fylgjast með vinnubrögðum þess. Þá er það ábatasamt að vera með það á ferilskránni að hafa unnið með svona nöfnum. Fæstir fá nokkru sinni tækifæri til þess að vinna með Clint Eastwood þrátt fyrir eindreginn vilja en þegar hann kom hingað réð hann næstum hvern einasta kjaft með þekkingu á kvikmyndagerð.“

Leifur segir að hann og samstarfsfólk hans sé þreytt en brosandi eftir árið. „Þetta hefur verið mjög skemmtilegur tími en vinnudagarnir hafa verið langir og strangir. En við fögnum því auðvitað bara, því eftir bankahrun voru framlög til Kvikmyndasjóðs lækkuð og því minna verið að gera í innlendri kvikmyndagerð en menn hefðu viljað. Það er því frábært að fá þessi verkefni til Íslands þannig að fólk hefur getað haft reglulegar tekjur. Ég held því að flestir ættu að hafa getað verslað í jólamatinn í ár.“

> Það eru tvö mjög spennandi verkefni sem er útlit fyrir að komi til Íslands. Annað er raunar risaverkefni, vísindaskáldsaga sem heimsfrægur og virtur leikstjóri ætlar að gera.

Leifur leggur þó áherslu á að Ísland hafi einnig veikleika sem tökustaður. Þannig bendir hann á að flutningskostnaður sé hár ekki síst vegna hás bensínverðs og þess hve dýrt sé að leigja bíla og trukka. „Þetta er okkar Akkilesarhæll vegna þess að flutningur á tækjum og starfsfólki er stór kostnaðarliður í kvikmyndagerð. Þetta hefur líka versnað með skattahækkunum en mér finnst stórskrýtið að hækka skatta og gjöld á bíla og bensín í ljósi þess að Ísland er eyland með einhverja strjálbýlustu byggð í heimi.“

Leifur segir að þrátt fyrir vinsældir Íslands sem tökustaðar undanfarið séu enn sóknarfæri til staðar. „Ég held að Nýja-Sjáland ætti að vera okkur fyrirmynd í þessum efnum. Þar sjáum við stjórnvöld leggja mikið á sig til að fá kvikmyndaverkefni til sín, svo sem Hobbitann, með það fyrir augum að byggja síðan upp ferðaþjónustu í kringum myndirnar. Við getum gert það sama hér en sem dæmi má nefna að hjá Jökulsárlóni verður fólk enn þá vart við ferðamenn sem eru að koma þangað af þeirri einu ástæðu að það var í Die Another Day. Ég held að ef við myndum hækka endurgreiðsluna upp í eins og 25% og efla markaðssetningu landsins þá myndi áhuginn á Íslandi aftur tvöfaldast. Þá værum við líka orðin samkeppnishæf um innitökur að því gefnu að einhver væri tilbúinn til að fjárfesta í myndveri hér. Þá væri líka hægt að taka upp allt árið. Ég tel það fullkomlega raunhæft til framtíðar. Fyrst það er hægt að reka myndver á Nýja-Sjálandi ætti það að vera hægt hér. Vinnuaflið og þekkingin er til staðar, tækin og tólin eru að mestu til staðar og það sem vantar upp á má auðveldlega flytja inn. Þar fyrir utan má nefna að nú þegar við höfum eignast leikstjóra í Baltasar Kormáki sem er orðinn nafn í Hollywood getur hann beitt sér fyrir því að myndir komi hingað,“ segir Leifur.

**Tvær myndir enn á leiðinni**

Að lokum segir Leifur að síminn sé sem betur fer ekki þagnaður eftir annríkið undanfarið. „Það eru tvö mjög spennandi verkefni sem er útlit fyrir að komi til Íslands. Annað er raunar risaverkefni, vísindaskáldsaga sem heimsfrægur og virtur leikstjóri ætlar að gera. Hitt verkefnið er minna en það er þess eðlis að það mun vekja mikla athygli á Íslandi. Í báðum tilfellum hafa framleiðendurnir komið að skoða tökustaði og nú er verið að ganga úr skugga um hvort þetta gengur ekki alveg örugglega. Það er svona næstum frágengið að minna verkefnið komi, þótt ekkert sé öruggt í þessum bransa, en stærra verkefnið er komið aðeins skemmra á veg en er í jákvæðri vinnslu. Síðan er búið að hafa samband við okkur vegna tveggja annarra verkefna en það er óvíst hvort þau yrðu á næsta ári. Þannig að þessi bylgja virðist ekki alveg búin.“




# VIÐBURÐARÍKT ÁR

## Í OKKAR HUGA ER FRÆÐSLA ÓAÐSKILJANLEGUR ÞÁTTUR FAGMENNSKU

**VÍB hefur staðið fyrir 92 fræðslufundum sem yfir 12 þúsund manns hafa sótt eða fylgst með á vef okkar frá byrjun árs 2011.**

Á fundum VÍB hafa innlendir og erlendir sérfræðingar á sviði efnahagsmála, fjárfestinga og sparnaðar deilt reynslu sinni, þekkingu og framtíðarsýn með viðskiptavinum okkar og almenningi. Upptökur frá fundum okkar eru öllum aðgengilegar á **vib.is/fraedsla/upptokur**.

Á nýju ári munum við halda áfram að styðja fagmennsku í eignastýringu með fræðslu- og umræðufundum um þá þætti sem skipta höfuðmáli þegar ákvarðanir eru teknar um sparnað, fjárfestingar, eignastýringu og lífeyrismál. **Vertu með okkur. Skráðu þig á boðslista VÍB á www.vib.is/postlisti** og taktu þátt í að skapa vettvang faglegrar umræðu á sviði eignastýringar, viðskipta og efnahagsmála.

**VÍB er eignastýringarþjónusta Íslandsbanka** | Kirkjusandi | 155 Reykjavík | Sími 440 4900 | vib@vib.is | www.vib.is | Finndu okkur á Facebook

ENNEMM / SIA / NM55751

# Evrukreppan endalausa

***Alvarleg skuldakreppa nokkurra evruríkja hefur allt þetta ár haldið áfram að íþyngja efnahagslífi annarra Evrópuríkja og helstu viðskiptalanda þeirra sömuleiðis. Þá hefur hvert bankahneykslið á fætur öðru uppgötvast.***

**ERLENT**
**Guðsteinn Bjarnason**
gudsteinn@frettabladid.is




**NIÐURSKURÐI MÓTMÆLT** Spánverjar hafa, rétt eins og Grikkir og fleiri evruþjóðir, verið afar óánægðir með aðhaldsaðgerðir stjórnvalda og óspart látið í sér heyra á árinu. NORDICPHOTOS/AFP

Þriðja árið í röð hefur skuldabaggi gríska ríkisins hvílt sem mara, ekki bara á grísku þjóðinni heldur einnig á hinum evruríkjunum sem enn eiga í mestu vandræðum með að koma í veg fyrir að vandi Grikkja dragi þau niður með sér.

Afborganir af þessari skuldasúpu hafa verið og verða enn um sinn hærri en gríska ríkið ræður við. Þess vegna hafa grísk stjórnvöld staðið í ströngu við niðurskurð og skattahækkanir, en á móti hafa Evrópusambandið (ESB) og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn (AGS) útvegað Grikkjum fé úr neyðarsjóðum sínum til að brúa bilið.

Ríkisskuldir Grikkja nema enn um 180 prósentum af þjóðarframleiðslu og hefur þetta hlutfall hækkað nokkuð á árinu þrátt fyrir stórfellda niðurfellingu skulda enda hefur þjóðarframleiðslan haldið áfram að dragast saman.

### Grikkjum hjálpað

Í febrúar samþykktu ESB og AGS að veita Grikkjum 130 milljarða evra úr neyðarsjóðum sínum, til viðbótar fyrri greiðslum upp á 110 milljarða. Alls hafði þá verið samþykkt að Grikkir fengju meira en 240 milljarða evra í neyðaraðstoð og hafa þeir í staðinn lofað að skera niður í ríkisfjármálum um sem nemur meira en 140 milljörðum evra.

Í mars samþykktu svo flestir lánardrottnar Grikklands, að undanskildum ríkisbönkum, niðurfellingu skulda gríska ríkisins upp á ríflega 100 milljónir evra í febrúar. Þar með losnuðu Grikkir á einu bretti við helming skulda sinna hjá bönkum, öðrum einkafyrirtækjum og fjárfestum.

Í kjölfarið fylgdu svo kosningar í Grikklandi með töluverðri óvissu mánuðum saman, og þegar leið fram á sumar varð ljóst að Grikkir höfðu ekki getað staðið við sparnaðarloforð sín. Þeir tóku að biðja um lengri frest til þess að koma ríkisfjármálum sínum í sæmilegt horf.

### Hindrunarhlaup

Áður lofuðum greiðslum úr neyðarsjóðum ESB og AGS var frestað þangað til í lok nóvember þegar Grikkjum hafði, með herkjum, tekist að sýna fram á getu sína til að standa við sparnaðarloforðin.

Mikið hafði verið rætt um hugsanlegt brotthvarf Grikklands af evrusvæðinu, en líkur á því virðast hafa gufað upp – að minnsta kosti í bili.

Nú í desember tókst Grikkjum svo að kaupa til baka skuldir upp á um 30 milljarða evra, en greiddu aðeins um 10 milljarða fyrir.

Allt þetta varð til þess að stuttu fyrir jól hækkaði matsfyrirtækið Standard & Poor's lánshæfismat Grikklands um sex flokka, eða upp í B mínus. Fyrirtækið telur sem sagt litlar líkur á því að Grikkland lendi í greiðslufalli úr þessu.

### Lítill árangur

Önnur evruríki hafa einnig átt í verulegu basli með fjármál sín, ekki síst Miðjarðarhafsríkin. Á árinu sáu bæði Spánverjar og Kýpurbúar sér ekki annað fært en að leita á náðir ESB og AGS um neyðarlán, en áður hafa bæði Írar og Portúgalar auk Grikkja fengið aðstoð úr neyðarsjóðunum. Á Ítalíu hefur, rétt eins og á Spáni og Grikklandi, verið efnahagssamdráttur í meira en eitt ár.

Seðlabanki Evrópusambandsins spáir litlum hagvexti á evrusvæðinu öllu á næsta ári og rekur það einna helst til stöðnunar í efnahagslífi öflugustu evruríkjanna, svo sem Þýskalands, Frakklands, og Hollands.

Frakkar hafa átt í töluverðum erfiðleikum á árinu og kynntu í september ströngustu aðhaldsfjárlög sín í þrjátíu ár.

### Merkel gefur eftir

Jafnvel Þýskaland, sem hefur staðið einna best allra evruríkjanna, hefur ekki sloppið alveg. Þýski seðlabankinn spáir nú minni hagvexti á næsta ári, aðeins 0,4 prósentum, og virðist lítið þurfa til að það snúist upp í samdrátt.

Þá hafa Bretar, sem standa utan evrusvæðisins með sitt pund, einnig glímt við erfitt samdráttarskeið og gripið til harkalegs niðurskurðar sem hægristjórn Davids Camerons vonast enn til að skili árangri þegar fram líða stundir. Stjórnarandstæðingar telja niðurskurðinn hins vegar gera illt verra.

Angela Merkel Þýskalandskanslari hefur þurft að gefa töluvert eftir á árinu, ekki síst gagnvart Grikkjum.

Í upphafi ársins stóð hún enn föst á því að Grikkir ættu sjálfir að greiða sínar skuldir. Ábyrgðin á þeim ætti hvorki að lenda á Þýskalandi né neinu öðru evruríki. Smám saman virðist hún hafa áttað sig á því að það reikningsdæmi myndi aldrei ganga upp.

### Æ nánara samstarf

Í janúar féllust evruríkin á að mynda með sér fjárlagabandalag, með skýrum heimildum til refsiaðgerða á hendur einstökum ríkjum fari fjárlög þeirra úr böndunum. Undir lok ársins var gengið skrefi lengra og ákveðið að eftir áramótin verði bankabandalag að veruleika, með sameiginlegu fjármálaeftirliti.

Þá hafa Þjóðverjar smám saman sætt sig við að Seðlabanki Evrópusambandsins fengi heimildir til þess að taka æ virkari þátt í glímunni við skuldavanda evruríkjanna. Í lok febrúar útvegaði hann bönkum á evrusvæðinu ódýr lán í stórum stíl og í byrjun september kynnti hann nýja áætlun um að kaupa upp skuldir evruríkjanna á markaði, sem hann hefur reyndar gert í töluverðum mæli allt frá árinu 2010. Þessi inngrip seðlabankans hafa átt stóran þátt í að halda vanda evrusvæðisins í skefjum, en ganga þvert gegn þeirri stefnu sem Þjóðverjar töluðu fyrir lengi vel.

### Þverhnípið bíður

Bandaríkst efnahagslíf hafði varla náð að rétta að ráði úr kútnum frá árinu 2008 þegar alþjóðlega fjármálakreppan skall á. Hagvöxtur á árinu 2012 varð ekki nema 2,2 prósent og atvinnuleysið er 7,7 prósent. Orka stjórnmálamanna hefur að stórum hluta farið í kosningabaráttu, með harðvítugum deilum repúblikana og demókrata, meðal annars um efnahagsmálin. Allt fram undir árslok hefur verið óljóst hvort Barack Obama forseti nái á síðustu stundu samkomulagi við repúblikana um lausn á fjárlagaþverhnípinu svonefnda, sjálfkrafa skattahækkunum og niðurskurði sem taka gildi um áramót verði ekkert að gert. Reyndar gerist fátt fyrstu vikurnar, en þegar lengra líður er talið að afleiðingarnar verði minnkandi umsvif í þjóðfélaginu, sem dregur enn frekar á langinn hægaganginn í efnahagslífinu – jafnvel þótt fallið fram af fjármálaþverhnípinu hafi í för með sér að staða ríkissjóðs skáni nokkuð með auknum tekjum og minni útgjöldum.

## ÁR BANKAHNEYKSLANNA

Árið hefur reyndar einnig einkennst af því að hver stórbankinn á fætur öðrum hefur orðið uppvís að svikum og þurft að greiða himinháar sektir fyrir vikið.

Nú síðast var það svissneski bankinn UBS sem þarf að punga út 1,5 milljarði dala fyrir að hafa haft óeðlileg áhrif á millibankavexti. Fyrr í desember viðurkenndi breski bankinn HSBC að hafa auðveldað fíkniefnahringjum og hryðjuverkasamtökum peningaþvætti, auk þess að hafa gerst brotlegur gegn alþjóðlegum refsiaðgerðum á hendur Íran og fleiri ríkjum. Bankinn þarf fyrir vikið að greiða 1,9 milljarða dala í sektir, en það er hæsta sekt sem banka hefur nokkru sinni verið gert að greiða.

Á annan tug annarra stórbanka hafa staðið í svipuðum sporum á árinu, þar á meðal breski bankinn Barclays, hollenski bankinn ING, skoski bankinn RBS, og bandarísku bankarnir Citygroup, Bank of America, Wells Fargo og JP Morgan Chase.






Oddi fyrir þig, þegar hentar, eins og þér hentar.

ODDI

**Oddi – umhverfisvottuð prentsmiðja.**
Höfðabakka 7, 110 Reykjavík, sími 515 5000, www.oddi.is

Hin hliðin



ÞÓRÐUR SNÆR JÚLÍUSSON

## Ári síðar

Á þessum stað fyrir einu ári voru Íslendingar boðnir velkomnir í bóluna. Þar var því haldið fram að þar sem nóg væri til af peningum á Íslandi, læstum inni í gjaldeyrishöftum, sem þrá að leita í betri ávöxtun yrði eftirspurn eftir fjárfestingum meiri en framboðið. Orðrétt sagði að „afleiðingin er sú að þrýstingur sem skapast vegna skorts á fjárfestingatækifærum hækkar einn og sér virði eignanna. Undirliggjandi verðmæti þeirra hættir að skipta máli“.

Óhætt er að fullyrða að þetta hafi orðið raunin. Á hlutabréfamarkaði hafa til að mynda öll nýskráð félög, og þau sem hafa ráðist í umtalsverðar hlutafjáraukningar, hækkað gríðarlega. Gengi bréfa í Icelandair hefur hækkað um 230 prósent. Hagar, sem var skráð á markað í desember í fyrra, hefur hækkað um 67 prósent. Fasteignafélagið Reginn, sem skráð var á markað í júlí, um 33 prósent. Bréf í Eimskip, sem voru tekin til viðskipta í síðasta mánuði, hafa þegar hækkað um 10,6 prósent.

### Fasteignaverð hækkar

Af umræðunni um nauðsyn skuldaniðurfellinga og leiðréttingar á forsendubresti á fasteignamarkaði mætti ráða að fáir ef einhverjir af yngri kynslóð Íslendinga hefðu ráð og rúm til að kaupa sér fasteign. Samt sem áður hefur vísitala íbúðaverðs á höfuðborgarsvæðinu, sem sýnir breytingar á vegnu meðaltali fermetraverðs, hækkað um 6,3 prósent á einu ári. Kaupsamningum á fasteignamarkaði á sama svæði hefur fjölgað um 18,5 prósent frá því í fyrra og velta aukist um 33,6 prósent á sama tímabili. Vísitala leiguverðs hefur hækkað um 7,8 prósent frá því í nóvember 2011. Allar hagspár virðast sammála um að fram undan sé umtalsverð raunaukning á virði fasteigna næstu misserin.

### Höftin fest í sessi

Skuldabréf á gömlu íslensku bankanna virðast líka vera orðin hin prýðilegasta fjárfesting við þær aðstæður sem búið er að sníða þeim. Í lok síðasta sumars hafði hluti þeirra hækkað um 20 prósent á árinu. Þegar sú upphæð er sett í samhengi við þær þúsundir milljarða króna sem eru í þrotabúum bankanna er ljóst að um gríðarlega upphæð er að ræða. Handbremsan sem sett hefur verið á gagnvart nauðasamningum þeirra á undanförnum vikum og mánuðum og umræða um eigendur skuldabréfanna í fjölmiðlum hefur orðið til þess að gengi skuldabréfanna hefur lækkað. Það hefur samt sem áður hækkað um tíu prósent á árinu 2012. Búast má við því að háar upphæðir muni sitja eftir hér innan hafta um ófyrirséða framtíð. Þær upphæðir munu óumflýjanlega leita í innlenda ávöxtun.

Og höftin eru ekkert að fara. Nú virðist enda hafa myndast þverpólitísk sátt um að þau verði við lýði um óákveðinn tíma. Að þau verði opin í annan endann. Samtímis festist bólan, sem blásið var kröftuglega í á árinu 2012, rækilega í sessi.




ÞRÁÐLAUS PRENTUN ÚR FARSÍMA EÐA SPJALDTÖLVU



**Frelsaðu þig frá snúrunum og veldu þráðlausan litprentara frá Samsung – CLP-325WSEE!**
Frábær kostur fyrir lítil fyrirtæki og heimili. Afar einfaldur í uppsetningu með hágæða **litaprentun.** Flott hönnun, prentarinn passar auðveldlega nánast hvar sem er.
Tilboðsverð kr. 36.900,-



**FJÖLNOTAPRENTARINN SCX-3405FW er einfaldur í notkun og hagkvæmur í rekstri.**
Prentar, skannar, ljósritar og fax 20 bls á mínútu í prentun **ECO PRINT** hnappur sparar tóner, pappír og orku
Verð 39.900 kr



**Samsung ML-2160 er einstaklega þægilegur laser prentari, lítill og nettur.**
Hentar sérlega vel fyrir skólafólk og litlar skrifstofur. Prentar 20 bls./mín í 1200x1200dpi upplausn. Fyrsta blaðsíða út eftir aðeins 8,5 sek. Styður við Windows, Mac og Linux. Tengjanlegur með USB.
Tilboðsverð kr. 15.900,-

HÁGÆÐA VINNUDÝR Á UNDRAGÓÐU VERÐI!

SAMSUNG SETRIÐ
SÍÐUMÚLA 9 · SÍMI 530 2900
samsungsetrid.is

# Hafnfirðingar fagna tvennum tímamótum með hófi í dag

Hundrað ár eru frá því fyrsta skip lagðist að bryggju í Hafnarfirði. Það hét Sterling og var gufuskip. Hafnfirðingar fagna því í dag og einnig útgáfu nýrrar bókar um höfnina.

„Hafskipabryggjan hér í Hafnarfirði var ein sú fyrsta sem gerð var á landinu og gufuskipið Sterling var fyrsta skipið sem lagðist að henni, reyndar tæplega einum og hálfum mánuði áður en bryggjan var formlega vígð,“ segir Már Sveinbjörnsson hafnarstjóri og rekur söguna aðeins nánar.

„Hafnarfjarðarhöfn var formlega stofnuð 1909 þó hún hafi verið komin miklu, miklu fyrr. Mjög fljótlega eftir hina formlegu stofnun kom upp hugmynd um að byggja hafskipabryggju og hún var vígð 1913. En áður en af því varð kom þetta gufuskip og lagðist að bryggjunni.“ Ekki veit Már fyrir víst hvaðan Sterling var að koma en kveðst reikna með að það hafi verið að koma frá Bretlandi. „Bretar voru með togaraútgerð hér á þessum tíma og voru mjög umsvifamiklir. Svo kom Gullfoss hér að 1913. Það var í fyrsta skipti sem hann lagðist að bryggju á Íslandi því hann lá alltaf úti á höfnum og fólk og vörur voru ferjaðar í land. Hann kom fullur af fólki frá Reykjavík og sigldi aftur til baka. Bara sportsigling milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur.“

Bókin Höfnin, saga Hafnarfjarðarhafnar kom út nú fyrir jól. „Á afmælisfundi 9. september 2009 var ákveðið að gefa út bók um höfnina og hún er orðin að veruleika,“ lýsir Már. „Okkur þykir tilvalið að halda hóf af tvennum ástæðum í dag í Byggðasafni Hafnarfjarðar, vegna bókarinnar og að öld er frá komu Sterlings.“

gun@frettabladid.is



**ATHAFNALÍF Í FIRÐINUM** Hér er verið að smíða hafskipabryggjuna í Hafnarfirði fyrir hundrað árum. MYND/LJÓSMYNDASAFN ÞJÓÐMINJASAFNS ÍSLANDS

# Áramótagleði Elektra Ensemble

Sígaunatríó Haydns og Ungverskir dansar Brahms eru á efnisskrá áramótatónleika.

Elektra býður upp á sína árlegu flugeldasýningu í tali og tónum á Kjarvalsstöðum sunnudaginn 30. desember klukkan átta. Þar verður slegið á létta strengi og flutt efnisskrá sem höfðar til fjölbreytts hóps áheyrenda. Á efnisskrá eru meðal annars Sígaunatríóið eftir Haydn, tveir nýlegir tangóar eftir Björgvin Þ. Valdimarsson sem skrifaðir voru fyrir Elektra Ensemble og ný útsetning Ástríðar Öldu Sigurðardóttur á Ungverskum dönsum eftir Brahms.

Elektra Ensemble er glæsilegur tónlistarhópur skipaður fimm ungum framúrskarandi tónlistarkonum, þeim Ástríði Öldu Sigurðardóttur píanóleikara, Emilíu Rós Sigfúsdóttur flautuleikara, Helgu Björgu Arnardóttur klarínettuleikara, Helgu Þóru Björgvinsdóttur fiðluleikara og Margréti Árnadóttur sellóleikara. Hópurinn var útnefndur Tónlistarhópur Reykjavíkurborgar 2009 og gekk í kjölfarið til samstarfs við Listasafn Reykjavíkur um tónleikaröð á Kjarvalsstöðum sem hefur hlotið lof jafnt gesta sem gagnrýnenda.



**ELEKTRA ENSEMBLE** býður upp á sína árlegu flugeldasýningu í tali og tónum á Kjarvalsstöðum.

# Sannkölluð lyftistöng fyrir iðkun íþrótta í Hornafirði að vetrinum

Nýtt knatthús var tekið í notkun á Höfn rétt fyrir jólin. Það heitir Báran og er gjöf frá útgerðarfyrirtækinu Skinney-Þinganesi til íbúa héraðsins.

Nýtt fjölnota knatthús var vígt við hátíðlega athöfn á Höfn í Hornafirði rétt áður en jólin gengu í garð. Það hefur hlotið nafnið Báran. Húsið er gjöf frá fyrirtækinu Skinney-Þinganesi til sveitarfélagsins og íbúa héraðsins.

„Það var mjög vel mætt í vígsluna og stemningin var hátíðleg,“ segir Hjalti Þór Vignisson, bæjarstjóri Hornafjarðar, og lýsir mikilli ánægju með framkvæmdina. „Húsið er sannkölluð lyftistöng fyrir iðkun íþrótta hér í Hornafirði að vetrinum. Það gerir knattspyrnufólki kleift að stunda æfingar inni og er opið öllum sem vilja stunda holla hreyfingu í skjóli frá roki og rigningu. Það er í raun alveg ótrúlegt að upplifa þetta,“ segir hann.

Á 60 ára afmæli fyrirtækisins Skinneyjar-Þinganess árið 2006 ákváðu eigendur þess að leggja stórt framlag til íþróttamála og skilyrtu framlagið því að byggt yrði knatthús með gervigrasi. Nú er það orðið að veruleika, rúmlega 4.000 fermetrar að stærð. Hjalti segir mikla stemningu hafa skapast á Hornafirði fyrir húsinu og að margir hafi notað það til leikja á annan í jólum.

gun@frettabladid.is



**HÖLLIN** Efnt var til samkeppni um nafn á hinu nýja knatthúsi Hornfirðinga og bárust 190 tillögur. Báran varð fyrir valinu.

---

✝



Elskulegur eiginmaður minn og faðir,

**INGI GARÐAR SIGURÐSSON**
**fyrrum tilraunastjóri á Reykhólum,**
**Þykkvabæ 17, Reykjavík,**

sem lést á Landakoti sunnudaginn 16. desember. Útför fer fram í Árbæjarkirkju fimmtudaginn 3. janúar kl. 13.00.

**Kristrún Marinósdóttir**
**Hörður Ævarr Ingason**

---

✝



Elskuleg systir okkar, mágkona og frænka,

**GUÐRÚN ÞORVALDSDÓTTIR**
**talsímakona,**
**Dvalarheimilinu Grund,**
**Hringbraut 50,**

lést 20. desember. Útförin fer fram frá Bústaðakirkju miðvikudaginn 2. janúar kl. 15.00. Blóm og kransar afþakkaðir. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Dvalarheimilið Grund.

**Guðný Þorvaldsóttir**
**Böðvar Þorvaldsson** **Þórunn Árnadóttir**
**og aðstandendur.**

---

✝



Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**JÓSEF KRISTJÁNSSON**
**bifvélavirki,**
**Vanabyggð 7, Akureyri,**

andaðist föstudaginn 14. desember á Kristnesspítala. Jarðarför fer fram frá Akureyrarkirkju mánudaginn 7. janúar kl. 10.30.

**Björg Ólafsdóttir**
**Guðbjörg Inga Jósefsdóttir** **Sigmundur Rafn Einarsson**
**Ólafur Jósefsson**
**Jóhanna Elín Jósefsdóttir** **Björn Leifsson**
**Ragnhildur Björg Jósefsdóttir** **Gunnar Níelsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

✝



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar og tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,

**SIGURÐUR HJARTARSON**
**bakarameistari,**
**Álfaskeiði 96, Hafnarfirði,**

lést á Landspítalanum fimmtudaginn 20. desember sl. Útför hans fer fram frá Þjóðkirkjunni í Hafnarfirði föstudaginn 28. desember kl. 13.00.

**Bára Jónsdóttir**
**Katrín Sigurðardóttir** **Þorgils Þorgilsson**
**Þóra M. Sigurðardóttir** **Einar Gunnlaugsson**
**Jóna Sigurðardóttir** **Kristján Ólafsson**
**Sigurður I. Sigurðsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

✝



Bróðir minn,

**TRYGGVI SIGURÐSSON**
**Fagurhólsmýri,**
**Öræfum,**

andaðist á Heilbrigðisstofnun Suðausturlands aðfaranótt 24. desember.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Nanna Sigurðardóttir**

---

✝



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, dóttir mín, amma okkar og tengdamóðir,

**KATRÍN GUÐMUNDSDÓTTIR**

lést í faðmi fjölskyldunnar annan í jólum á Landspítalanum við Hringbraut.

**Hans Óskar Isebarn**
**Dagmar Björnsdóttir** **Matthías Einarsson**
**Kjartan Hansson**
**Klara Hansdóttir** **Albert Örn Sigurðsson**
**Ragnheiður Guðrún Loftsdóttir**
**og barnabörn.**

## KROSSGÁTA



**LÁRÉTT**
**2.** íþrótt, **6.** rún, **8.** heldur brott, **9.** veiðarfæri, **11.** nesoddi, **12.** nes, **14.** óhreint vatn, **16.** verslun, **17.** sigti, **18.** drulla, **20.** frú, **21.** krukka.

**LÓÐRÉTT**
**1.** áfengisblanda, **3.** ógrynni, **4.** nennuleysi, **5.** af, **7.** starfræksla, **10.** hald, **13.** sódi, **15.** samstæða, **16.** hryggur, **19.** óreiða.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** golf, **6.** úr, **8.** fer, **9.** net, **11.** tá, **12.** skagi, **14.** skolp, **16.** bt, **17.** sía, **18.** aur, **20.** fr, **21.** krús.

**LÓÐRÉTT: 1.** púns, **3.** of, **4.** letilíf, **5.** frá, **7.** rekstur, **10.** tak, **13.** gos, **15.** para, **16.** bak, **19.** rú.


LISTVINAFÉLAG HALLGRÍMSKIRKJU 31. STARFSÁR

JÓLATÓNLISTARHÁTÍÐ HALLGRÍMSKIRKJU 2012



31. DESEMBER, GAMLÁRSDAGUR KL. 17

HÁTÍÐARHLJÓMAR VIÐ ÁRAMÓT

HÁTÍÐARTÓNLIST FYRIR 3 TROMPETA, ORGEL OG PÁKUR EFTIR GABRIELI, ZELENKA, CHARPENTIER, HÄNDEL, WIDOR OG ALBINONI.

TROMPETAR: ÁSGEIR H. STEINGRÍMSSON, EIRÍKUR ÖRN PÁLSSON OG EINAR ST. JÓNSSON
ORGEL: BJÖRN STEINAR SÓLBERGSSON
PÁKUR: FRANK AARNINK

MIÐASALA Í HALLGRÍMSKIRKJU, S. 510 1000
OPIÐ ALLA DAGA KL. 9 - 17
LISTVINAFELAG.IS - HALLGRIMSKIRKJA.IS






Póst dreifing

Birtingur treystir okkur fyrir öruggri dreifingu á Séð og heyrt

Póstdreifing býður upp á fjölbreytta og örugga dreifingu á blöðum og tímaritum. Við komum sendingunni í réttar hendur. *Örugglega til þín.*

Póstdreifing | Suðurhraun 1 | 210 Garðabær | Sími 585 8300 | www.postdreifing.is


# Áramótin eru vanmetin

**BAKÞANKAR**
Magnúsar Þorláks Lúðvíkssonar



Af öllum leiðinlegu klisjunum sem maður getur treyst á að heyra reglulega finnst mér „áramótin eru ofmetin“-klisjan leiðinlegust. Látum liggja á milli hluta hversu vafasamt hugarfar það er að mæta inn í dag viss um að hann verði einhvern veginn verri en vonir standa almennt til. Það býður bara upp á leiðindi. Það sem er öllu áhugaverðara er að þessi klisja er orðin svo útbreidd að áramótin eru skyndilega hætt að vera ofmetin, eins og þau voru kannski einhvern tímann, og orðin vanmetin. Rétt eins og fyrrum ofmetið hlutabréf sem hefur verið skortselt aðeins of mikið. Þegar rætt er um áramótin má nefnilega ekki láta nægja að hugsa til eins eða tveggja ofhæpaðra áramótapartía, það verður líka að velta fyrir sér hvað þetta er í raun rammgöldróttur árstími. Förum yfir þetta.

**TIL** að byrja með. Áramótin eru sérlega heppilegur tími til þess að staldra við og velta stuttlega fyrir sér eigin lífi, sigrum og ósigrum ársins og til þess að setja sér markmið. Hafi árið verið fullt af afrekum eru áramótin sennilega besti tíminn til þess að kveikja í vindli og fagna sigrunum. Hafi árið valdið vonbrigðum er hins vegar alls ekki eins og áramótin séu sorgartími. Þvert á móti gefur nýtt ár fyrirheit um breytta og bjartari tíma. Sigur Rós söng: „Það besta sem guð hefur skapað er nýr dagur.“ Ég er ósammála, það er nýtt ár. Að áramótunum loknum er kafla liðna ársins nefnilega lokað og hugurinn leiddur að nýjum áskorunum.

**Í ÖÐRU** lagi. Á áramótunum er hefð fyrir því að fagna með fjölskyldu, eins og á jólunum, en líka með vinum. Fyrst er kvöldsins notið með fjölskyldunni, síðan bíður áramótapartí um nóttina. Það besta úr báðum heimum. Í þriðja lagi. Áramótin eru besti tíminn til þess að búa til topplista. Hverjar voru bestu plötur ársins (Channel Orange ef þú spyrð mig)? Hverjar voru bestu kvikmyndir ársins (ég er ekki viss)? Og svo framvegis. Listagerð er skemmtileg en enn skemmtilegra er að skoða lista annarra og uppgötva allar perlurnar sem fóru fram hjá manni við útgáfu. Þess vegna er maður aldrei í vandræðum með að finna góðar bækur, kvikmyndir eða plötur um áramótin.

**Í FJÓRÐA** lagi. Það hve vel áramótin henta til uppgjörs skilar sér í því að gamlársdagur er sennilega besti sjónvarpsdagur ársins. Annálarnir eru góðir, áramótaskaupið er frábært og sjálfur hef ég reyndar lúmskt gaman af Kryddsíldinni líka. Og að lokum, á hvaða öðrum árstíma er leyfilegt að leika sér með ógeðslega mikið af sprengiefni, ég bara spyr?

**GLEÐILEGT** ár 2013!

## MYNDASÖGUR

**PONDUS** — Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**HANDAN VIÐ HORNIÐ** — Eftir Tony Lopes




**BARNALÁN** — Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




ÚTSALA ÁRSINS
0% VEXTIR • ALLAR VÖRUR VAXTALAUST Í 12 MÁNUÐI
75% AFSLÁTTUR
ALLT AÐ 75% AFSLÁTTUR AF YFIR 1000 TÖLVUVÖRUM
RISA FLUGELDAPAKKI
FYLGIR ÖLLUM WINDOWS 8 FARTÖLVUM
MEÐAN BIRGÐIR ENDAST
Silfur
YFIR 600
FARTÖLVUR Á ALLT AÐ KR. 50.000 AFSLÆTTI
ÚTSALA ÁRSINS
TÖLVUR OG TÖLVUBÚNAÐUR Á ÓTRÚLEGU VERÐI
RÝMING
TÖLVUTEK
ÚTSALA ÁRSINS
FÖSTUDAG 10:00 - 19:00
LAUGARDAG 10:00 - 18:00
SUNNUDAG 12:00 - 18:00
GAMLÁRSDAG 9:00 - 12:00
LOKAÐ 1-2 JAN 2013
OPNUM AFTUR 3. JAN KL 10:00
TÖLVUTEK
Borgartúni 31 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is
Tilboð gilda dagana 27-31 desember eða meðan birgðir endast • Öll verð eru afsláttarverð birt með fyrirvara um villur

**SVAR VIÐ BRÉFI HELGU** Ólafur Egill Ólafsson sýndi enn og aftur að hann er laginn við að heimfæra skáldsögur upp á leiksviðið.









# Íslenskur veruleiki á upp á pallborðið

Ýmissa grasa kenndi á leikhúsárinu sem er að líða. Meðal þess sem upp úr stendur að mati Elísabetar Brekkan er leikur Unnar Aspar Stefánsdóttur í Eldhafi og velgengni íslenskra verka, svo sem Tengdó, Gullregns og Jónsmessunætur.

**Leiklist**
2012

Nú er leikhúsárið liðið og fennir senn í misdjúp spor sem tekin voru á árinu 2012. Gróskan er mikil í leikhúsunum og þrátt fyrir tilkomu Hörpunnar með öllu sínu aðdráttarafli streyma áhorfendur að og það sem boðið er upp á er sífellt til umfjöllunar bæði í baði og á hlaði.

Margs er að minnast bæði af því sem boðið var upp á fyrir yngstu kynslóðina og þá fullorðnu. Skrímslið og litla systir mín eftir Helgu Arnalds í leikstjórn Charlotte Bøving sló svo sannarlega í gegn í Norræna húsinu og Lygabaróninn Múnkhausen hélt börnum föngnum í Hafnarfirðinum.

Í janúar var frumsýnt verk í Borgarleikhúsinu sem svo sannarlega heillaði áhorfendur, Eldhaf þar sem sagt er frá afdrifum baráttukonu í borgarstríðinu í Líbanon 1988. Að öðrum ólöstuðum er það leikur Unnar Aspar Stefánsdóttur sem þar stendur upp úr. Örlög annarrar konu urðu einnig að yrkisefni í Borgarleikhúsinu, nefnilega sýningin Tengdó þar sem Dagur Freyr Einarsson og Ilmur Stefánsdóttir ásamt valinkunnum hópi segja undurfallega og hugljúfa sögu um Magneu sem kölluð var kolamoli, þar sem hún var öðruvísi en allir aðrir þar sem hún ólst upp suður með sjó.

Pinter fékk líka sitt pláss í pínulitlum veggfóðruðum kassa í Kassa Þjóðleikhússins – fantagóð sýning með gömlum og góðum leikurum. Kvenfélagið Garpur bauð svo upp á Biðina eftir Godot og snillingurinn Bernd Ogrodnik sýndi hugljúft og heilsteypt brúðuverk um Gamla manninn og hafið. Spriklandi trúðar skemmtu fólki í frystihúsinu á Rifi á Snæfellsnesi, Hallgerður langbrók bauð til veislu á Njálusetrinu í sumarblíðunni og á leiklistarhátíðinni Lókal leitaði Álfrún Örnólfsdóttir að sjálfri sér í verkinu Kameljóni en líklega stendur nú samt upp úr þeirri hátíð heimboðið í íbúðina á Háaleitisbrautinni þar sem Friðgeir Einarsson lýsti með skemmtilegri nálgun hvernig fólk kynnist og kynnist alls ekki í blokkarsamfélaginu.

Í Borgarleikhúsinu var enn ein vinsæl bók færð í leikbúning, Svar við bréfi Helgu, sem byggir á mjög vinsælli samnefndri bók eftir Bergsvein Birgisson. Ólafur Egill Egilsson gerði leikgerðina og sýndi það enn og aftur hvað honum farnast vel að koma bókmenntaverkum yfir í leikrænt form. Í Þjóðleikhúsinu var veðjað á vana hesta með sýningunni Með fulla vasa af grjóti og féll hún áhorfendum mjög vel í geð og var á margan hátt eins og sniðin fyrir þann raunveruleika sem við lifum við í dag. Að hittast og hátta saman á hverju ári í sama hótelherberginu þótti víst ansi fyndið og framsækið fyrir þrjátíu árum en sýningin Að sama tíma á ári er skondið á köflum en óskiljanlegt val á verkefni fyrir stærsta sviðið.

Áhorfendur vilja íslensk leikrit um íslenskan raunveruleika. Það sýna viðtökurnar við Gullregni, fyrsta sviðsverki Ragnars Bragasonar, sem frumsýnt var í Borgarleikhúsinu í haust og segir frá öfgum í samskiptum fjölskyldu í Breiðholtinu. Eins þyrpast menn til að sjá Jónsmessunótt Hávars Sigurjónssonar sem Harpa Arnardóttir leikstýrir í Þjóðleikhúsinu.

Hvað varðar frjálsu leikhópana hafa ekki verið margar sýningar á árinu. Valdimar Flygering stýrði samstilltum hópi í karlaverkinu Póker þar sem spilafíkn, græðgi og örvænting einkenndi alla hegðun. Ekki svo sem merkilegt leikverk en mjög skemmtilegur leikur, einkum hjá Magnúsi Guðmundssyni. Í Norðurpólnum var vel unnið verk um einmanaleika sem kallað var Fastur og var það annar trúðanna af Snæfellsnesi, Benedikt Karl Gröndal, sem á undraverðan máta túlkaði persónu sem festist við alla hluti. Borgarleikhúsið skaut skjólshúsi yfir sýningu Vesturports Bastarðar: um snarruglaða fjölskyldu þar sem mikið var klifrað og buslað en inntakið heldur rýrt.

Hér er aðeins stiklað á stóru um leikárið sem er að líða. Leiklistarnemar og leiklistarfólk minntist Augusts Strindberg en á þessu ári eru hundrað ár liðin frá því hann lést og verk hans á sviðum leikhúsa um víða veröld.

Niðurstaðan er víst örugglega, veljum íslenskt, við viljum íslenskt!

## Helstu verðlaunahafar á Grímunni 2012



**Sýning ársins**
Tengdó.

**Leikskáld ársins**
Valur Freyr Einarsson fyrir Tengdó.

**Leikari ársins í aðalhlutverki**
Valur Freyr Einarsson fyrir Tengdó.

**Leikkona ársins í aðalhlutverki**
Kristbjörg Kjeld fyrir Afmælisveisluna.

**Leikstjóri ársins**
Guðjón Pedersen fyrir Afmælisveisluna.

**TENGDÓ** Valur Freyr Einarsson var sigurvegari Grímunnar í ár. Hann var valinn leikskáld ársins og leikari ársins og Tengdó sýning ársins.

# Yndislega ógnvekjandi hrollvekja

BÆKUR ★★★★☆

**Ófriður (Rökkurhæðir 4)**
Marta Hlín Magnadóttir og Birgitta Elín Hassell
**BÓKABEITAN**



**MARTA HLÍN OG BIRGITTA** Halda áfram að dýpka sögur sínar.




Þegar ég lagði frá mér nýjustu bókina í bókaflokknum Rökkurhæðir var mér svo um og ó að ég hljóp strax til og fann fyrstu þrjár bækurnar og gleypti þær í mig. Það er langt síðan að unglingabók hefur komið mér jafn mikið á óvart og síðustu blaðsíðurnar í bókinni Ófrið.

Ófriður, eftir Mörtu Hlín Magnadóttur og Birgittu Elínu Hassell, er fjórða bókin í bókaflokknum um Rökkurhæðir, lítið úthverfi þar sem allt getur skeð. Í fjarska glittir í stórborgina Sunnuvík, en Rökkurhæðir kúldrast við rætur Hæðarinnar. Efst á fjallinu standa Rústirnar, dularfullar leifar blokkahverfis sem lagðist í eyði á einni nóttu fyrir einhverjum áratugum og veit enginn af hverju. Hver bók í bókaflokknum segir sjálfstæða sögu eins unglings í hverfinu, en sögurnar tengjast þó lauslega saman. Enn vita lesendur ekki hvaða leyndardómar liggja að baki Rökkurhæðum, en í hverri bók fáum við fleiri vísbendingar.

Þessi nýjasti kafli bókaflokksins segir frá Matthíasi sem flytur úr borginni í Rökkurhæðir. Matthías horfir í forundran á nýja hverfið sitt þar sem mikill ófriður ríkir. Í frímínútum lumbra leikskólabörn hvert á öðru og hópa sig stundum saman og ráðast á eldri krakkana. Hvað gerðist eiginlega hjá Benna sem reyndi að kyrkja nokkra skólafélaga áður en hann hellti olíu yfir hendur sínar og skaðbrenndi þær? Og af hverju reyndi hin þriggja ára gamla Katla að kveikja í heima hjá sér, skömmu eftir að hún hafði fundist nær dauða en lífi í snjóskaflinum? Það er ekki fyrr en Matthías kynnist Ingibjörgu sem hefur búið lengi í hverfinu að þau leggja tvo og tvo saman.

Texti bókarinnar er ekki sérlega fágaður en hann er hressilegur og lesendum rennur kalt vatn milli skinns og hörunds á réttum augnablikum. Mikill fjöldi sögupersóna birtist í bókinni, söguhetjur fyrri bóka kíkja á lesendur í eina örskotsstund og aukaleikarar eru kynntir til sögunnar, sem væntanlega eiga eftir að gegna stóru hlutverki í bókum seinna meir. Söguheimur Mörtu og Birgittu verður æ flóknari, æ dýpri, og höfundarnir flétta glettilega saman örlagaþræði persóna sinna og klippa jafnvel á þessa þræði eftir duttlungum.

Rökkurhæðir er bókaflokkur ætlaður lesendum á aldrinum 12-16 ára. Bækurnar hvetja til lesturs. Sögurnar eru spennandi og textinn nægilega skýr og einfaldur til að grípa krakka, sérstaklega þá sem eru ekki vanir að lesa. Í lok hverrar bókar er birtur örkafli úr næstu bók í bókaflokknum þar sem lesendum er gefin nasasjón af ævintýrum sem þar bíða, eins konar „teaser trailer" kvikmyndanna í bókaformi. Í næstu bók Rökkurhæða, þá mun Þórhallur stara skelfingu lostinn á skuggann sem gleypir Baldur með húð og hári… Ég bíð í ofvæni!

**Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Hrollvekjandi og æsispennandi bók ætluð 12-16 ára lesendum. Sjálfstæð saga í bókaflokki sem minnir á Gæsahúðarbækur fyrir unglinga.

# Tónar við hafið

## Þóra Einarsdóttir, Gissur Páll og Kyrjukórinn koma fram á tónleikum við kertaljós í Þorlákskirkju í kvöld.



**JÓNAS INGIMUNDARSON**

Jónas Ingimundarson píanóleikari fær til liðs við sig söngvarana Þóru Einarsdóttur sópran og Gissur Pál Gissurarson á tónleikum við kertaljós í Þorlákshöfn í kvöld. Þau flytja ýmis lög við undirleik Helgu Bryndísar Magnúsdóttur. Einnig syngur Kyrjukórinn, kvennakór sem æfir í Þorlákshöfn undir stjórn Sigurbjargar Hvanndal Magnúsdóttur.

Þetta eru síðustu tónleikarnir í röðinni Tónar við hafið. Þeir eru til heiðurs Ingimundi Guðjónssyni, föður Jónasar sem var fæddur þennan dag árið 1916. Hann var einn af frumkvöðlum menningarlífs í Þorlákshöfn, stofnandi Söngfélagsins, organisti og drifkraftur í byggingu kirkju í þorpinu.

Tónleikaröðin Tónar við hafið hefur verið haldin undanfarin sex ár yfir vetrarmánuðina. Þar hafa djass, popp og rokk fengið að njóta sín sem og klassík og þjóðleg tónlist. Jónas Ingimundarson hefur oft tekið þátt í að skipuleggja tónleikana eins og nú og margoft tekið virkan þátt í þeim.

Tónleikar kvöldsins verða í Þorlákskirkju og hefjast klukkan 20. Aðgangseyrir er 1.500 krónur.

- gun

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**FÖSTUDAGUR 28. DESEMBER 2012**

### Dansleikir

**22.00** Stebbi Ó swingsextett heldur dansiball í Þjóðleikhúskjallaranum. Sígilt rokk og ról, klassískir sveiflu-slagarar og aðrar dægurperlur og dansgólfið að sjálfsögðu galopið. Aðgangseyrir er kr. 1.500

### Tónlist

**20.00** Í Hörpu flytja Lilja Guðmundsdóttir sópran, Bjarni Thor Kristinsson bassi og Matthildur Anna Gísladóttir píanóleikari íslensk jóla- og áramótalög. Sungið er á íslensku en kynningar á milli laga eru á ensku. Miðaverð er kr. 3.900.

**21.00** Hipphoppbandið The Welfare Poets frá Harlem, New York, spilar á Gamla Gauknum. Auk þeirra munu íslensku hljómsveitirnar Ghostigital, RVK Soundsystem, Art of Listening og 7berg. Aðgangseyrir er kr. 2.000.

**21.00** Hin gríðarvinsælu Glymskrattapartý Smutty Smiff, Mickey Finn's, X977 og Bar 11 snúa aftur á Bar 11. Singapore Sling stígur á stokk. Aðgangur er ókeypis.

**23.00** Hljómsveitin Homo and the Sapiens heldur hljómleika á Ob-La-Dí-Ob-La-Da,Frakkastíg 8. Aðgangseyrir er kr. 1.000.

### Leiðsögn

**12.00** Boðið verður upp á leiðsögn um sýningu Þórunnar Elísabetar Sveinsdóttur, Lauslega farið með staðreyndir, og sýningu Þuríðar Rósar Sigurþórsdóttur, Hinumegin. Báðar sýningarnar standa nú yfir í Hafnarborg og er aðgangur ókeypis.


Helgarblað Fréttablaðsins






Tískuáhuginn áunninn sjúkdómur

Guðmundur Jörundsson og Svala Björgvinsdóttir eru best klæddu Íslendingarnir að mati álitsgjafa Fréttablaðsins.

Meðal efnis núna um helgina




Sjálfstætt fólk

2012 var meðalgott ár í myndlistinni en nokkrar sýningar stóðu upp úr að mati gagnrýnanda.



Veit allt um vafningsmálið

Anna Svava Knútsdóttir grínisti þekkir jafn margar fyndnar stelpur og stráka.



Kvennalandsliðin settu ný viðmið

Afrekin sem stóðu upp úr í íþróttum árið 2012.



Ídýfur í áramótapartíið

Einfalt og gómsætt á veisluborðið.

FITON / SÍA

Helgarblað Fréttablaðsins, ómissandi hluti af góðri helgi FRÉTTABLAÐIÐ




FINLUX

**Finlux 22FLHS910**
22" HD örþunnt LED sjónvarp með 1366x768p upplausn og stafrænum DVB-T móttakara. Scart. HDMI. USB tengi. Digital Coax. VGA. heyrnartólstengi og CI rauf fyrir afruglarakort. Með 12v - 230v kerfi og hótelstillingu.

**VERÐ 49.990**




FINLUX

**Finlux 32FLY132B**
32" HD LCD sjónvarpmeð 1366x768p upplausn og stafrænum DVB-T móttakara. Scart. USB. 2x HDMI. Ci. S-video. S/PDIF. Digital Coax. VGA. Heyrnartólstengi og CI rauf fyrir afruglarakort. Hótelstilling.

**VERÐ 69.990**




FINLUX

**Finlux 40FLHY173**
Vandað 40" Finlux sjónvarp með háskerpu upplausn, stafrænum DVBT móttakara og tveim USB tengjum. Flott tæki á frábæru verði.

**VERÐ 99.990**




TOSHIBA

**Toshiba 22DL833**
22" LED LCD EDGE sjónvarp með innbyggðum DVD DivX spilara. 3.000.000:1 skerpa. Digital Noise Reduction. 3D Digital Comb Filter. Stafrænn móttakari (DVB-T). Hótelstilling. USB, 2x HDMI, Scart o.fl.

**VERÐ 59.990**




TOSHIBA

**Toshiba 32AV933N**
32" HD LED sjónvarp með 1366x768p upplausn og 12.000:1 skerpu. Active Vision LCD. Ambient Light Sensor. Wi-Fi Ready. DVB-T/C móttakari. USB 2.0, 2x HDMI, Component, CVBS, DVB Ci, heyrnartólstengi, VGA, hljóð inn o.fl. Hótelstilling.

**VERÐ 84.990**




FINLUX

**Finlux 55FLSY985LHC**
Vandað 55" LED Full HD sjónvarp með 1920x1080 háskerpu upplausn og stafrænum DVBT móttakara. Innbyggður margmiðlunarspilari. 2x USB, 4x HDMI o.fl.

**VERÐ 249.990**




PHILIPS

**Philips 32HFL5573D**
32" Smart LED sjónvarp með Full HD Pixel Plus HD. 400 Hz Perfect Motion Rate. NetTV. Stafrænn DVB-C. DVB-T. DVB-T2 móttakari. 3x USB. HDMI. Ethernet. Optical út. VGA & CI rauf. EasyLink o.fl.

**VERÐ 109.990**




PHILIPS

**Philips 42PFL3007T**
42" LCD Full HD 1080p sjónvarp með 100 Hz Perfect Motion Rate. Digital Crystal Clear. Ljósnemi fyrir birtu í rýminu. Stafrænn DVB-C, DVB-T, DVB-T2 móttakari. 3x HDMI, USB tengi og EasyLink o.fl.

**VERÐ 129.990**




PHILIPS

**Philips 46PFL5007T**
46" Smart LED Full HD 1080p sjónvarp með Pixel Plus HD. 400Hz Perfect Motion. Stafrænn móttakari. 3 HDMI og 3 USB tengi. Skype möguleiki. Wi-Fi þráðlaus móttakari o.fl.

**VERÐ 259.990**




Panasonic

**Panasonic TXP50ST50Y**
50" Full HD 3D 1080p NeoPlasma sjónvarp með Vreal 3D. High Contrast Filter. 2000Hz Focused Field Drive. Intelligent Frame Creation PRO. 2D-3D breytir. Infinite Black Pro skerpa. Pro 24p Smooth Film/ Play Back. VIERA CONNECT og opinn netvafri. Skype möguleiki. Wi-Fi þráðlaus sendir. Stafrænn háskerpu HDTV DVB-T/T2 móttakari. iPhone/ Android App. 2x USB, 3x HDMI, CI rauf, DNLA, kortalesari o.fl.

**VERÐ 299.990**




Panasonic

**Panasonic TXL47DT50Y**
47" Full HD 1080p IPS Alpha LED LCD sjónvarp með Vreal 3D. 1600 Hz Back Light Scanning. Intelligent Frame Creation Pro. 2D-3D breytir. Pro 24p Smooth Film/Play Back. VIERA Connect nettenging og opinn netvafri. Þráðlaus Wi-Fi sendir. Skype möguleiki. Stafrænn háskerpu HDTV DVB-T/T2 móttakari. Gervihnattamóttakari. iPhone/Android App. 3x USB, 4x HDMI, DNLA, PC tengi, kortalesari o.fl.

**VERÐ 399.990**




Panasonic

**Panasonic TXL55ET5Y**
55" Full HD 1080p IPS LED sjónvarp með Vreal 3D Engine. 300 Hz Back Light Scanning. Intelligent Frame Creation Pro. Passive 3D. 2D-3D breytir. Pro 24p Smooth Film/Play Back. VIERA Connect. Þráðlaus Wi-Fi. Skype möguleiki. Stafrænn HDTV DVB-T/T2 móttakari. iPhone/ Android App. 4x HDMI. 3x USB. Kortalesari o.fl.

**VERÐ 499.990**




# Sjáðu skaupið í fullum gæðum

**Panasonic TXL42E5Y**

**VERÐ ▶ 159.990**

## ÖRÞUNNUR IPS LED HÁGÆÐA SKJÁR

**Háskerpu upplausn fyrir hámarks upplifun af Blu-ray diskum, leikjatölvum eða háskerpu sjónvarpsútsendingum**

**150Hz Backlight scanning**
Clear Panel myndsían fjarlægir óæskilegt ljós úr skjánum sem tryggir bjartari og meiri myndgæði. 150Hz tæknin skilar allri hreyfingu frábærlega til áhorfandans.

**VIERA Connect**
Viera Connect færir þér Internetið á stóran skjá beint heim í stofu og gerir þér kleift að njóta efnis á mörgum mismunandi formum ásamt því að halda sambandi við vini á Facebook eða Twitter og vera í sambandi gegnum Skype. Einnig er hægt að spila leiki án þess að nota tölvu.

**VrealLIVE örgjörvi**
Velkomin í veröld SmartTV með VIERA og Vreal Live. Myndvinnsluörgjörvinn er hannaður til að tryggja bæði hraða og nákvæma netvirkni ásamt bestu mögulegu myndgæðum.

**V-Audio Surround**
V-Audio Surround er fjölrása hljóðstilling sem skilar Surround hljómgæðum úr innbyggðum hátölurum tækisins.

**Media spilari**
Settu í SD minniskort úr myndavél, upptökuvél eða snjallsíma eða tengdu USB minnislykil við sjónvarpið og Media Player kemur sjálfkrafa upp til að skoða og spila allt margmiðlunarefni.

**VIERA Remote App Support**
Stjórnaðu sjónvarpinu með snjallsímanum þínum óháð því hvort tækið er byggt á Android eða Apple stýrikerfi. Viera Remote App gefur þér möguleika á að senda margmiðlunarefni úr símanum þínum yfir í VIERA sjónvarpið.

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • WWW.SM.IS

**ÞÖKKUM VIÐSKIPTIN Á ÁRINU SEM ER AÐ LÍÐA!**

Fyrirtækjadagar

MacBook Pro



Verð frá: 229.990.-

MacBook Pro
Retina



Verð frá: 299.990.-

Fyrir fyrirtækið þitt

Opið til 18.00 milli jóla og nýárs.
Opið til 16.00 29. des.

epli.is
Smáralind | Sími 512 1330
Laugavegi 182 | Sími 512 1300





**SKEMMTU SÉR** Leikarinn Þorvaldur Davíð Kristjánsson ásamt tengdaforeldrum sínum, Ester Ólafsdóttur og Karli Steingrímssyni.
FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# HÁTÍÐLEG JÓLAFRUMSÝNING MACBETH

Mikið var um dýrðir í Þjóðleikhúsinu á annan í jólum er Macbeth eftir William Shakespeare var frumsýnt. Leikritið lagðist vel í áhorfendur sem enduðu jólahaldið með dramatík og blóðsúthellingum í leikhúsinu. Leikstjóri verksins er hinn ástralski Benedict Andrews og með aðalhlutverk fara meðal annarra Björn Thors, Hilmir Snær Guðnason, Vigdís Hrefna Pálsdóttir og Margrét Vilhjálmsdóttir.



**ÁHORFENDUR** Randver Þorláksson með eiginkonu sinni, Guðrúnu Þórðardóttur.



**HÁTÍÐLEG** Leikaraparið Ólafur Egilsson og Esther Talía Casey.



**BROSMILD** Bjarni Benediktsson og Þóra Margrét Baldvinsdóttir.



**GLÆSILEG** Tinna Gunnlaugsdóttir og Egill Ólafsson.



**ÁNÆGÐ** Geir H. Haarde og Inga Jóna Þórðardóttir.



**GLAÐAR** Selma Björnsdóttir ásamt vinkonu sinni.

# ÚTSALAN ER HAFIN!




**Verslun opin 11-20 alla daga** - Veitingastaður opinn 9:30-19:30 - **www.IKEA.is**

© Inter IKEA Systems B.V. 2012

# Fyrstu kynnin voru ekki góð

## Samuel L. Jackson þótti Tarantino vonlaus leikari þegar þeir hittust fyrst.

Leikarinn Samuel L. Jackson segir fyrstu kynni sín af leikstjóranum Quentin Tarantino ekki hafa verið góð. Jackson fór í prufu fyrir kvikmyndina Reservoir Dogs og hélt hann ætti að leika á móti Harvey Keitel og Tim Roth í prufunni. Í rauninni lék hann á móti Tarantino sjálfum og framleiðandanum Lawrence Bender og fannst þeir afleitir leikarar.

Jackson hreppti ekki hlutverkið en hitti Tarantino nokkru síðar á Sundance-kvikmyndahátíðinni og tjáði honum ánægju sína með myndina. Tarantino spurði Jackson hvað honum þætti um frammistöðu leikarans er hreppti hlutverkið sem hann hafði reynt við og svaraði Jackson: „Ég er viss um að myndin hefði verið betri með mér í henni.“ Tarantino sagðist þá vera að skrifa handrit að nýrri mynd og væri með Jackson í huga. Sú mynd var Pulp Fiction og síðan þá hafa þeir félagar unnið saman við Jackie Brown, Kill Bill Vol 1 og 2, Inglourious Basterds og nú síðast Django Unchained.



**GÓÐIR VINIR** Samuel L. Jackson fékk ekki hlutverk í fyrstu mynd Quentins Tarantino. NORDICPHOTOS/GETTY




**BLACKOUT** „…það verður spennandi að sjá hvernig Retrobot á eftir að standa sig þegar kemur að breiðskífuútgáfu.“
MYND/ÁRNÝ FJÓLA ÁSMUNDSDÓTTIR

# Elektró-indí frá Árborg

TÓNLIST ★★★☆☆

**Retrobot**
Blackout
**EIGIN ÚTGÁFA**




Retrobot er selfysskur kvartett ungra pilta sem vöktu talsverða athygli á árinu þegar þeir sigruðu Músíktilraunir. Þrátt fyrir að rekja uppruna sinn til Selfoss spilar Retrobot ekki sveitaballatónlist í neinum hefðbundnum skilningi – þótt sveitin hafi reyndar spilað á 800 Bar. Skömmu síðar brann 800 Bar.

Hvort það hafi eitthvað haft með tónleika Retrobot að gera skal ósagt látið. Í öllu falli spilar hljómsveitin elektró-skotið indí-popp, kannski ekki ósvipað því sem vinsælar hljómsveitir á borð við Cut Copy og Chromatics hafa spilað með góðum árangri. Blackout er fyrsta plata sveitarinnar en hér er um sex laga stuttskífu (EP) að ræða. Á plötunni er unnið mikið með nostalgíu frá níunda áratugnum og sækadelískum gítartónum. Sums staðar má jafnvel greina hiphop-áhrif úr Outkastátt (Electric Wizard) og á lokalaginu, „Blackout,“ er engu líkara en Tony Hadley úr Spandau Ballet sé á bak við míkrafóninn.

Allt þetta er mjög jákvætt fyrir þessa pilta, þó ekki nema bara til að auka á fjölbreytni tónlistarlífs við Ölfusá. Eins og áður segir er hljómsveitin ung að árum, meðlimirnir rétt að klára stúdentspróf. Þeir virðast hafa góð tök á því sem þeir eru að gera sé miðað við þessa stuttskífu og það verður spennandi að sjá hvernig Retrobot á eftir að standa sig þegar kemur að breiðskífuútgáfu. Hún hefur að minnsta kosti burði til að brenna þakið af húsinu, svo mikið er víst.

**Björn Teitsson**

**NIÐURSTAÐA:** Fínasta frumraun hjá nýjustu útflutningsafurð Árborgar.





SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| HOBBIT: UNEXPECTED 3D | KL. 1 - 4:30 - 8 - 11:30 | 12 |
| HOBBIT: UNEXPECTED | KL. 4 -6 - 10 | 12 |
| HOBBIT: UNEXPECTED VIP | KL. 1 - 4:30 - 8 - 11:30 | VIP |
| THE IMPOSSIBLE | KL. 5:50 - 8 - 10:30 | 12 |
| SAMMY 2 ÍSLTAL | KL. 1:30 - 3:40 - 5:50 | L |
| SAMMY 2 ÍSLTAL3D | KL. 1:30 | L |
| RED DAWN | KL. 8 - 10:10 | 12 |
| RISE OF GUARDIANS ÍSLTALI | KL. 1:30 - 3:40 | L |
| RISE OF GUARDIANS ÍSLTALI3D | KL. 3:40 | L |
| RISE OF THE GUARDIANS ENSTALI | KL. 8:20 | L |
| WRECK-IT RALPH ÍSL. TALI | KL. 1:30 | L |
| ARGO | KL. 10:30 | 14 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| HOBBIT: UNEXPECTED JOURNEY | KL. 4 - 8 | 12 |
| THE IMPOSSIBLE | KL. 8 - 10:20 | 12 |
| RISE OF THE GUARDIANS ÍSLTAL3D | KL. 1:30 | L |
| SAMMY 2 ÍSLTAL | KL. 2 - 4- 6 | L |

SPARBÍÓ
MERKTAR MEÐ GRÆNU OG APPELSÍNUGULU Í BÍÓAUGLÝSINGUM SAMBÍÓA KR. 1000 Á GRÆNT OG KR. 750 Á APPELSÍNUGULT

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| HOBBITT 3D | KL. 1 - 4:30 - 8 - 10:20 - 11:20 | 10 |
| HOBBIT: UNEXPECTED | KL. 3:40 - 7 | 12 |
| LIFE OF PI 3D | KL. 3- 5:20 - 8 - 10:40 | 12 |
| THE IMPOSSIBLE | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | L |
| SAMMY 2 ÍSLTAL3D | KL. 1 | L |
| SAMMY 2 ÍSLTAL | KL. 3:20 | L |
| RISE OF GUARDIANS ÍSLTAL3D | KL. 1 | L |
| WRECK-IT RALPH ÍSLTAL3D | KL. 1 | 7 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

| | | |
|---|---|---|
| LIFE OF PI 3D | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | 10 |
| THE IMPOSSIBLE | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| SAMMY 2 ÍSLTAL | KL. 1 - 3:10 | L |
| RISE OF GUARDIANS ÍSLTAL3D | KL. 1:30-3:40-5:50 | L |
| RISE OF THE GUARDIANS ÍSLTAL | KL. 1 - 3:10 | L |
| PLAYING FOR KEEPS | KL. 8 | 12 |
| SKYFALL | KL. 10:10 | 12 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| THE IMPOSSIBLE | KL. 8 - 10:20 | 12 |
| RED DAWN | KL. 8 - 10:20 | 12 |
| RISE OF THE GUARDIANS ÍSLTAL3D | KL. 2 - 4 | L |
| RISE OF THE GUARDIANS ENSTAL | KL. 6 | L |
| SAMMY 2 ÍSLTAL | KL. 2 - 4 - 6 | L |




SMÁRABÍÓ — GLERAUGU SELD SÉR — AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| THE HOBBIT 3D | KL. 1 (TILBOÐ) - 3.40 - 4.30 - 7 - 8 - 10.20 - 11.20 | 12 |
| THE HOBBIT 3D LÚXUS | KL. 1 - 4.30 - 8 - 11.20 | |
| LIFE OF PI 3D | KL. 1 (TILB.) - 5.15 - 8 - 10.45 | 10 |
| LIFE OF PI | KL. 5.15 - 8 - 10.45 | 10 |
| GOÐSAGNIRNAR FIMM | KL. 1 (TILBOÐ) - 3.10 | 7 |
| NIKO 2 | KL. 1 (TILBOÐ) - 3 | L |

HÁSKÓLABÍÓ — NÁNAR Á MIÐI.IS — AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| THE HOBBIT 3D | KL. 3.20 (TILB.) - 5.40 - 6.40 - 9 - 10 | 12 |
| LIFE OF PI 3D | KL. 3.15 (TILBOÐ) - 6 - 9 | 10 |
| SILVER LININGS PLAYBOOK | KL. 3 (TILBOÐ) - 6 | 16 |
| CLOUD ATLAS | KL. 9 | 16 |
| NIKO 2 | KL. 3 (TILBOÐ) | L |

BORGARBÍÓ — NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| THE HOBBIT 3D | KL. 3.20 (TILBOÐ) - 6.30 - 10 | L |
| LIFE OF PI 3D | KL. 3.20 (TILBOÐ) - 5.40 - 8 - 10.30 | 10 |

facebook./smarabio • facebook./haskolabio

midi.is Miðasala og nánari upplýsingar — LAUGARÁS BÍÓ — GLEÐILEG JÓL




Tilboð í bíó. Gildir á allar sýningar merktar með rauðu.

LAUGARÁSBÍÓ — Sýningartímar

| | | |
|---|---|---|
| THE HOBBIT 3D (48 ramma) | 2, 6, 10 | 12 |
| THE HOBBIT 3D | 4, 7.30, 11 | 12 |
| LIFE OF PI 3D | 5.30, 8, 10.30 | 10 |
| RISE OF THE GUARDIANS 3D | 2 | L |
| NIKO 2 | 2 | L |




MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS ■ Miðasala: 412 7711 ■ Hverfisgata 54 Rvík ■ www.bioparadis.is ■ Hluti af Europa Cinemas

BÍÓ ★ PARADÍS




FÖSTUDAGUR: ■ CHICKEN WITH PLUMS (14) 18:00, 20:00, 22:00 ■ TAKE THIS WALTZ (14) 17:40, 20:00, 22:20 ■ WADJDA (L) 18:00, 20:00, 22:00 ■ SAFETY NOT GUARANTEED (L) 18:00 ■ SEARCHING FOR SUGAR MAN (L) 22:00 ■ DJÚPIÐ (L) (ENG. SUBS.) 20:00

BÍÓ PARADÍS KLÚBBURINN: bioparadis.is/klubburinn
SKÓLANEMAR: 25% AFSLÁTTUR GEGN FRAMVÍSUN SKÍRTEINIS! SAMI AFSLÁTTUR FYRIR ÖRYRKJA OG ELDRI BORGARA.


KALLI BERNDSEN
UM LAND ALLT
TÝNDA KYNSLÓÐIN
HEIMSÓKN
HD
Í LEIFTRANDI HÁSKERPU
STÖÐ 2 HD | VODAFONE Á RÁS 502
STÖÐ 2 HD | SÍMANUM Á RÁS 203
STÖÐ 2 HD | HD ÖRBYLGJUMYNDLYKILL Á RÁS 15
ÞAÐ ÞARF AÐ UPPFÆRA OG ENDURRÆSA ADSL- OG ÖRBYLGJUMYNDLYKLA
STÓRAUKIÐ NETFRELSI
SJÁLSTÆTT FÓLK
SPAUGSTOFAN
SPURNINGABOMBAN
FJÖLSKYLDAN Á SKILIÐ ÞAÐ BESTA
– SKEMMTUN FYRIR ALLA Á NÝJU ÁRI
MANNSHVÖRF, HEFST Í JANÚAR
ÚRSLITAKEPPNI Í MASTERCHEF ÍSLAND
FJÓRAR SJÓNVARPSSTÖÐVAR
FRÍTT MEÐ ÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2
OG STÓRAUKIÐ NETFRELSI
BÍÓ
GULL
krakkar
POPP TÍVÍ
ALLT ÞETTA FYRIR 265 KR. Á DAG
JOHNNY ENGLISH REBORN
FÓSTBRÆÐUR
SVEPPI
TVEIR + SEX
VILD
– SJÁLFVIRKIR AFSLÆTTIR BEINT Í VASA ÁSKRIFENDA – SKRÁÐU ÞIG INN Á STOD2.IS
TRYGGÐU ÞÉR ÁSKRIFT | 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

# Ólafur ekki með á HM

Enn eitt áfallið fyrir íslenska handboltalandsliðið í aðdraganda fyrsta stórmóts Arons Kristjánssonar.

**HANDBOLTI** Ekkert verður af endurkomu Ólafs Stefánssonar í íslenska landsliðið í handbolta því hann ákvað að draga sig út úr HM-hópnum í gær.

„Við vorum aldrei öryggir með Óla því hann ætlaði alltaf að reyna að koma sér í form og við áttum eftir að sjá hvert ástandið væri á honum. Hann var kominn í mjög fínt líkamlegt alhliðaform en var ekki búinn að vera æfa mikinn handbolta frá því á Ólympíuleikunum. Þegar hann var að koma sér inn í handboltahreyfingarnar þá var lengra í land en hann gat sætt sig við. Það voru líka að gera vart við sig gömul hnémeiðsli sem hann var í vandræðum með. Hann er líka að fara að spila í Katar og fer í læknisskoðun þar í byrjun janúar. Þetta var bara niðurstaðan,“ sagði Aron Kristjánsson landsliðsþjálfari í gærkvöldi.



**ÓLAFUR STEFÁNSSON** Mun ekki spila á HM á Spáni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Ásgeir Örn verður maður númer eitt og svo erum við með annan örvhentan mann í Erni (Hrafni Arnarsyni) og höfum líka rétthenta leikmenn sem geta leyst þessa stöðu. Það er gott að þetta skýrist svona fljótt í undirbúningnum og við þurfum ekkert að velta okkur neitt meira upp úr þessu,“ sagði Aron.

Það eru fleiri forföll hjá liðinu. „Ingimundur (Ingimundarson) er ekki með eins og stendur. Hann fer í myndatöku á morgun og þá sjáum við betur hver staðan á honum verður. Staðan var ekki alltof góð í dag og það er tvísýnt með hann,“ sagði Aron. Ólafur Bjarki Ragnarsson gat ekkert æft með liðinu í gær og Vignir Svavarsson kom ekki til landsins fyrr en seint. Aron vonast eftir því að báðir verði með á morgunæfingunni í dag.

Íslenska landsliðið mætir Túnis í Laugardalshöllinni klukkan 19.45 í kvöld. „Það þarf mikið að stilla saman núna og við höfum ekki mikinn tíma. Við höfum nýja menn í mörgum stöðum eins og í varnarleiknum til dæmis. Við verðum að reyna ná því að vinna vel út úr þessum Túnisleikjum og sjá til þess að þeir gefi okkur eins mikið og hægt er fyrir áframhaldið,“ sagði Aron. - óój

Jólahappdrætti

**Krabbameins-félagsins**

Útdráttur
24. desember 2012

Birt án ábyrgðar

**Vinningar**

**Audi A1 Sportback, 3.990.000 kr.**

91754

**Greiðsla upp í bifreið eða íbúð, 1.000.000 kr.**

96743

**Úttekt hjá ferðaskrifstofu eða verslun, 200.000 kr.**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 717 | 30920 | 53270 | 75281 | 98285 | 116854 | 137671 |
| 4015 | 31369 | 54791 | 78018 | 100746 | 121798 | 139433 |
| 5689 | 31671 | 55169 | 78745 | 103385 | 122442 | 142449 |
| 5908 | 37770 | 60406 | 79389 | 107439 | 127411 | 143464 |
| 11329 | 38506 | 61857 | 86345 | 107900 | 127563 | 143713 |
| 12914 | 48222 | 63227 | 88988 | 108439 | 129378 | 145313 |
| 18802 | 48756 | 64767 | 89432 | 110144 | 131318 | |
| 20813 | 49885 | 68065 | 92474 | 113593 | 133701 | |
| 24007 | 52024 | 74251 | 95541 | 116085 | 135605 | |

**Úttekt hjá ferðaskrifstofu eða verslun, 100.000 kr.**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 2810 | 24519 | 47186 | 68086 | 93225 | 113166 | 133414 |
| 3685 | 25016 | 48604 | 68985 | 93392 | 113517 | 134492 |
| 4535 | 27824 | 49652 | 68990 | 94920 | 114369 | 134833 |
| 4896 | 27908 | 50924 | 70042 | 95043 | 116384 | 135074 |
| 5481 | 28039 | 51624 | 71634 | 95489 | 116421 | 135328 |
| 5665 | 28544 | 53208 | 73966 | 96457 | 119835 | 138196 |
| 8999 | 32392 | 53334 | 74858 | 96697 | 120445 | 139021 |
| 9638 | 32742 | 55889 | 77776 | 97407 | 122096 | 139438 |
| 10172 | 33572 | 55956 | 79879 | 97856 | 124731 | 139651 |
| 10404 | 35511 | 56351 | 80942 | 98337 | 124918 | 140750 |
| 11168 | 36202 | 57509 | 82416 | 100911 | 125662 | 141173 |
| 11694 | 36773 | 58198 | 86165 | 101847 | 126327 | 143981 |
| 12924 | 38973 | 59133 | 86407 | 103032 | 128982 | 145624 |
| 13443 | 40853 | 59198 | 87750 | 103191 | 129144 | 145751 |
| 14550 | 41561 | 59316 | 89611 | 104913 | 129235 | 147129 |
| 17604 | 42281 | 59951 | 89687 | 105115 | 129284 | 148296 |
| 17927 | 43129 | 60062 | 90493 | 105908 | 130259 | |
| 20064 | 44256 | 60793 | 90736 | 106481 | 131728 | |
| 21528 | 44578 | 62285 | 91575 | 109778 | 131750 | |
| 23177 | 46196 | 62388 | 91611 | 110048 | 131804 | |
| 23234 | 46911 | 67622 | 92404 | 111487 | 133234 | |

**Krabbameinsfélagið þakkar landsmönnum veittan stuðning.**

Handhafar vinningsmiða framvísi þeim á skrifstofu Krabbameinsfélagsins að Skógarhlíð 8, sími 540 1900.

Byrjað verður að greiða út vinninga þann 17. janúar nk.

Krabbameinsfélagið

www.krabb.is

# Fer Aron aðrar leiðir en forverarnir?

Í fyrsta skipti frá árinu 1990 er þjálfari íslenska karlalandsliðsins ekki úr skóla Pólverjans Bogdans Kowalczyk. Þorbergur Aðalsteinsson, Viggó Sigurðsson, Alfreð Gíslason og Guðmundur Guðmundsson sóttu allir í smiðju Bogdans en mentor Arons var í Danmörku.

**HANDBOLTI** Þegar flautað verður til leiks á heimsmeistaramótinu í handknattleik 11. janúar má segja að nýtt upphaf hefjist hjá íslenska karlalandsliðinu sem tekur þátt í sínu sautjánda HM. Aron Kristjánsson, einn sigursælasti þjálfari okkar Íslendinga, mun stjórna liðinu í fyrsta skipti á stóra sviðinu í Sevilla og öll þjóðin mun fylgjast með hvernig Hafnfirðingnum reiðir af.



**SKILDI MIKIÐ EFTIR SIG** Bogdan Kowalczyk með Guðjóni Guðmundssyni.

Kröfurnar eru miklar enda hefur liðið á undangengnum árum náð afburðaárangri sem á sér ekki hliðstæðu hjá íslenskum flokkaíþróttamönnum. Forverar Arons í starfi námu allir fræðin hjá þjálfurum úr austurvegi og skal þar fremstan nefna Bogdan Kowalczyk sem markaði dýpri spor í handboltann á Íslandi en nokkur hefur gert sér grein fyrir. Með gjörbreyttum vinnubrögðum hafði hann áhrif á lærisveina sína sem á eftir komu þá Þorberg Aðalsteinsson, Viggó Sigurðsson, Alfreð Gíslason og síðast en ekki síst Guðmund Guðmundsson.

Ekki má gleyma þeim þjálfara sem náð hefur bestum árangri á heimsmeistaramóti til þessa, Þorbirni Jenssyni, sem náði fimmta sætinu í Kumamoto í Japan 1997. Honum til halds og trausts var einhver alsnjallasti þjálfari fyrrum Sovétríkja, Boris Bjarni Akbachev. Skipulagður leikur í vörn sem sókn ásamt öflugum hraðaupphlaupum hafa verið aðalsmerki landsliðsins á undangengnum árum og hafa austur-evrópsk áhrif á leikstíl liðsins verið augljós. Ljóst er að Bogdan hafði mikil áhrif á fyrrum lærisveina sína, þá Viggó, Alfreð og ekki síst Guðmund sem kom landsliðinu í fremstu röð á alþjóðavettvangi. Afrek sem væntanlega seint verður toppað.

Aron Kristjánsson kemur í raun úr allt öðru umhverfi. Hans lærimeistari og mentor var einhver albesti handknattleiksmaður Dana í gegnum tíðina, Anders Dahl-Nielsen. Nielsen þjálfaði danska landsliðið, Flensburg, Skjern og auðvitað KR þar sem hann gerði garðinn frægan á árunum 1983-1984. Aron Kristjánsson lék undir stjórn Danans hjá Skjern og tók síðan við starfi hans hjá félaginu og náði afbragðsgóðum árangri. Það hefur glöggt mátt greina á leikstíl Hauka að þar gætir skandinavískra áhrifa mun meira en hjá forverum Arons með landsliðið.

Það er ljóst að Aron mun fara aðrar leiðir en forverar hans í starfi. Það sást strax í undankeppni Evrópumótsins í haust þegar Íslendingar lögðu Hvít-Rússa og Rúmena. Aron Kristjánsson notaði þar fleiri leikmenn en Íslendingar hafa átt að venjast og minnti mjög á vinnubrögð Ulrik Wilbek, landsliðsþjálfara Dana.

Guðmundur Guðmundsson var íhaldssamur þjálfari. Það var hans stærsti kostur og jafnframt hans mesti galli. Þetta mun Aron reyna að forðast í lengstu lög en hafa ber í huga að íslenska landsliðið hefur orðið fyrir áföllum í aðdraganda mótsins. Tveir af máttarstólpum liðsins, Arnór Atlason og Alexander Petersson, gáfu ekki kost á sér vegna meiðsla. Í þeirra stað munu ungir leikmenn væntanlega fá þau tækifæri sem margir hafa beðið eftir á síðustu árum. Þar skal helsta telja Ólafana þrjá Ragnarsson, Gústafsson og Guðmundsson. Það er ekki sjálfgefið að þessir leikmenn feti í fótspor þeirra sem ekki gáfu kost á sér en einhvern tímann er allt fyrst og þeirra tími er kominn.

Aron Kristjánsson á erfitt verkefni fyrir höndum. Það er ekki einfalt mál að taka við keflinu af sigursælasta þjálfara Íslands fyrr og síðar, Guðmundi Guðmundssyni. Fjórða sætið á Evrópumeistaramótinu árið 2002, silfurverðlaun á Ólympíuleikunum í Peking árið 2010 og bronsverðlaun á EM í Austurríki sama ár. Þetta eru viðmiðin sem nýráðinn landsliðsþjálfari þarf að keppa við og mæla sig við.

gudjon.gudmundsson@365.is

## Landsliðsþjálfarar undir áhrifum Bogdan Kowalczyk



**Guðmundur Guðmundsson**
**2001-2004 og 2008-2012**
**96 sigrar** í 194 leikjum
**55,7%** sigurhlutfall
Best: **2. sæti á ÓL 2008**



**Alfreð Gíslason**
**2006-2008**
**17 sigrar** í 44 leikjum
**43,2%** sigurhlutfall
Best: **8. sæti á HM 2007**



**Viggó Sigurðsson**
**2004-2006**
**21 sigur** í 41 leik
**58,5%** sigurhlutfall
Best: **7. sæti á EM 2006**



**Þorbjörn Jensson**
**1995-2001**
**72 sigrar** í 124 leikjum
**61,3%** sigurhlutfall
Best: **5. sæti á HM 1997**



**Þorbergur Aðalsteinsson**
**1990-1995**
**76 sigrar** í 143 leikjum
**59,4%** sigurhlutfall
Best: **4. sæti á ÓL 1992**



**Bogdan Kowalczyk**
**1983-1990**
**110 sigrar** í 227 leikjum
**52,9%** sigurhlutfall
Best: **6. sæti á ÓL 1984 og HM 1986**



BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
OPIÐ Í DAG 10:00 -19:30
FRÁ KAUPFÉLAGI SKAGFIRÐINGA
FROSIÐ LAMBAFILLET
3498 KR.KG
FRÁ KAUPFÉLAGI SKAGFIRÐINGA
FROSNAR LAMBALUNDIR
4298 KR.KG
KJARNAFÆÐI FERSKT
KRYDDAÐ HEIÐALAMBALÆRI
1479 KR. KG
BEIKON
SKRÚFUR
SOUR CREAM & ONION
HRINGIR
MEÐ SALTI & PIPAR
SKRÚFUR
MEÐ PAPRIKU
ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA
BÓNUS SNAKK
229 KR 160gr
FRÁ KAUPFÉL. SKAGFIRÐINGA
FROSIÐ LAMBALÆRI
1195 KR. KG
298 KR.
BÓNUS FORSOÐNAR ÍSL. KARTÖFLUR 900gr
Norðanfiskur Grafinn lax • Reyktur lax
Lax
2398 KR.KG
GRAFINN LAX
Lax
2398 KR.KG
REYKTUR LAX
ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA
Graflax sósa
298 KR.FL
GRAFLAXSÓSA
350ml
FRANSKUR FROSINN
PRIMS KALKÚNN
1159 KR. KG.
7UP
195
KR. 2 LTR.
Hraun BITAR
GÓU HRAUNBITAR 200gr
195 KR
Doritos
COOL AMERICAN
NACHO CHEESE
SWEET CHILLI PEPPER
195 KR. 165 GR
ENERGY DRINK
ENERGY DRINK SUGAR FREE
95
KR. 500ML
69
KR. 250ML
California RÚSÍNUR
GÓU RÚSÍNUR 500GR
398 KR
ÚTIKERTI
ÍSLENSKT ÚTIKERTI
FRÁ BJARGI OG STÓRUVÖLLUM.
295 KR.
Red Bull
198
KR. 330ML
BÓNUS SÝRÐUR RJÓMI
10% & 18%
149 KR. 185 ML
Sprite
139
KR. 1 LTR.
GLOW
VÖRURNAR
KOMNAR
Í BÓNUS
MIKIÐ
ÚRVAL
HANSA 2 STK. ÚTIKERTI
BRUNATÍMI 4-5 KLST
198 KR.
HANSA ÚTIKERTI STÓRT
BRUNATÍMI CA 10 KLST
498 KR.
BÓNUS EKKERT BRUÐL
Hér færðu veltutengda
VILDARPUNKTA
VISA
Vildarklúbbur

# DAGSKRÁ

## STÖÐ 2 kl. 20.05

### Mið-Ísland í Þjóðleikhúsinu



Uppistand Mið-Íslands hefur heldur betur slegið í gegn. Hér er á ferðinni upptaka af uppistandi hópsins frá því fyrr í haust sem klippt er saman við atriði sem tekin eru baksviðs á meðan á uppistandinu stendur. Hér eru þau Ari Eldjárn, Bergur Ebbi, Dóri DNA, Jóhann Alfreð, Anna Svava og Björn Bragi í feiknastuði sem enginn má missa af.

## Í KVÖLD



### Fellowship of the Ring

**SKJÁR 1 KL. 21.00** Fyrsta myndin í þríleiknum eftir J.R.R.Tolkien í leikstjórn Peter Jackson, Hringadróttinssögu. Hobbitinn Fróði Bagga heldur hér af stað í hættuför til að koma dularfullum hring frænda síns, Bilbó Bagga, aftur til Dómsdagsfjalls. Þetta er lengri og viðameiri útgáfa myndarinnar.

Rotten Tomatoes 92% IMDb 8,8



### Flash of Genius

**STÖÐ 2 KL. 21.40** Greg Kinnear fer með hlutverk prófessorsins og uppfinningamannsins Roberts Kearns. Þegar einn bílarisinn í Detroit stelur af honum byltingakenndri uppfinningu tengdri rúðuþurrkum gerir hann sér lítið fyrir og dregur allan bílaiðnaðinn í borginni fyrir dómstóla. Myndin er byggð á sannri sögu.

Rotten Tomatoes 59% IMDb 6,8



### Forgetting Sarah Marshall

**RÚV KL. 23.15** Jason Segel leikur hryggbrotinn mann sem flýr til Havaí þegar kærastan hans, fræg sjónvarpsstjarna, hættir með honum. Flóttinn missir þó marks þegar sú fyrrverandi er einmitt stödd á sama hóteli í fríi. Kristen Bell, Paul Rudd, Mila Kunis og Russel Brand fara með önnur aðalhlutverk.

Rotten Tomatoes 84% IMDb 7,3

## RÁS 1 — FM 92,4/93,5

**06.36** Bæn **06.39** Morgunþáttur Rásar **1 06.**40 Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Sagnaslóð **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Óskalögin **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Hvað er stjórnun? **14.00** Fréttir **14.03** Tilraunaglasið **15.00** Fréttir **15.03** Smásaga: Kona og kind **15.25** Kveikjan **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Víðsjá um áramót **17.00** Fréttir **18.00** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Jólaboð **20.00** Leynifélagið **20.30** Hvað er málið? **21.00** Friðarstöðvar þjóðskálds **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Litla flugan **23.05** Hringsól **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**08.00 Morgunstundin okkar**
**10.30 Jonas-bræður á tónleikum** *(e)*
**11.45 Hin útvöldu** *(2:2) (De udvalgte)*
**12.45 Kingdom lögmaður** *(2:6) (e)*
**13.35 Sesselja – Að fylgja ljósinu** *(e)*
**14.25 Póstmeistarinn** *(1:2) (Going Postal)* Mynd byggð á sögu Terry Pratchett um svikahrapp sem er blekktur til þess að taka að sér starf póstmeistara.
**16.05 Níundi áratugurinn** *(e)*
**17.00 Jólastundin okkar** *(e)*
**17.35 Bombubyrgið**
**18.15 Táknmálsfréttir**
**18.25 Framandi og freistandi 3** *(1:9) (e)*
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Landsleikur í handbolta** *(Ísland - Túnis, karlar)* BEINT
**21.15 Kúrekar og geimverur** *(Cowboys and Aliens)* Geimverur koma til smábæjar í Arizona árið 1873 og herja á heimamenn. Leikstjóri er Jon Favreau og meðal leikenda eru Daniel Craig, Harrison Ford, Paul Dano og Olivia Wilde. Bandarísk bíómynd frá 2011. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna.
**23.15 Ástarsorg** *(Forgetting Sarah Marshall)* Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna.
**01.05 Arnarauga** *(Eagle Eye)* Jerry og Rachel þekkjast ekki en fá bæði dularfull símtöl frá konu sem þau hafa aldrei hitt. Meðal leikenda eru Shia LaBeouf, Michelle Monaghan, Billy Bob Thornton og Rosario Dawson. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.
**03.00 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.20 Fair Game**
**11.10 Flirting With Forty**
**12.35 Mr. Woodcock**
**14.05 The Nutcracker**
**15.50 Flirting With Forty**
**17.15 Mr. Woodcock**
**18.45 The Nutcracker**
**20.30 Enid**
**22.00 Serious Moonlight**
**23.30 Season Of The Witch**
**01.05 Enid**
**02.35 Serious Moonlight**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Ævintýri Tinna, Tasmanía, Waybuloo.
**08.05 Malcolm in the Middle** *(19:22)*
**08.30 Ellen** *(68:170)*
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 Doctors** *(51:175)*
**10.15 Til Death** *(6:18)*
**10.40 Two and a Half Men** *(3:16)*
**11.05 Masterchef USA** *(9:20)*
**11.50 The Kennedys** *(3:8)*
**12.35 Nágrannar**
**13.00 The Good Witch's Garden** Rómantísk og áhrifamikil mynd um unga konu sem sest að í litlum bæ í Bandaríkjunum og er í óðaönn að koma sér fyrir. Kærastinn hennar og hans börn eru afar glöð að fá hana í hverfið en hún þarf að hafa meira fyrir því að kynnast fólkinu í bænum sem er ekki alveg tilbúið að taka vel á móti henni.
**14.25 Kit Kittredge: An American Girl** Skemmtileg fjölskyldumynd með Abigail Breslin í hlutverki hinnar ráðagóðu Kit Kittredge.
**16.00 Ævintýri Tinna**
**16.25 Waybuloo**
**16.50 Bold and the Beautiful**
**17.10 Nágrannar**
**17.35 Ellen** *(69:170)*
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.26 Veður**
**19.35 Simpson-fjölskyldan** *(17:22)*
**20.05 Mið-Ísland í Þjóðleikhúsinu**
**21.40 Flash of Genius**
**23.40 Rise of the Footsoldier** Hörkuspennandi mynd þar sem sögusviðið er undirheimar í London og fótboltabullurnar eru í aðalhlutverki.
**01.40 Schindler's List** Stórvirki Stevens Spielberg um Oskar Schindler sem réð til sín gyðinga í stórum stíl í seinni heimsstyrjöldinni til að forða þeim frá fangabúðum nasista.
**04.50 Two and a Half Men** *(3:16)*
**05.15 Simpson-fjölskyldan** *(17:22)*
**05.40 Fréttir og Ísland í dag**

## STÖÐ 2 SPORT *besta sætið*

**16.40 Spænski boltinn: Real Madrid – Barcelona**
**18.20 Into the Wind** Stórmerkileg mynd um stutta ævi Terry Fox, sem greindist með krabbamein 18 ára og missti í kjölfarið hægri fót við hné. Hann gafst ekki upp og þremur árum síðar hljóp hann þvert yfir Kanada frá Austurströndinni til Kyrrahafsstrandarinnar. Þegar tveir þriðju leiðarinnar voru að baki greindist hann aftur með krabbamein sem hafði dreift sér í lungun. Hann dó aðeins 22 ára.
**19.15 Unglingamótið í Mosfellsbæ**
**20.00 The Royal Trophy 2012** Útsending frá golfmóti þar sem úrvalslið Evrópu og Asíu eigast við.
**23.00 UFC 121** Útsending frá UFC 121 sem fór fram í október 2010.

## STÖÐ 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**15.00 Sunnudagsmessan**
**16.15 Man. Utd. – Newcastle**
**17.55 Everton – Wigan**
**19.35 Premier League Review Show**
**20.30 Premier League World**
**21.00 Premier League Preview Show 2012/13** Hitað upp fyrir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni.
**21.30 Football League Show 2012/13** Sýndar svipmyndir úr leikjunum í næstefstu deild enska boltans.
**22.00 Stoke – Liverpool**
**23.40 Premier League Preview Show 2012/13**
**00.10 Norwich – Chelsea**

## STÖÐ 2 krakkar

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.00 Könnuðurinn Dóra**
**08.25 Svampur Sveinsson**
**08.45 Doddi litli og Eyrnastór**
**09.00 UKI**
**09.10 Elías**
**09.25 Strumparnir**
**09.45 Latibær** *(6:18)*
**10.10 Ofurhundurinn Krypto**
**10.35 Histeria!**
**11.00 Stöð 2 Krakkar – barnatími**
**17.00 Villingarnir**
**17.20 Ofurmennið**
**17.45 Njósnaskólinn** *(6:13)*

## POPP TÍVÍ

**17.00 Simpson-fjölskyldan** *(3:22)*
**17.25 Íslenski listinn**
**17.50 Sjáðu**
**18.15 Gossip Girl** *(13:25)* Þættir byggðir á samnefndum bókum sem fjalla um líf ungra fordekraðra krakka sem búa á Manhattan í New York.
**19.00 Friends** *(1:23)*
**19.25 Simpson-fjölskyldan** *(7:23)* Samviska Lísu angrar hana eftir að hún svindlaði á prófi.
**19.50 How I Met Your Mother** *(2:24)*
**20.15 The Secret Circle** *(19:22)* Bandarísk þáttaröð um unglingsstúlku sem flytur til smábæjar í Washington og er tekin inn í leynifélag unglinga sem búa allir yfir óvenjulegum hæfileikum.
**21.00 Pretty Little Liars** *(20:25)* Bandarísk þáttaröð um fjórar vinkonur sem búa yfir stóru leyndarmáli.
**21.45 Friends** *(1:23)*
**22.10 The Vampire Diaries** *(19:22)* Bandarísk þáttaröð um ástir unglingsstúlku og stráks sem er í raun vampíra. Hann reynir að lifa í sátt og samlyndi við fólk, ólíkt bróður sínum.
**22.55 Sons of Anarchy** *(6:13)* Önnur þáttaröðin um hinn alræmda mótorhjólaklúbb Sons of Anarchy í bænum Charming í Kaliforníu. Klúbburinn rekur löglegt verkstæði og felur sig á bak við fjölskyldugildi en undir niðri ólgar ólögleg og óvæginn heimur byssuframleiðslu, peninga og ofbeldis.
**23.40 The Secret Circle** *(19:22)*
**00.25 The Vampire Diaries** *(19:22)*
**01.10 Pretty Little Liars** *(20:25)*
**01.55 Sons of Anarchy** *(6:13)*
**02.40 Tónlistarmyndbönd frá Popptíví**

## STÖÐ 2 GULL

**18.15 Doctors** *(101:175)*
**19.00 Ellen** *(69:170)*
**19.45 Það var lagið**
**20.50 Idol-Stjörnuleit**
**21.55 Idol-Stjörnuleit**
**22.20 Entourage** *(10:12)*
**22.50 Það var lagið**
**23.55 Idol-Stjörnuleit**
**01.00 Idol-Stjörnuleit**
**01.25 Entourage** *(10:12)*
**01.55 Tónlistarmyndbönd frá Popp-tíví**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Rachael Ray** *(e)*
**08.45 Dr. Phil** *(e)*
**09.35 Pepsi MAX tónlist**
**15.35 My Big Fat Gypsy Christmas** *(e)*
**16.35 Rachael Ray**
**17.20 Dr. Phil**
**18.10 Survivor** *(8:15) (e)*
**19.00 Running Wilde** *(6:13) (e)*
**19.25 Solsidan** *(6:10) (e)*
**19.50 America's Funniest Home Videos** *(19:48) (e)*
**20.15 Minute To Win It** Einstakur skemmtiþáttur undir stjórn þúsundþjalasmiðsins Guy Fieri. Þátttakendur fá tækifæri til að vinna milljón dollara með því að leysa þrautir sem í fyrstu virðast einfaldar. Josh og Lindsay, kærustupar frá Miðvesturríkjunum, eru innblásin af ást er þau spreyta sig á þrautunum.
**21.00 Lord of the Rings: Fellowship of the Ring** Aðalhlutverkin leika Elijah Wood, Ian McKellen, Viggo Mortensen, Sean Astin, Ian Holm, Liv Tyler og Christopher Lee.
**00.00 Philadelphia** Bandarísk kvikmynd frá árinu 1993. Andy Beckett er samkynhneigður lögfræðingur sem nýtur velgengni þar til veröld hans hrynur eftir að hann greinist með eyðni. Tom Hanks fékk Óskarsverðlaun fyrir túlkun sína á lögfræðingnum.
**02.05 House** *(15:23) (e)*
**02.55 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **07.50** Ryder Cup Official Film **2006** **09.05** The Memorial Tournament **2012** *(3:4)* **12.00** BMW Championship **2012** *(3:4)* **19.05** US Open **2012** *(3:4)* **01.00** ESPN America

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Gestagangur hjá Randver **21.30** Eldað með Holta

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** Kaninn
**FM 102,2** Útvarp Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun




# ÁRAMÓTASPRENGJA!

SPRENGJA!

## AÐEINS EINU SINNI Á ÁRI!

### BRJÁLUÐ TILBOÐ Í ÖLLUM VÖRUFLOKKUM - TAKMARKAÐ MAGN!

-38%
4.990
steelseries
Fullt verð 7.990
Steelseries Ikari optísk leikjamús á dúndur sprengjuverði.

-5.000
9.990
Logitech
Fullt verð 14.990
Logitech H555
Vönduð USB heyrnartól með umhverfishljóðsíu á hljóðnema og hljóðstilli á snúru.

DISKASPRENGJA
19.990
OCZ
120GB Agility 3 SSD diskur með 525MB/s lestrarhraða og 500MB skrifhraða.

-40.000
99.990
acer
Fullt verð 139.990
ACER AV5-571 004. 40.000 króna afsláttur af þessari nettu Intel i3 með Windows 8.

-30.000
159.990
Fullt verð 189.990
Asus K55VJ-SX077H
Ofurtölva. Intel i7 örgjörvi, GeForce GT 635M skjákort og 8GB vinnsluminni.

-41%
9.990
Fullt verð 16.990
COOLER MASTER
Sileo 500. Hljóðeinangraður turnkassi frá CoolerMaster.

-40.000
69.990
Fullt verð 109.990
Fortron Galleon OnLine Rack 15
Brjálaður afsláttur af þessum öfluga varaaflgjafa frá Fortron.

-15.000
44.990
Fullt verð 59.990
A.C.Ryan
A.C. Ryan Android Veolo háskerpu sjónvarpsflakkari.

-200.000
349.990
Fullt verð 549.990
EPSON
Háupplausnar heimabíóvarpi með 3D á 200.000 króna sprengjuafslætti!

-20.000
59.990
Fullt verð 79.990
Shuttle XPC SZ77R5 S1155 Ivy Bridge
Shuttle XPC barebone borðtölva með ótal möguleikum.

-4.000
16.990
Clickfree
Fullt verð 20.990
Stílhreinn 2TB 3,5" USB3 afritunarflakkari með Easy Run afritunarhugbúnaði.

-5.000
12.990
msi
H77MA-G43
Fullt verð 17.990
Allt að 20-50% hraðaukning á skjákortum m.v. Sandy Bridge.

COOLER MASTER
OFURSPRENGJAN
CM Silencio S2.0
Ofur leikjavél með 120 GB SSD diski. Nýji kröftugi 4-kjarna 3.8 GHz AMD Piledriver örgjörvinn, 2GB MSI AMD HD7850 skjákort, 2TB WD SATA3 harður diskur og 8GB 1600MHz vinnsluminni. CoolerMaster Blizzard T2 örgjörvavifta. Hljóðeinangraður Silencio 450 turnkassi og kemur með Windows 8.
159.990

DISKASPRENGJA
WD
12.990
Dúndursprengjuverð. Traustur 1TB harður diskur frá Western Digital.

-30%
13.990
Fullt verð 16.990
COOLER MASTER
CoolerMaster Storm Enforcer
Geggjaður leikjakassi með góðri kæligetu og stuðning fyrir vökvakælingu.








AÐEINS BROT AF TILBOÐUNUM!

OPIÐ TIL KL. 19:00

tl.is

TÖLVULISTINN

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | EGILSSTAÐIR | KEFLAVÍK | SELFOSS | HAFNARFJÖRÐUR |
|---|---|---|---|---|---|
| SUÐURLANDSBRAUT 26 | GLERÁRGÖTU 30 | MIÐVANGI 2-4 | HAFNARGÖTU 90 | AUSTURVEGI 34 | REYKJAVÍKURVEGI 66 |
| Sími 414 1700 | Sími 414 1730 | Sími 414 1735 | Sími 414 1740 | Sími 414 1745 | Sími 414 1750 |

## BÓKIN



**„Uppskriftabókin Heilsuréttir Hagkaupa er bók sem ég nota mikið en Solla á Grænum kosti skrifaði hana. Ég hef mikinn áhuga á hollri matargerð og nota þessa bók til að fá hugmyndir og gera eitthvað nýtt. Það má eiginlega segja að þetta sé hálfgert matarklám.“**

Ásthildur Björnsdóttir hjúkrunarfræðingur og ÍAK einkaþjálfari

# Dustar rykið af leikhliðinni

Garðar Thór Cortes fer með aðalhlutverk í nýjum sjónvarpsþætti sem fer í tökur í sumar í Danmörku.

„Nú læt ég sönginn bíða meðan ég fer í leikinn á fullum krafti,“ segir Garðar Thór Cortes. Hann mun fara með eitt aðalhlutverka í sjónvarpsþætti sem fer í tökur næsta sumar.

Síðast lék Garðar í sjónvarpsþáttunum Nonna og Manna. „Já, en þeir voru teknir upp ´87. Ég er því að dusta rykið af þeirri hlið,“ segir hann. „Ég er þó alltaf að leika í óperum og söngleikjum en það er aðeins annað. Þetta er mikið áhugamál hjá mér og ég fór út í óperuna því þar blandast leikur og söngur,“ segir hann.

Á móti honum leika Anna Svava Knútsdóttir og Tinna Lind Gunnarsdóttir sem eru meðal handritshöfunda ásamt Garðari og Arnóri Pálma Arnarssyni. „Við erum að fara að ferðast um Danmörku í húsbíl. Ég ætla að meika það í uppistandi á dönsku og tek Garðar með,“ segir Anna Svava glöð. „Við erum alveg að pissa í okkur úr hlátri við skrifin. Okkur finnst þetta mesta snilld sem gerð hefur verið.“

Hópurinn hefur þegar skoðað tökustaði í Danmörku. Hann bætir við að þættirnir séu grínþættir. „Þetta verður fyndið enda erum við bæði mjög fyndin en þetta verður samt með alvarlegum undirtóni,“ segir Garðar sem mun halda fyrstu einsöngstónleika sína í langan tíma í Grafarvogskirkju kl. 20 kvöldið 30. desember. - hþt



**GRÍN** Garðar Thór og Anna Svava munu ferðast um Danmörku í húsbíl í sjónvarpsþætti sem fer í tökur næsta sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN






# Með tvö Hollywood-tilboð á borðinu

Ólafi Darra hefur verið boðið hlutverk í bíómynd með Liam Neeson og sjónvarpsþáttum með Woody Harrelson og Matthew McConaughey.

„Það er ofboðslega gaman að fá svona tækifæri og lítast svona vel á verkefnin sem um ræðir eins og raunin er með þessi verkefni,“ segir leikarinn Ólafur Darri Ólafsson.

Ólafur Darri fór með aðalhlutverk í mynd Baltasars Kormáks, Djúpinu, nú fyrr á árinu og hefur í kjölfarið verið uppgötvaður í Hollywood. Nú liggja á borðinu hjá honum tilboð í tvö stór verkefni þar ytra. Annars vegar er hlutverk í bíómyndinni A Walk Among the Tombstones, sem er leikstýrt af Scott Frank og skartar Liam Neeson í aðalhlutverki, og hins vegar í nýjum sjónvarpsþáttum, True Detectives, þar sem Woody Harrelson og Matthew McConaughey eru í broddi fylkingar.

„Þetta er auðvitað alveg frábært lið. Mér finnst Neeson algjörlega æðislegur og hefur fundist það lengi. Ingvar [Sigurðsson] vann með honum í K19 og sagði að þetta væri frábær maður. Ég er búinn að fylgjast með Woody Harrelson alveg síðan í Staupasteini og finnst hann frábær leikari og svo finnst mér McConaughey líka mjög skemmtilegur,“ segir Ólafur Darri.

Bæði verkefnin eru í upptökum á svipuðum tíma og því ekki útséð um hvort hann nái að taka þau bæði að sér þó hann segi það vera drauminn. „Sem betur fer þarf ég ekki að hafa áhyggjur af því heldur liggja umboðsmennirnir mínir í því þessa dagana að láta þetta ganga upp. Það ætti allt að skýrast á næstu dögum,“ segir hann.

Bæði hlutverkin sem eru í boði eru af þokkalegri stærðargráðu en Ólafur má þó lítið um þau segja. „Þetta er allt svo mikið leyndó. Ég kæmi líklega fram í tveimur eða þremur þáttum af True Detectives en þeir verða átta talsins og hver klukkutíma langur. Í myndinni er um að ræða gott aukahlutverk sem ég væri verulega spenntur fyrir í íslenskri bíómynd svo ég er myljandi glaður með það,“ segir hann og hlær.

Hann heldur að öllum líkindum utan í mars en er þó ekki farinn fyrir fullt og allt. „Ég ætla að forðast það í lengstu lög að flytja út. Mig langar að búa hérna heima, hér er fjölskyldan mín og hér er minn heimur,“ segir hann og lofar að snúa aftur á íslenskt leiksvið fyrr eða síðar. tinnaros@frettabladid.is



**MYLJANDI GLAÐUR** Ólafur Darri segist vera myljandi glaður með hlutverkið í kvikmyndinni A Walk Among the Tombstones, enda hefði honum þótt þetta gott hlutverk í íslenskri mynd, hvað þá Hollywood-mynd. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Sýningar á Mýs og menn hætta fyrr



Ólafur Darri fer með annað aðalhlutverkið, hlutverk Lenny, í leikritinu Mýs og menn sem verður frumsýnt í Borgarleikhúsinu á morgun. Hann þarf að halda út til að takast á við Hollywood-hlutverkin í mars, áður en sýningartímabili leikritsins átti að ljúka. „Við samgleðjumst okkar manni auðvitað innilega og gerum allt til að liðka til fyrir honum eins og öðrum listamönnum okkar til að hann geti tekist á við þetta spennandi verkefni. Ólafur Darri er í flokki bestu leikara landsins og því kemur mér alls ekki á óvart að erlendir leikstjórar falist eftir honum,“ segir Magnús Geir Þórðarson, leikstjóri Borgarleikhússins. Innan veggja leikhússins hefur því verið tekin sú ákvörðun að stytta sýningartímabilið og lýkur sýningum á verkinu þann 1. mars. Nú þegar er uppselt á fjölda sýninga og til að mæta þeirri eftirspurn sem er eftir miðum var sýningaráætlun breytt í janúar og febrúar og verður leikritið þá sýnt fimm sinnum í viku.






# Saumaklúbbur sem spilar Stones

Stóns fagnar fimmtíu ára afmæli Rolling Stones með þriggja tíma tónleikum.

„Það er ekki á hverjum degi sem forfeðurnir verða fimmtugir,“ segir Bjarni Sigurðsson, gítarleikari hljómsveitarinnar Stóns. Bandið hefur undanfarin þrjú ár spilað lög hetjanna í Rollings Stones.

Í ár eru fimmtíu ár frá stofnun Rollings Stones og í tilefni þess heldur Stóns sérstaka afmælistónleika á Gauki á Stöng annað kvöld klukkan ellefu. „Þetta verður nærri þriggja tíma prógramm og við spilum svona tæplega þrjátíu lög. Ég held að engin sveit hafi gefið út fleiri smáskífur og slagara en Stones svo það er úr nógu að velja,“ segir Bjarni.

Upphaf hljómsveitarinnar má rekja til tónleikaferðar hljómsveitarinnar Mínus. „Ég var með Rolling Stones í „headphones“ í tónleikarútunni og Bjössi var dansandi og þá sá ég bara allt í einu Mick Jagger birtast. Á svipuðum tíma fann ég alveg eins gítar og Keith Richards átti og þetta vatt upp á sig,“ segir Bjarni. „Þetta er svona saumaklúbburinn okkar. Við erum allir forfallnir fyrir Stóns. Í stað þess að hittast og spila póker spilum við Stóns.“ - hþt



## Hljómsveitin Stóns

- Mick Jagger **(Björn Stefánsson)**
- Keith Richards **(Bjarni Sigurðsson)**
- Bill Wyman **(Karl D. Lúðvíksson)**
- Nicky Hopkins/Ian Stewart **(Birgir Ísleifur Gunnarsson)**
- Charlie Watts **(Frosti Runólfsson)**
- Rocky Dijon **(Krummi)**

# METRO BLAÐRIÐ

YOU AIN'T SEEN NOTHING YET



# Angus borgarinn mættur á Metro

Nú geta Íslendingar loksins fengið heimsklassa hamborgara úr því sem margir telja besta nautakjöt í heimi - Angus.

Metro hefur fengið takmarkaðar birgðir af kjöti af þessu eftirsótta skoska nautakyni. Boðið er upp á þrjár tegundir af Angus hamborgurum, Angus Steakhouse, Angus DeLuxe og Angus Mushroom. Hver um sig er 150 grömm af Angus nautakjöti, ásamt kálblaði, rauðlauk, sósu, Cheddar osti og öðrum kræsingum.

Kunnur matreiðslumeistari segir að Angus nautakjötið sé „syndsamlega gott“ í hamborgara. „Það er eitthvað við þetta skoska nautakyn sem skapar því sérstöðu,“ segir hann. „Angus kjötið er einfaldlega bragðbetra, en um leið afskaplega meyrt.“




## Angus og Connery: Verður ekki skoskara

Líkt og Sean Connery á Angus nautakynið ættir sínar að rekja til Skotlands. Farið var að rækta Angus nautin um miðja nítjándu öldina. Hægt er að rekja uppruna allra Angus nauta til bús Hugh Watson í Aberdeen. Leikarinn Sean Connery er hins vegar fæddur í Edinborg og rekur ættir sínar í skosku hálöndin og til Írlands.















Kim Kardashian

## Stjörnurnar elska skyndibita

„Franskar kartöflur, vel saltaðar.“ Þannig lýsir leikkonan Cameron Diaz uppáhalds skyndibitanum í viðtali við breska blaðið Daily Mirror.

Hún er ekki ein um að elska skyndibitann. Hamborgarar og franskar eru sá skyndibiti sem stjörnurnar nefna oftast, aðspurðar hvernig þær ná sér í orku í annríki dagsins.

Leikkonan Christina Ricci segist aldrei fá nóg af McDonalds. „Eitt sinn fór ég þrisvar sama daginn á McDonalds,“ viðurkenndi hún í viðtali við Huffington Post. Clay Aiken og Jessica Simpson mættu líka á McDonalds, skelltu á sig svuntum og brugðu á leik.

„Sex in the City“ leikkonan Kristin Davis hugsar um línurnar, en lætur eftir sér hamborgara og franskar þegar svo ber undir. Jennifer Love Hewitt sést oft renna við í lúgunni á uppáhalds kaliforníska skyndibitastaðnum á rjómalitaða Bentleyinum sínum.

Megabomban Kim Kardashian er fræg fyrir ást sína á skyndibitastöðum. Hún leggur áherslu á hollan skyndibita og verður ekki svikin ef hún rennir við á Metro – hvort sem er á Suðurlandsbraut eða Smáratorgi.




Félagarnir Adam Assouane og Össur Örlygsson spila tennis á nýju PS leikjatölvunum.

## Nýjar Playstation Vita leikjatölvur komnar í barnahornið á Metro

Nýjustu Vita Playstation leikjatölvurnar eru komnar í barnahornin á Metro á Smáratorgi og Suðurlandsbraut. Þær hafa slegið í gegn, enda er boðið upp á fjöldann allan af nýjustu PS leikjunum. Vita Playstation eru súper hraðar, með snertiskjá og uppfylla kröfur hörðustu leikjaunnenda – hvort sem þeir eru 4 eða 14 ára.



metro



Alda Lára Ragnarsdóttir er einbeitt í einum af nýju PS leikjunum.

## Ostborgarar í brúðkaupsveislunni

Metro fékk ánægjulega pöntun síðastliðið sumar. Óskað var eftir að fá senda 150 ostborgara sem miðnætursnarl í brúðkaupsveislu. Að sjálfsögðu var það lítið mál og svangir brúðkaupsgestirnir tóku sér hlé frá dansinum á miðnætti til að gæða sér á ostborgurum. Uppátækið vakti mikla ánægju veislugesta, enda eru ostborgararnir á Metro herramannsmatur.

### Íslandsmeistari í Metrokeilu

Sigurgeir Örn Sigurgeirsson vaktstjóri á Metro Suðurlandsbraut (og námsmaður) varð stigahæstur í Íslandsmeistaramóti Metrostarfsmanna í keilu nýlega. Sigurgeir valtaði yfir alla hina 65 samstarfsmenn sína með glæsibrag og hlaut Metro bikarinn í sigurlaun.



## Metro spyr

**Hvað sagði kjúklinganaggurinn á Metro við hinn kjúklinganagginn?**





**Valgeir Sveinsson**
*vélstjóri*
„Þú hér? Ég hélt þú hefðir farið í meðferð.“



**Guðlaug Anný**
*leiðbeinandi*
„Við verðum að hætta að hittast svona.“



**Ragnar Ólason**
*verkfræðingur*
„Alltaf sami naggurinn, ég sá þig vera að spá í þessar frönsku.“



**Þórhildur Fjóla**
*fitnessdrottning*
„Hvað tekurðu í bekkpressu?“



**Sigrún Sif Stefánsdóttir**
*sérfræðingur*
„Rosalega ertu mikið chicken að þora ekki í barbecue sósuna.“

# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 **VÍSIR**

**RITSTJÓRN** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

vísir
Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Fjallagarpur á móti flugeldum

„Ég ætla ekki að kaupa flugelda," segir **Páll Ásgeir Ásgeirsson,** ferðafrömuður og höfundur ótal bóka um fjallaferðir og gönguleiðir, á Facebook-síðu sinni. „Loftmengun í Reykjavík tífaldast á gamlárskvöld, drukkið fólk slasar sig og aðra, litadýrðin hverfur fljótlega í púðurreyk og svo liggja flugeldaleifar eins og hráviði um allar götur og garða fram eftir vetri." Hann ætlar þó ekki að láta sitt eftir liggja í stuðningi við björgunarsveitir, sem stundum þurfa að leita að þeim sem villast upp um fjöll og firnindi, heldur leggja inn hjá þeim upphæðina sem annars hefði farið í skoteldana.



### Gull á Þorlák

Meðlimir hljómsveitarinnar **Retro Stefson** fengu snemmbúna jólagjöf í ár. Þeir fengu afhenta gullplötu á Þorláksmessu en plata þeirra hefur selst í um sjö þúsund eintökum.

Platan heitir í höfuðið á sveitinni og hefur fengið einróma lof gagnrýnenda. Þá er hún tilnefnd í sex flokkum til Íslensku tónlistarverðlaunanna. Hljómsveitarmeðlimir geta því vel við unað eftir þetta ár en strax eftir áramót heldur sveitin út fyrir landsteinana til að kynna plötuna á erlendri grundu. Áður kemur hún þó fram á tónleikunum Síðasti sjens í Vodafonehöllinni næsta sunnudagskvöld, 30. desember.

**- óká, áp**



## Mest lesið vísir

1 Var Whitney Houston drepin?
2 Ranabjöllur flugu út úr skápunum
3 Hríðskotabyssur vinsæl jólagjöf í Bandaríkjunum
4 Réðst á kærasta sinn með kúbeini
5 Gekk tugi kílómetra á flóttanum
6 Lýst eftir Stebba þrekvaxna
7 New York Post hefur trú á Gunnari Nelson
8 Matthías var í bústaðnum í nokkra daga
9 Sigmar B. Hauksson látinn





